**NJÁLL ANDERSEN VARAFORMAÐUR SNIGLANNA**

*Bifhjólamenn eru eins og kýrnar að vori*

Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**INDRIÐI KLÆÐSKERI**

## Klæðir Dani á persónulegum nótum

Lokar í Reykjavík, opnar í Kaupmannahöfn

FÓLK 52









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. apríl 2006 — 107. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


# Hækkun efstu hópa fer niður launastiga

**Prófessor segir einstaklingssamninga grafa undan möguleikum á að hafa hemil á verðbólgu. „Breyting sem fylgir alþjóðavæðingu," segir formaður VR.**

**KJARAMÁL** Lilja Mósesdóttir, hagfræðiprófessor á Bifröst, segir miklar launahækkanir vegna einstaklingssamninga eina ástæðu þess að verðbólga hefur aukist mjög mikið það sem af er árinu. „Aðilar vinnumarkaðarins eiga auðveldara með að gera samninga sín á milli um launahækkanir í nafni verðstöðugleika en einstaklingssamningar grafa undan þessu tæki vinnumarkaðarins til að hafa hemil á verðbólgu. Launahækkanir í efstu hópum eru nú að fara niður stigann."

Gunnar Páll Pálsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, segir þetta vissulega setja stýringu efnahagslífsins í meiri vanda og valda því að launaákvarðanir verða dreifstýrðari. En hann bætir við að þetta sé ekki spurning um orsök eða afleiðingu heldur stöðu sem menn standi frammi fyrir. „Þetta er breyting sem fylgir alþjóðavæðingunni, þar sem er ekki val um hvort við tökum þetta upp eða ekki," segir Gunnar Páll.

Gunnar Páll telur einföldun að það sé hægt að stýra þróuninni í miðstýrðum samningum og það sé í raun hin dulda hönd markaðarins sem stýri launamynduninni. „Við sjáum á þróun miðstýrðra samninga að þrátt fyrir að við höfum hækkað laun um 400.000 prósent seinustu 50 árin þá er fólk fjær töxtunum í dag heldur en þá. Vinnumarkaðurinn stillir sig í raun af sjálfur."

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir einstaklingsbundnar hækkanir koma smám saman inn í launavísitöluna.

„Þegar aðilar vinnumarkaðarins gera kjarasamninga eru þeir að gera samninga fyrir mjög stóra hópa og slíkir samningar hafa áhrif á þjóðhagslegar stærðir," segir Vilhjálmur sem telur einstaklingsbundna samninga fremur hafa áhrif á samkeppnisstöðu viðkomandi fyrirtækja en þjóðhagslegar stærðir.

Vilhjálmur segir það vera kjarasamninga sveitarfélaganna sem fyrst og fremst skapi óróleika í láglaunahópum í dag.

-sjá Verðbólgan og ráð bls. 52

**Fimmtugur á Copacabana**

Níunda bók Páls Kristins Pálssonar rithöfundar kemur út í dag á afmælisdegi höfundar.



TÍMAMÓT 28

**Tilfinning verður að tónlist**

Anna S. Þorvaldsdóttir er ungt en afkastamikið tónskáld. Þekkingarþráin drífur sköpunarkraftinn áfram.

MENNING 58

**Mikið undir í Digranesi**

Meistaraefnin í Fram sækja HK heim í Digranes í dag og fari svo að Safamýrarliðið yfirgefi Kópavoginn með tvö stig í farteskinu er liðið komið með níu fingur á Íslandsbikarinn.



ÍÞRÓTTIR 57

**Fræðimaður með fortíð**

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, var áður hljóðmaður hjá Bubba Morthens og Greifunum en síðar klippti hann fréttir á Stöð 2 þar sem hann fékk áhuga á hagfræði. Á þrítugsaldri venti hann sínu kvæði í kross og settist á skólabekk.

MAÐUR VIKUNNAR 18

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SNÓKOMA EÐA SLYDDA** - Í fyrstu verður allhvöss norðan átt á Vestfjörðum og víða norðan til þegar líður á daginn. Snjókoma eða slydda fyrir norðan en yfirleitt úrkomulítið syðra. Léttir til á Vestfjörðum, á Vesturlandi og sunnan til síðdegis.

VEÐUR 4



**SILVÍA NÓTT** Silvía er alþjóðleg stjarna og hefur breytt nafninu sínu úr Nótt í Night.

Silvía Nótt í veðbönkum:

## Spáð 9.-13. sæti í forkeppninni

**EUROVISION** Líkurnar á að íslenska lagið í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva vinni eru metnar 1 á móti 33 hjá vefveðbankanum Paddy Power. Á síðunni OLBG eru líkurnar 1 á móti 44 og lagið það fimmtánda í röðinni af öllum þar.

Gríska lagið þykir sigurstranglegast á báðum veðmálsvefjunum. Það rúmenska vermir annað sætið en það sænska fylgir fast á eftir því rúmenska.

Ef aðeins eru skoðuð þau lönd sem eru í undanúrslitum vermir Ísland níunda til þrettánda sæti með Hollendingum, Írum, Tyrkjum og Armenum á Paddy Powers.

- gag



**MÓTMÆLI** Mjög fjölmennir mótmælafundir gegn einræði konungs hafa verið haldnir undanfarna daga í Nepal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir í Nepal:

## Konungurinn lofar lýðræði

**NEPAL, AP** Konungurinn í Nepal, Gyanendra, lofaði í gærkvöldi að færa völdin þegar í stað aftur í hendur fólksins.

Gyanendra konungur rak ríkisstjórn landsins og tók öll völd í sínar hendur fyrir fjórtán mánuðum og síðan hafa ofbeldisfull mótmæli farið stigvaxandi og hefur yfir tugur manna týnt lífi í þeim átökum seinustu daga og vikur. Í gær sóttu um 150.000 manns mótmælafund í Katmandú þrátt fyrir að algjört útgöngubann ríkti í borginni og að hermönnum væri skipað að skjóta þá sem út færu.

Konungurinn bað ráðamenn sjö helstu stjórnmálaflokkanna að útnefna forsætisráðherra sem allra fyrst, svo hægt væri að koma á „stjórnskipulegu konungsveldi og fjölflokka lýðræði".

- smk


BLAÐIÐ ER AÐEINS ÆTLAÐ BREIÐLEITU FÓLKI

ÖBÍ kynnir nýja hugmyndafræði um eitt samfélag fyrir alla

Fylgstu með á næstu dögum! ÖBÍ


Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn í borgarstjórn Reykjavíkur veturinn 2002:

# Ræddu um nýjan meirihluta

**STJÓRNMÁL** Myndun meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn Reykjavíkur var rædd í desember 2002. Samstarf R-lista flokkanna hékk þá á bláþræði eftir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ákvað að taka sæti á lista Samfylkingarinnar fyrir þingkosningarnar 2003.

Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi segir frá þessu í viðtali við Fréttablaðið í dag en hann hættir í stjórnmálum eftir kosningarnar í næsta mánuði.

„Samstarfið stóð mjög tæpt á þessu augnabliki, svo tæpt raunar að það voru alvarlegar bollaleggingar um að myndaður yrði nýr meirihluti," segir Alfreð í viðtalinu.

Hann ræddi við Sjálfstæðisflokkinn um að nýr meirihluti yrði myndaður ef ekki næðist samkomulag milli R-lista flokkanna um nýjan borgarstjóra en á endanum náðist sátt um Þórólf Árnason.

-bþs / sjá síður 30 og 31



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**MEIRIHLUTA VIÐRÆÐUR FÓRU AF STAÐ** Alfreð Þorsteinsson segir R-lista samstarfið hafa hangið á bláþræði í desember 2002.






## SPURNING DAGSINS?

*Arndís, setti Penninn strik í reikninginn?*

Já, þú getur bókað það en í Iðu eigum við strokleður.

Arndís Sigurbergsdóttir, eigandi bókabúðarinnar Iðu, gagnrýndi það harkalega að bókaávísanirnar sem gefnar voru út vegna Viku bókarinnar voru merktar Pennanum.

Frumvarp um RÚV fer til menntamálanefndar á ný með samkomulagi á þingi:

# Krafist ítarlegri meðferðar

**RÍKISÚTVARPIÐ** Stjórnarliðar og stjórnarandstaðan á Alþingi náðu samkomulagi um að ljúka í gær annarri umræðu um breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins. Frumvarpi menntamálaráðherra var hins vegar vísað til menntamálanefndar á ný að ósk stjórnarandstöðunnar.

Margvíslegar athugasemdir voru gerðar við frumvarpið í annarri umræðu. Meðal annars var deilt á þá þingmenn Sjálfstæðisflokkins sem á fyrri stigum hafa lýst áhuga á og flutt tillögur um að selja Ríkisútvarpið.

Jónína Bjartmars, Framsóknarflokki, aftók að Framsóknarflokkurinn myndi standa að sölu á hlutafélagi um Ríkisútvarpið.

Fyrir liggur sameiginleg frávísunartillaga stjórnarandstöðunnar, en hverfandi líkur eru á að hún nái fram að ganga.

Mörður Árnason, Samfylkingunni, sagði að þegar málið kæmi á ný fyrir menntamálanefnd þyrfti að ræða um réttindi starfsmanna RÚV, fjárhagsstöðu RÚV og fá fréttir af því hvernig búið yrði um hnúta svo að ekki yrði stofnað nær gjaldþrota hlutafélag. Einnig yrði að kalla til fulltrúa Samkeppniseftirlits og Ríkisendurskoðunar til að ræða innra og ytra eftirlit með rekstri og fjölmiðlun eftir hlutafélagavæðingu RÚV, en eftir því hefði verið kallað af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA. - jh



**JÓNÍNA BJARTMARS, FRAMSÓKNARFLOKKI** Ríkisútvarpið verður ekki selt meðan Framsóknarflokkurinn ræður þar nokkru um segir Jónína.

Met sett á gjaldeyrismarkaði:

# Krónan snýr við og styrkist

**VIÐSKIPTI** Krónan styrktist um 2,15 prósent í gær eftir samfelldar lækkanir að undanförnu. Námu viðskipti alls 51,5 milljörðum króna sem er met á gjaldeyrismarkaði.

Miklar sveiflur voru innan dags, veiktist krónan við upphaf markaða og fór hæst í gildið 138 en sú lækkun gekk fljótt til baka og gott betur en það. Endaði gengisvísitalan í 132,6 stigum.

„Færa má rök fyrir því að raungengi krónunnar sé að nálgast jafnvægi og að frekari veiking sé ekki réttlætanleg út frá hagfræðilegum sjónarmiðum," segir í hálf fimm fréttum KB banka. - eþa



**BÍLASTÆÐI VIÐ WORLD CLASS**

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Segist hafa orðið fyrir árás

**DÓMSMÁL** Síbrotamaður, sem barði bíleiganda með hafnaboltakylfu fyrir framan World Class í í Reykjavík, segir fórnarlambið hafa ráðist fyrst á sig. Maðurinn er ákærður fyrir líkamsárás og fjölda innbrota í bíla og aðra líkamsárás.

„Hann reif af mér kylfuna, lamdi mig í klessu, settst ofan á mig og hringdi á lögregluna," sagði síbrotamaðurinn í héraðsdómi í gær.

Bíleigandinn sagðist hafa heyrt brothljóð þegar hann kom úr leikfimi 30. nóvember. Hann hafi séð manninn með kylfuna. „Þá kemur hann að mér og slær mig í andlitið, milli auganna. Ég vankaðist."

Tveir menn komu honum til hjálpar og lögreglan mætti stuttu síðar á vettvang. - gag

Danskir leikskólakennarar:

# Gleymdu barni

**DANMÖRK** Fjórir starfsmenn vöggustofu í Árósum hafa fengið áminningu fyrir að gleyma tveggja ára gömlu barni er þeir lokuðu að loknum vinnudegi, að því er fram kemur á fréttavef danska blaðsins Politiken á fimmtudag.

Drengurinn var úti í afgirtum garði þegar starfsfólkið lokaði vöggustofunni fyrir hefðbundinn lokunartíma, í þeirri trú að búið væri að sækja öll börnin. Móðir drengsins kom skömmu síðar að læstum dyrum, og hafði drengurinn verið án eftirlits í fimm tíma þegar hún loksins fékk hann aftur.

Starfsfólkið fær allt að halda vinnunni, en lögreglan hefur ekki lagt fram ákæru á hendur því. - smk

# Hjúkrunarfræðingar senda neyðarkall

**Skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum nær nú til allra deilda sjúkrahússins. Læknar eru hlutfallslega fleiri hér en hjá frændþjóðum segir heilbrigðisráðherra sem telur að óhöpp hafi ekki orðið enn vegna manneklu.**

**MANNEKLA** Heilbrigðisráðherra segir að athuganir leiði í ljós að engin bein óhöpp eða önnur slík tilvik væri með óyggjandi hætti hægt að rekja til skorts á starfsfólki eða vinnuálags á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

Skortur á hjúkrunarfræðingum er alvarlegt og vaxandi vandamál ekki aðeins á Íslandi sagði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra í utandagskrárumræðum um manneklu á Landspítalanum í gær.

Jóhanna Sigurðardóttir, Samfylkingunni, var málshefjandi í utandagskrárumræðum og spurði ráðherra hvort brygðist yrði við neyðarópi hjúkrunarfræðinga. Þeir væru að kikna undan vinnuálagi og óviðunandi aðstæðum og ynnu störf sín nú undir öryggismörkum. Mistök yrðu þar með óhjákvæmileg. Þá væri fyrirsjáanlegur skortur á hjúkrunarfræðingum í náinni framtíð og nauðsynlegt væri að útskrifa 140 ár hvert en ekki 118 eins og nú væri gert. Jóhanna spurði einnig hversu mikil þjónusta hefði verið keypt af hjúkrunarfræðingum í einkarekstri og hver launamunurinn væri á milli þeirra og hinna sem störfuðu hjá LHS.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Heilbrigðisráðherra sagði að þegar væru hafnar aðgerðir til þess að bæta starfsumhverfi og draga úr starfsmannaveltu. Hún hefði einnig rætt við menntamálaráðherra um leiðir til þess að fjölga námsplássum fyrir hjúkrunarfræðinga en eftirspurn væri næg eftir slíku námi.

Um verktakaþjónustu sagði Siv að á síðasta ári hefði verið keypt vinna fyrir liðlega 53 milljónir króna sem væri aðeins um 1 prósent af heildarveltu LHS. Þuríður Backman, þingmaður VG, sagði að nú vantaði 100 hjúkrunarfræðinga og skorturinn væri nú ekki aðeins bundinn við tvær deildir sjúkrahússins heldur allar. „Sjúkraliðar eru ekki síður undir miklu álagi og erfitt að fá fleiri til starfa... Það verður að hafa samráð við þessa aðila."

Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, sagði að útgjöld hér á landi til heilbrigðismála hefðu vaxið hraðar en annars staðar. Það gengi ekki og kenndi hann opinberum rekstri um. Taldi Pétur að stétt lækna væri yfirmönnuð. Þeim mætti fækka en fjölga í öðrum.

johannh@frettabladid.is





**SHIRIN EBADI** Nóbelsverðlaunahafinn segir að íhlutun Bandaríkjanna í Íran muni ekki bæta ástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Friðarverðlaunahafinn Ebadi:

# Innrás í Íran bætir ekkert

**PARÍS, AP** „Við munum ekki leyfa bandarískum hermanni að stíga fæti á land í Íran," segir Shirin Ebadi, íranski kvenréttindafrömuðurinn sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2003. „Við munum verja land okkar til síðasta blóðdropa."

Hún sagði að engum stafi hætta af kjarnorkuáformum Írana, en hvatti jafnframt til lýðræðisumbóta í Íran. Hún tók þó fram að þær umbætur gætu einungis komið frá íbúum landsins.

„Íhlutun bandaríska hersins mun ekki bæta ástandið - reynslan frá Írak hefur sýnt það," sagði hún. - gb

Litlar skemmdir:

# Jarðskjálfti skekur Síberíu

**RÚSSLAND, AP** Jarðskjálfti sem mældist 7,7 á richterskala reið yfir Kamchatka-skaga í Austur-Rússlandi skömmu eftir miðnætti aðfaranótt föstudagsins. Í kjölfar hans reið yfir hrina af minni skjálftum, sem mældust allt að 6,1 á richter. Eingöngu um 12,000 manns búa á svæðinu, og höfðu litlar fregnir borist af slysum á fólki síðdegis í gær. Ljóst var að um nokkrar skemmdir á mannvirkjum var að ræða, sem þó virtust minniháttar, en skjálftinn olli því að símasambandslaust varð á svæðinu.

Skjálftinn var sá stærsti í þessum hluta Rússlands í rúma öld, eða síðan árið 1900. - smk


BÍLL DAGSINS

SSANGYOUNG REXTON RX

Nýskr 08.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Bandaríkin birta lista yfir fanga í Guantanamo:

# Lögmenn krefjast skaðabóta

**AFGANISTAN, AP** Eftir að bandarísk stjórnvöld birtu lista yfir nöfn og ríkisföng 558 fanga, sem hafa verið í haldi í fangabúðum Bandaríkjahers í Guantanamo á Kúbu, hafa viðbrögð frá heimalöndum þessara fanga ekki látið á sér standa.

Í Sádi-Arabíu sagði til dæmis lögmaður, sem starfar fyrir ættingja sádiarabískra fanga í Guantanamo, að hann byggist við því að Bandaríkin létu 120 Sádi-Araba lausa. Jafnframt myndi hann og fleiri lögmenn í Sádi-Arabíu krefjast skaðabóta frá Bandaríkjastjórn fyrir hönd fanganna, sem setið hafa árum saman í fangelsi á Kúbu.

Bresk stjórnvöld krefjast þess einnig að breskir ríkisborgarar verði látnir lausir, en þeir hafa setið árum saman í fangelsi án þess að ákæra á hendur þeim hafi verið birt.



**FRÁ FANGABÚÐUM BANDARÍKJAHERS Í GUANTANAMO Á KÚBU** Nú eru um það bil 480 fangar í haldi Bandaríkjahers á Kúbu, en langflestum þeirra hafa aldrei verið birtar neinar ákærur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þá sagðist friðar- og sáttanefndin í Afganistan ætla að senda fulltrúa sína til Guantanamo til að ganga úr skugga um að afgönsku fangarnir þar hljóti mannúðlega meðferð.

Frá Kína heyrðist á hinn bóginn krafa um að hópur aðskilnaðarsinna frá Uighur-héraði yrði afhentur kínverskum stjórnvöldum, sem hyggjast draga þá fyrir dóm fyrir hryðjuverkastarfsemi.

Ættingjar margra fanganna hafa ekki haft neinar spurnir af þeim fyrr en listinn birtist, og jafnvel ekki vitað hvort þeir væru lífs eða liðnir.

- gb



**Íslensk blóm hollenskt verð**

| | |
|---|---|
| 10 Rósir | 999 |
| 5 Liljur | 999 |
| 5 Krýsi | 999 |
| Heimilisvendir | 699 |
| Hawairós | 999 |
| Orkideur | 999 |
| Begonía | 699 |
| Iðna Lisa | 699 |

# Blómamarkaður

*í upphafi sumars*



**Sýpris** 100 sm og **leirpottur**

**999**

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 19.4.2006**

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 77,36 | 77,72 |
| Sterlingspund | 138,1 | 138,78 |
| Evra | 95,46 | 96,95 |
| Dönsk króna | 12,794 | 12,868 |
| Norsk króna | 12,206 | 12,278 |
| Sænsk króna | 10,249 | 10,309 |
| Japansk jen | 0,6612 | 0,665 |
| SDR | 112,62 | 113,3 |

*Gengisvísitala krónunnar*

133,012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Norsk skýrsla um veiðar í Barentshafi:

# Saka Rússa um grófa ofveiði

**OSLÓ, AP** Gróf ofveiði rússneskra togara í Barentshafi stefnir fiskistofnum á þeim slóðum í voða og þar með lifibrauði þeirra sem gert hafa út á nýtingu þessara stofna. Að þessari niðurstöðu er komist í nýrri norskri skýrslu.

Í ársskýrslu fiskveiðimálastjórnar Noregs er því haldið fram að rússneskir togarar hafi á árinu 2005 veitt nærri því 50 prósent umfram kvóta af þorski og um 70 prósent umfram kvóta af ýsu.

Talsmenn Grænfriðunga í Noregi sögðu að verðmæti umframaflans næmi um tveimur milljörðum norskra króna, yfir 20 milljörðum íslenskra.



**RÚSSNESKUR TOGARI** Togarinn Elektron, sem norska strandgæslan reyndi að stöðva í Barentshafi í október. NORDICPHOTOS/AFP

Engin formleg viðbrögð við skýrslunni komu frá rússneskum yfirvöldum á fimmtudag, en Itar-Tass-fréttastofan hafði eftir Mikhaíl Kamynín, talsmanni utanríkisráðuneytisins í Moskvu, að rétt væri að rússneskir togarar hefðu ekki allir virt settar reglur um veiðar á umræddu hafsvæði. Rússar og Norðmenn deila enn um lögsögumörk í Barentshafi en hafa samt getað komið sér saman um árlegan kvóta á veiðar þar. **- aa**

Taxti leigubíla verður frjáls:

# Þýðir upplausn fyrstu dagana

**SAMKEPPNISMÁL** „Niðurstaðan er sú sem við áttum von á og við munum funda í kjölfarið en það er fyrirséð að það verði upplausn fyrstu dagana eftir að þetta tekur gildi," segir Hjalti Hafsteinsson, stjórnarmaður í Frama, félagi leigubílstjóra.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti í vikunni úrskurð Samkeppniseftirlitsins þess efnis að frá og með fyrsta maí yrði taxti leigubílstjóra gefinn frjáls. Leigubílstjórar kærðu úrskurðinn en þeir telja ýmis vandkvæði því fylgja að leyfa hverjum og einum bílstjóra að ákveða taxta sinn að geðþótta. **- aöe**



**ELÍSABET DROTTNING** Henni var vel fagnað af mannfjöldanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bretadrottning áttræð:

# Meðal fólksins

**LONDON, AP** Í tilefni af áttræðisafmæli sínu í gær fór Elísabet Bretadrottning gangandi um götur Lundúnaborgar stundarkorn til þess að gefa mannfjöldanum færi á að hitta sig. Henni var óspart fagnað með innilegum árnaðaróskum.

Meðal afmælisgjafa sem hún fékk afhentar má nefna hafnaboltahúfu, drykkjarkönnu og hundruð blómvanda sem fólk rétti henni. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Húsleit í Reykjanesbæ** Nokkur tæki til fíkniefnaneyslu og lítilræði af hassi fundust við húsleit lögreglu í Reykjanesbæ. Málið telst upplýst.

**Ölvaður á vélhjóli** Árekstur varð milli bifhjóls og bifreiðar á Hafnargötu í Keflavík um sjöleytið í fyrrakvöld. Ökumaður bifhjólsins er grunaður um ölvun við akstur. Minniháttar tjón varð og engin slys.

**Með hass í bílnum** Lögreglan stöðvaði bifreið í Garðinum og voru mennirnir í henni grunaðir um fíkniefnamisferli á sumardaginn fyrsta. Við leit í bifreiðinni fundust tveir hassmolar.

**Ók of hratt í Njarðvík** Ökumaður var kærður fyrir hraðakstur á Njarðarbraut í Njarðvík þar sem hann ók á 77 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er fimmtíu. Annar ökumaður var kærður fyrir að aka sviptur ökuréttindum.



**JAWAD AL-MALIKI** Sjía-múslimar náðu samkomulagi í gær um að al-Maliki verði forsætisráðherra Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Arftakinn fundinn

**Jawak al-Maliki verður tilnefndur forsætisráðherra í Írak í staðinn fyrir Al-Jaafari, sem lét undan þrýstingi í gær og sagði af sér. Tilnefningin verður borin undir þingið í dag.**

**BAGDAD, AP** Bandalag sjía-múslima á þinginu í Írak kom sér í gær saman um að Jawad al-Maliki taki við af Ibrahim al-Jaafari sem forsætisráðherra landsins. Al-Jaafari lét undan þrýstingi í gær og sagðist ekki lengur gera kröfu til þess að sitja áfram í embætti annað kjörtímabil, en andstaða bæði súnní-múslima og kúrda við hann hefur verið meginrót stjórnarkreppunnar í Írak undanfarna mánuði.

Al-Maliki er náinn samstarfsmaður al-Jaafaris, en báðir eru þeir í sama stjórnmálaflokki, Dawa, sem er einn af þeim sjö flokkum sem standa að bandalagi sjía-múslima á þinginu. Einn af þessum sjö flokkum, SCIRI stóð þó ekki að samkomulaginu, með þeim rökum að ólíklegt væri að súnní-arabar myndu styðja Al-Maliki.

Til þess að valið á Al-Maliki teldist gilt þurfti einungis stuðning fimm af sjö flokkum sjíabandalagsins, en óneitanlega veikir það stöðu arftakans að SCIRI er einn af stærstu flokkum bandalagsins.

Í dag ætla sjíar síðan að leggja málið undir þjóðþingið. Þótt sjíaflokkarnir sjö hafi meirihluta á þinginu þá þarf samþykki bæði kúrda og súnní-múslima til þess að forsætisráðherrann geti myndað ríkisstjórn.

Í gær náðu meginfylkingarnar þrjár, sjíar, súnníar og kúrdar, þó samkomulagi um önnur helstu embætti þingsins. Samkvæmt þessu samkomulagi verður Jalal Talabani, sem er kúrdi, áfram forseti landsins þetta kjörtímabil, súnní-arabinn Tareq al-Hashemi og sjía-músliminn Adil Abdel-Madi verða varaforsetar. Þá verður súnní-músliminn Mahmoud al-Mashhadani þingforseti, en varaþingforsetar verða Khalid Attiya, sem er sjíi, og Aref Tayfour, sem er kúrdi.

Al-Maliki er einn af helstu leiðtogum Dawa-flokksins. Hann hefur meðal annars stjórnað nefnd sem sá um að koma félögum úr Baath-flokki Saddams Husseins burt úr valdaembættum hjá bæði ríkinu og hernum.

Búast má við að margir súnní-múslimar eigi af þeim sökum erfitt með að sætta sig við hann, enda voru félagar í Baath-flokknum flestir súnníar.

gudsteinn@frettabladid.is



## Stjórnarkreppa

**15. desember**
Þingkosningar haldnar í Írak. Bandalag sjía-múslima hlýtur 130 af 270 þingsætum. Stjórnarmyndunarviðræður hefjast um sameiginlega stjórn sjía-múslima, súnní-araba og kúrda.

**12. febrúar**
Ibrahim al-Jaafari kosinn forsætisráðherra með eins atkvæðis mun. Bæði súnní-arabar og kúrdar hafna honum og kenna honum um vaxandi ofbeldi í landinu.

**22. febrúar**
Sprenging í Askarija moskunni, helsta helgidómi sjía í Samarra, leiðir af sér hefndarárásir gegn súnníum.

**16. mars**
Þingið kemur saman en nær ekki samkomulagi um stjórnarmyndun og þingi er frestað.

**7. apríl**
Ofbeldisaldan undanfarinn mánuð hafði kostað 1.000 óbreytta borgara lífið.

**21. apríl**
Bandalag sjía-flokka kemur saman til að velja forsætisráðherraefni sitt. Fyrir valinu verður Jawad al-Maliki.






Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**KÓLNANDI NORÐAN TIL Í DAG**
Skammvinn norðanátt er í kortum dagsins. Nú fyrir hádegi verður allhvass vindur á Vestfjörðum með snjókomu eða éljum. Vindurinn og úrkoman færa sig svo austur með Norðurlandinu og þar kólnar þegar líður á síðdegið og kvöldið. Syðra má búast við einhverri vætu fram yfir hádegi en svo léttir til.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðan 5-10. Stöku skúrir fyrir hádegi en síðan léttir til. Hiti 1-3 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Víðast 8-13 m/s.

*» mánudagur*



Hæg, suðaustlæg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C heiðskírt | París | 22°C hálfskýjað | Alicante | 21°C hálfskýjað |
| Osló | 10°C hálfskýjað | Berlín | 15°C skúrir | Mílano | 19°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 12°C hálfskýjað | Frankfurt | 19 °C rigning | New York | 11°C rigning |
| Helsinki | 5°C hálfskýjað | Madríd | 17°C skúrir | San Francisco | 16°C þrumur |
| London | 17°C léttskýjað | Barcelona | 19°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 31°C þrumur |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Afnemum VSK af öllum fatnaði

**TAX FREE DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.



**Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.**

**Á laugardaginn 22. apríl og sunnudaginn 23. apríl afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir 21-23. apríl

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSI

*Ætlarðu að eyða sumarleyfinu í útlöndum?*

| | |
|---|---|
| já | 42,9 |
| nei | 57,1 |

*Myndir þú kjósa þjóðernisflokk?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Leitin að flaki Goðafoss gengur samkvæmt áætlun:

# Kafarar komnir á slóðina

**KÖFUN** „Við höfum fundið sjö metra langan hlut sem gæti verið úr flakinu en gæti reyndar einnig verið eitthvað allt annað,“ segir Jón Eggert Guðmundsson líffræðingur, en hann leiðir hóp manna sem leitað hafa að flaki Goðafoss sem sökk á Faxaflóa eftir kafbátaárás í seinni heimsstyrjöld.



**GOÐAFOSS** Eitt síðustu skipanna sem þýskir kafbátar sökktu í seinni heimsstyröldinni var þetta íslenska farþegaskip á heimleið frá Bandaríkjunum.

Leitarmenn telja sig hafa komist á sporið og tekist að staðsetja nokkuð nákvæmlega hvar flakið liggur með tölvuútreikningum en hingað til hefur veður aftrað því að hægt væri að ganga úr skugga um það. Hefur meðal annars fundist sjö metra langar hlutur á þeim stað sem líklegur þykir og segir Jón ekki útilokað að sá hlutur sé úr Goðafossi. „Flakið er að líkindum ekki í heilu lagi heldur í nokkrum hlutum og ekki er útilokað að um sé að ræða reykháf eða vélarhluta. En auðvitað gæti þetta allt eins verið klettur en úr því fáum við vonandi skorið með því að kafa þegar veður leyfir.“

Goðafoss var á leið frá Bandaríkjunum þegar á hann var ráðist. Hafði skipstjórinn stöðvað skipið til að aðstoða skipbrotsmenn olíuskipsins Shirvan, sem kafbátur hafði sökkt, þegar sami kafbátur grandaði skipinu. Talið er að tæplega fjörutíu hafi farist en þar af voru tæplega tuttugu skipbrotsmenn sem tekist hafði að bjarga. - aöe

Flutningabíll valt á Ströndum:

# Farþegi fékk skurð á höfuð

**LÖGREGLA** Farþegi í flutningabíl fékk skurð á höfuð og hruflaðist í andliti þegar bíllinn valt við bæinn Kirkjuból í Steingrímsfirði. Hann slapp við frekari meiðsl en var fluttur til læknis á Hólmavík. Bílstjórinn slapp ómeiddur.

Bíllinn var á suðurleið með tuttugu tonn af rækju þegar hann valt. Vegurinn lokaðist stórum flutningabílum og þurfti að fá sérstakan tækjabíl til að færa flutningabílinn af veginum. Tækjabíllinn kom norður um átta leytið í gærkvöldi og var vegurinn fær stuttu síðar.

Valdimar Guðmundsson, varðstjóri lögreglunnar á Hólmavík, segir orsakir slyssins ekki ljósar. - gag





Krít 30. apríl
39.990 kr. 22 nætur.
Netverð á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Brottför 30. apríl.
Innifalið: Flug, gisting í stúdíói á Skala, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Benidorm 29. apríl
40.770 kr. 18 nætur.
Netverð á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Brottför 29. apríl.
Innifalið: Flug, gisting á Hally, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira 5. maí
38.650 kr. 18 nætur.
Netverð á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman. Brottför 5. maí.
Innifalið: Flug, gisting á Elimar, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið
Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100




**FÍKNIEFNADEILDIN AÐ STÖRFUM** Fíkniefnadeildin hefur haft í nógu snúast það sem af er ári. Aldrei hefur jafn mikið magn af fíkniefnum verið gert upptækt á þessu tíma árs. Lögreglan rannsakar nú stórfelldan innflutning á amfetamíni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Umfangsmikil glæpastarfsemi

**Lögreglan vinnur enn að rannsókn á innflutningi á meira en tuttugu kílóum af fíkniefnum. Árið 2002 hafði lögreglan rökstuddan grun um að Ársæll Snorrason, einn mannanna sem er í gæsluvarðhaldi, hefði banað Valgeiri Víðissyni.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Lögreglan í Reykjavík hefur undanfarna daga rannsakað umfangsmikið fíkniefnamisferli, Ólafs Ágústs Ægissonar, Ársæls Snorrasonar, Harðar Hilmarssonar og Hollendingsins Johans Handrick. Mennirnir eru allir um og yfir fertugt en Ólafur Ágúst er sá eini sem hlotið hefur fangelsisdóm fyrir fíkniefnamisferli áður. Hann var dæmdur í níu ára fangelsi árið 2000 fyrir þátt sinn í stóra fíkniefnamálinu

Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, tollgæslan og sérsveit ríkislögreglustjóra unnu í sameiningu að því að handsama þrjá af mönnum fjórum er þeir voru að losa efnin úr fölskum bensínstanki bifreiðar sem flutt var til landsins frá Hollandi. Mennirnir voru staðnir að verki að kvöldi skírdags, 14. apríl, en lögreglan hafði fylgst með ferðum mannanna í tæpar þrjár vikur eða frá því að starfsmaður tollgæslunnar fann efnin í notaðri bifreið í Sundahöfn. Bifreiðin var afgreidd úr tollinum 11. apríl, þremur dögum áður en lögreglan lét til skarar skríða gegn mönnunum í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi.

Margt bendir til þess að málið sé eitt umfangsmesta fíkniefnamál sem upp hefur komið á Íslandi. Aldrei hefur áður verið lagt hald á jafn mikið magn fíkniefna í einu.



**HÖRÐUR JÓHANNESSON**

Tveir menn til viðbótar voru handteknir skömmu eftir að mennirnir fjórir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Mönnunum tveimur var sleppt að loknum yfirheyrslum en tengsl þeirra við þá sem eru í gæsluvarðhaldi þóttu grunsamleg.

Lögreglan hefur varist allra frétta af málinu. Hörður Jóhannesson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir rannsókn málsins vera í farvegi sem miði að því að upplýsa alla þætti málsins en líklegt þykir að þessi stórfelldi fíkniefnainnflutningur sé hluti af umfangsmikilli fíkniefnastarfsemi mannanna fjögurra. „Rannsókn málsins miðar ágætlega en ég get ekkert upplýst um efnisatriði málsins að svo stöddu. Við verðum, eðli málsins samkvæmt, að haga upplýsingagjöf í málinu eftir rannsóknarhagsmunum.“ Ársæll Snorrason var framseldur hingað til lands frá Hollandi árið 2002 þar sem lögreglan hafði rökstuddan grun um að hann hefði átt þátt í því að Valgeir Víðisson var drepinn árið 1994.

Lögreglan fór fram á gæsluvarðhald yfir Ársæli eftir að ónafngreindur maður gaf sig fram við lögreglu árið 2000 og sagðist hafa vitneskju um það að Ársæll „hefði banað Valgeiri með barsmíðum í bílageymslu við Lækjargötu,“ eins og segir orðrétt í rökstuðningi lögreglu fyrir beiðni um gæsluvarðhald yfir Ársæli.

Ársæli voru að lokum dæmdar bætur vegna gæsluvarðhalds að ósekju þar sem ósannað þótti að hann hefði banað Valgeiri. Mál Valgeirs Víðissonar er enn óupplýst.

magnush@frettabladid.is

Vinstri grænir á Akureyri vilja efla ferðaþjónustuna í bænum:

# Ylströnd og eyja á Pollinum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Baldvin H. Sigurðsson, verðandi oddviti vinstri grænna á Akureyri, vill að Akureyrarbær og einkaaðilar taki höndum saman með það fyrir augum að skapa fjölda nýrra starfa við ferðaþjónustu á Akureyri. Á meðal nýjunga sem Baldvin vill sjá hrint í framkvæmd er ylströnd við Leirutjörn, eyja á Pollinum og lifandi miðaldaþorp í Gásum í Eyjafirði.



**BALDVIN H. SIGURÐSSON** Verðandi oddviti VG á Akureyri telur að hægt sé að fjölga ferðamönnum á Akureyri til muna og fá þá til að staldra lengur við í bænum en þeir nú gera.

„Hefðbundinn iðnaður á erfitt uppdráttar á Akureyri vegna mikils flutningskostnaðar til og frá höfuðborgarsvæðinu. Sóknarfæri Akureyringa felast því ekki síst í eflingu ferðaþjónustunnar og ég vil að bærinn leggi fram fjármuni í því skyni,“ segir Baldvin.

Kostnaður við ylströnd og eyju í Akureyrarpolli yrði óverulegur að mati Baldvins. „Brú á að liggja frá landi og út í eyjuna og þar eiga ferðamenn að geta fengið leigðar stangir, grillað afla sinn í eyjunni og keypt meðlæti í litlu þjónustuhúsi. Varðandi ylströndina vil ég að Leirutjörn verði hólfuð og heitavatnsaffall frá húsunum í nágrenninu notað til að hita upp vatnið,“ segir Baldvin. - kk



20. - 24. apríl

# Vorútsala

í Smáralind

## 15-50% afsláttur af völdum vörum

**Komdu og gerðu frábær kaup fyrir sumarið!**




**Sumarsýningin Vorboðinn 2006**
**er í fullum gangi í Vetrargarðinum**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000



**1** Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós að landnámsmenn settust að í Reykjavík í síðasta lagi hvaða ár?

**2** Fyrrverandi þingmaður telur stofnun þjóðernisflokks tímabæra á Íslandi. Hvað heitir maðurinn?

**3** KR-ingum hefur vegnað verr en spáð var í deildarbikarkeppninni í knattspyrnu. Hver þjálfar KR?

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Félagsmálaráðherra bregst við gagnrýni foreldra langveikra barna:

# Athugar umfangið í heild

**FÉLAGSMÁL** Félagsmálaráðherra ætlar að bregðast við framkominni gagnrýni foreldra langveikra barna vegna nýsettra laga um greiðslur til þeirra.

Foreldrarnir hafa lýst sárum vonbrigðum að greiðslurnar nái aðeins til þeirra sem eigi börn sem greind eru eftir 1. janúar 2006. Aðrir fái ekki neitt.

„Ég mun ræða við framkvæmdastjóra Umhyggju, hagsmunafélags langveikra barna, strax eftir helgina,“ segir Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra.

Ráðherra bendir á að lögin sem slík séu mikið framfararskref, sem hann hafði lagt áherslu á að koma í gegn um þingið. Þar með hafi ísinn verið brotinn í þeim efnum að koma til móts við foreldra langveikra barna. Lögin séu samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnar og stjórnarflokkana og ekki um afturvirkni að ræða.

„Lögin eru nýsamþykkt og því of snemmt að ræða einhverjar breytingar á þeim að svo komu máli,“ segir ráðherra. „En ég ætla mér að fara yfir stöðuna og athuga hver hún er eftir gildistöku laganna. Meðal annars verður athugað hversu mikið umfang er á þessu máli í heild sinni.“

-jss



**FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Hittir framkvæmdastjóra Umhyggju eftir helgina.

Landssamband kúabænda:

# Vill vita um gjaldskrár

**LANDBÚNAÐUR** Landssamband kúabænda ákvað fyrir nokkrum mánuðum að óska eftir gjaldskrám dýralækna til birtingar á heimasíðu LK. Aðeins tveir dýralæknar sendu inn gjaldskrár. Þeir eru báðir í fullu starfi við annað en dýralækningar, að því er fram kemur á heimasíðu sambandsins.

Reynt var að safna upplýsingum með því að kalla eftir reikningum frá bændum en sú leið hefur reynst ófær. Því sér LK ekki færa leið til að birta samanburðarhæfar upplýsingar um gjaldskrár dýralækna að svo komnu.

-jss

## SVÍÞJÓÐ

**Skóla lokað vegna ofbeldis**

Grunnskóla verður nú lokað í fyrsta skipti í Svíþjóð vegna ofbeldis, hótana, eineltis og óspekta meðal nemenda. Skólinn, heitir Hermodsdalsskóli og er í Málmey og í honum eru 600 nemendur, að sögn vefútgáfu Dagens Nyheter.

## RÚSSLAND

**Neita að ræða þjóðarmorð**

Utanríkisráðherrar fyrrverandi Sovétlýðvelda höfnuðu á fundi sínum í gær beiðni Úkraínu, sem er eitt ríkjanna, um að líta beri á hungursneyðina í Úkraínu á fjórða áratug síðustu aldar sem þjóðarmorð.

# Hver lítri gefur sex krónur í kassann

**Verðhækkun á olíu og bensíni frá áramótum færir ein og sér ríkissjóði sex krónur í virðisaukaskatt af hverjum lítra. Það dregur úr skatttekjum af annarri neyslu segir fjármálaráðherra sem útilokar ekki aðgerðir gegn verðbólgu.**

**OLÍUVERÐ** Árni Mathiesen fjármálaráðherra útilokar ekki aðgerðir til þess að draga úr verðbólgu. „Eins og sakir standa held ég að við verðum að horfa til heildarinnar hvað þetta varðar og til þess hvernig mál munu þróast hjá okkur áður en við förum að velta fyrir okkur aðgerðum,“ sagði Árni.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist á Alþingi í gær óttast að hækkun olíuverðs væri því miður ekki tímabundin.

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, gerði olíuverð að umtalsefni í upphafi þingfundar. Hann sagði að rót hækkunarinnar væri skortur á olíu og búnaði til þess að vinna hana og sömuleiðis pólitísk spenna í heiminum. Hann rakti að viðnámsaðgerðir gegn verðbólgunni leiddu til vaxtahækkana en það hefði að sínu leyti þyngt greiðslubyrði heimila af verðtryggðum húnsæðislánum og rýrt kaupmátt. Því bæri að grípa til tímabundinnar lækkunar á skattaálögum á eldsneyti.

Kristján L. Möller, Samfylkingunni, spurði hvort ætlun stjórnvalda væri að nota stríðsæsingar Bandaríkjamanna sem féþúfu fyrir ríkissjóð. Með 30 króna verðhækkun á eldsneyti frá áramótum fengi ríkið sex krónur í virðisaukaskatt af hverjum lítra af hækkuninni einni saman. Kristján hvatti fjármálaráðherra til þess að stuðla að verðlækkun á eldsneyti.

Geir H. Haarde sagði mjög mikilvægt að gera hér kerfisbreytingar sem hvettu til minni bensíneyðslu. Það hefði verið gert með lögum um olíugjald og hvata til aukinnar notkunar díselbíla.

Helgi H. Hjörvar sagði almenning ekki geta búið við 25 prósenta gengisfellingu á nokkrum mánuðum og 45 milljarða hækkun verðtryggðra skulda með aukinni verðbólgu.

johannh@frettabladid.is



**ELDSNEYTISGEYMAR Í ÖRFIRISEY** Frá áramótum rúllar sex krónum meira í ríkissjóð af hverjum lítra vegna hækkunar á eldsneytisverði.

EF ÞÚ ERT MEÐ GRÆN AUGU ÞÁ ER ÞETTA BLAÐ EKKERT FYRIR ÞIG

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - S811

ÖBÍ kynnir nýja hugmyndafræði um eitt samfélag fyrir alla

Fylgstu með á næstu dögum! ÖBÍ

Hjólbarða í rétta rás



H2 hönnun

Við kaup á hjólbörðum er innheimt úrvinnslugjald. Það er notað til að greiða fyrir meðhöndlun, endurnýtingu eða förgun hjólbarða eftir að notkun þeirra lýkur. Einstaklingar og fyrirtæki geta því skilað ónýtum hjólbörðum án þess að greiða sérstakt gjald fyrir eyðingu eða förgun þeirra.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is

Fyrirburafæðingum hefur fjölgað gífurlega:

# Fyrirburar valda læknum áhyggjum

**BRETLAND** Breskir fæðingarlæknar hafa tekið undir með dönskum starfsfélögum sínum um áhættuna sem stafar af fjölgun fyrirburafæðinga í vestrænum löndum, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC. Fyrirburar geta þjáðst af bæði líkamlegum og andlegum kvillum og því ættu bæði læknar og foreldrar að reyna í lengstu lög að fækka fyrirburafæðingum, að sögn Andrews Shennan, bresks fæðingarlæknis. Shennan sagði fyrirburafæðingar draga dilk á eftir sér, sem hefur áhrif á lækna, heilbrigðiskerfið, kennara, foreldra og ekki síst börnin sjálf.

Ný dönsk rannsókn sýnir að fyrirburafæðingum hefur fjölgað þar í landi um 22 prósent á áratug, og kenna læknar frjósemismeðferðum, fjölburafæðingum og fyrirfram völdum fæðingardögum um. Jafnframt töldu höfundar skýrslunnar að reykingar, þunganir unglingsstúlkna og miðaldra kvenna, offita og félagslegt misrétti hafi einnig sitt að segja.

Færri en ein af hverjum tíu fæðingum teljast fyrirburafæðingar, en um þrír fjórðuhlutar nýbura sem látast eru fyrirburar. Jafnframt eru flest börn fyrirburar sem lögð eru inn á gjörgæsludeildir nýbura.

- smk




**FYRIRBURI** Læknar hafa áhyggjur af fjölgun fyrirburafæðinga. NORDICPHOTOS/AFP




1. útdráttur
9. maí

# Nýtt happdrættisár
# 6 Hummer H3
# + 5 milljónir í skottinu á tvöfaldan miða

**Ágóði af happdrætti DAS rennur til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Taktu þátt því þörfin er brýn.**

**Opið í aðalumboðinu, Tjarnargötu 10, Reykjavík, laugardag og sunnudag kl. 10:00 - 20:00, mánudag - föstudags kl. 8:00 - 20:00.**

Hringdu núna
**561 7757**

Kíktu á netið
**www.das.is**

**773 skattfrjálsar milljónir á árinu**

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

Bílainnflytjandi
ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**BÚDDAHÁTÍÐ** Ungir suðurkóreskir drengir rannsaka nýrökuð höfuð sín í Chogye-hofinu í Seúl í gær. Tíu drengir taka þátt í afmælishátíð Búdda sem haldin er 5. maí, og fá þeir að upplifa munklífi í hofinu í 14 daga í tilefni hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öryrkjabandalag Íslands vekur athygli á aðgreiningu í samfélaginu:

# Eitt samfélag fyrir alla

**KJARAMÁL** Örvhentir eru ekki velkomnir hér. Vinsamlegast athugið að salernin eru einungis ætluð fólki með útstæð eyru.

Þessar setningar og fleiri í svipuðum dúr standa á skiltum sem tilheyra kynningarátaki Öryrkjabandalag Íslands og hófst í Kringlunni á föstudaginn.

Markmið átaksins, sem stendur yfir dagana 21. til 24. apríl, er að vekja athygli á þeirri aðgreiningu sem er áberandi á ýmsum sviðum samfélagsins með því að benda á fáránleikann sem felst í því að samfélagið skuli ekki gera ráð fyrir allri þeirri fjölbreyttu flóru mannlífs sem í því býr.

Átakið er undanfari kynningar á nýjum hugmyndum um betra samfélag sem Öryrkjabandalagið hefur unnið í samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp og Landssamband eldri borgara og verða kynntar miðvikudaginn 26. apríl.

Ungliðahreyfingar aðildarfélaga Öryrkjabandalagsins taka virkan þátt í kynningarátakinu og að sögn Evu Þórdísar Ebenezersdóttur, formanns Nýungar, vísa auglýsingarnar til þess að fólk þarf ekki að vera með fötlun til að vera öðruvísi. „Við erum að benda á fáránleikann í að vera útilokaður frá samfélaginu fyrir að vera öðruvísi.“ - sdg



**KYNNINGARÁTAK ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS** Fulltrúar ungliðahreyfinga Öryrkjabandalagsins voru víða í Kringlunni á föstudag og fræddu fólk um kynningarátakið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ferðahátíð tókst vel:

## Ferðafjör í sumarbyrjun

**FERÐALÖG** Aldrei áður hefur þátttaka í ferðahátíðinni „Ferðalangur á heimaslóð“, verið eins góð en hún var haldin í þriðja skipti í gær, sumardaginn fyrsta.

Teymt var undir 500 börnum á vegum Íshesta og 250 manns tóku þátt í skemmtiferðum með hópbílafyrirtækjum út fyrir jaðar höfuðborgarsvæðisins. Uppselt var í útsýnisflug á vegum Flugfélags Íslands og góð þátttaka í gönguferðum og hlaupum auk þess sem söfn voru víða vel sótt. Sjö aukaferðir voru farnar í siglingum um sundin og líf og fjör var við höfnina. - shá

Eurovision barna:

## Norðurlöndin taka ekki þátt

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Ríkisreknu sjónvarpstöðvarnar í Danmörku, Svíþjóð og Noregi hafa ákveðið að taka ekki þátt í barnaútgáfu Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár, því ráðamönnum finnst keppnin vera orðin of markaðsvædd og sýni of marga bera maga, of stutt pils og of mikla andlitsmálningu. Jafnframt segja þeir samkeppnina of harða, og að börnin sjálf ættu að semja lögin, ekki fullorðnir.

Stöðvarnar ætla því að efna til Norðurlandasöngvakeppni, þar sem hagur barna verður borinn fyrir brjósti. Íslandi og Finnlandi verður boðið að taka þátt í þeirri keppni. Ísland hefur aldrei tekið þátt í barnaútgáfu Eurovision. - smk

### KJARAMÁL

**Öldrunarmál** Samningafundi Eflingar og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu vegna kjaradeilu ófaglærðra stafsmanna á dvalarheimilum lauk á sjötta tímanum í gær án þess að sættir næðust en svo virðist sem þokast hafi í samkomulagsátt.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrjú innbrot í Reykjavík** Brotist var inn í þrjár bensínstöðvar og sjoppur í Reykjavík í fyrrinótt. Lögreglan veit ekki hver eða hverjir voru að verki. Málið er í rannsókn. Einnig voru þrjár gerðar þrjár tilraunir til innbrots. Þjófavarnarkerfi fóru í gang og hröktu þjófana á braut.

**Bílvelta í Eyjafjarðarsveit** Stúlka nýkomin með bílpróf velti fólksbíl á Eyjafjarðarbraut vestri í Eyjafjarðarsveit um miðnætti í fyrrinótt. Þrír farþegar voru í bílnum og voru þeir fluttir til skoðunar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ágætis skilyrði voru til aksturs, hálkulaust og rannsakar lögreglan slysið. Hún telur við fyrstu sýn að mannleg mistök hafi valdið slysinu.

# 900 skotvopn fundust á heimili í Los Angeles

**Um 900 vopn fundust á heimili manns í Kaliforníu. Á meðal þess sem fannst voru Uzi-vélbyssur og AK-47 rifflar. Maðurinn geymdi vopnin undir rúmi, inni á baði, bak við spegla og í vínkjallaranum. Fyrir fimmtán árum var maðurinn sakaður um að þjálfa skæruliðahóp á kjúklingabúi. Markmiðið var að steypa Castro af stóli.**

**BANDARÍKIN, AP** Robert Ferro, 61 árs gamall fyrrverandi hermaður í sérsveit bandaríska hersins, á yfir höfði sér fjölda ákæra eftir að 900 vopn fundust falin á heimili hans í vikunni.



FÍDEL CASTRO

Fjöldi lögreglumanna gerðu húsleit hjá Ferro sem býr í glæsilegu einbýlishúsi í úthverfi Los Angeles. Auk staðarlögreglunnar tók alríkislögreglan þátt í aðgerðinni. Lögregluna grunaði að Ferro hefði selt Frank Fidel Beltran byssur, en Beltran þessi komst fréttirnar í Bandaríkjunum í síðasta mánuði eftir að hafa myrt eiginkonu sína og skotið og sært lögreglumann.

„Þegar við fórum til Ferro vorum við að leita að tveimur byssum,“ sagði Joe Rodriquez, lögreglumaður í Los Angeles. „Við bjuggumst ekki við því að finna tæplega 900 vopn. Við erum enn að reyna að átta okkur almennilega á þessu.“

Lögreglan fann vopn nánast hvar sem hún leitaði. Í hólfum bakvið málverk, bakvið spegla, inni í holum veggjum, undir stigum, fyrir aftan bókahillur, inni á baði, undir svefnherbergisrúminu og í vínkjallaranum. Samtals fann lögreglan tæplega 900 vopn, meðal annars Uzi-vélbyssur, AK-47 riffla, skammbyssur og sprengiefni.



**LÖGREGLUMENN AÐ STÖRFUM** Alríkislögreglan tók þátt í aðgerðinni í úthverfi Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Ferro, sem var meðal annars hermaður í Víetnam fyrir rúmum þrjátíu árum, er nú grunaður um að hafa staðið að umfangsmikilli vopnasölu. Lögreglan telur alveg ljóst að hann hafi efnast vel á viðskiptunum. Fyrir utan glæsivilluna voru sjö bílar ¿ einn Rolls Royce.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Ferro kemst í fréttirnar í Bandaríkunum því hann á ansi skrautlegan feril að baki. Í byrjun síðasta áratugar var hann dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa verið tekin með þrjú kíló af C-4 sprengiefni. Þá var hann einnig sakaður um að þjálfa mexíkóskan skæruliðahóp á kjúklingabúi í Pomona í Kaliforníu. Þó Ferro hafi ekki verið dæmdur fyrir það var talið að ætlunarverk skæruliðanna hefði verið að steypa Fídel Castro af stóli.

Ferro situr nú í gæsluvarðhaldi gegn 375 milljón króna tryggingu. trausti@frettabladid.is


LEGACY SUBARU

Með kröftugt drif á öllum hjólum og veit hvert á að beina þeim




STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Sjálfskiptur Sedan **2.440.000,-** Beinskiptur Sedan **2.310.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.590.000,-** Beinskiptur Wagon **2.490.000,-**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy



Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-

JÓNSSON & LE'MACKS


Enginn aðgangseyrir
Sýningin
VORBOÐINN
2006
Skipuleggjum
framkvæmum
upplifum
Smáralind
20.-23. apríl
Sumardagurinn fyrsti kl. 13-18
Föstudagurinn 21. apríl kl. 14-19
Laugardagurinn 22. apríl kl. 11-18
Sunnudagurinn 23. apríl kl. 12-18
GARÐHÚSGÖGN, GRÓÐUR, BLÓMAKER, SKRAUTMUNIR, SÓLPALLAR, HELLUR, GARÐHÚS, HEITIR POTTAR, BJÁLKAHÚS, SVALALOKANIR, LEIKTÆKI, GRILL, GIRÐINGAR, VIÐARVÖRN, KLÆÐNINGAR, MÁLNING, SLÁTTUVÉLAR, GESTAHÚS, HORNBAÐKÖR, REIÐHJÓL, SÓLSTOFUR, VERKTAKAR, GARÐARÁÐGJÖF, PALLASLÍPUN, GRANÍT, GARÐLJÓS, GOSBRUNNAR, GÓÐGÆTI Á GRILLIÐ ................
HÚSBÍLAR, HJÓLHÝSI, FELLIHÝSI ..............

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.440 **+0,79%** **Fjöldi viðskipta:** 914 **Velta:** 5.857 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbanki** | 2,35% | **Dagsbrún** | 4,85% |
| **FL Group** | 1,60% | **Atlantic Petr.** | 3,36% |
| **Glitnir** | 1,21% | **Össur** | 0,90% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 58,10 +0,17% ... Alfesca 4,03 +0,25%... Atorka 5,55 +0,00% ... Bakkavör 47,80 +0,63% ... Dagsbrún 5,88 -4,85% ... FL Group 19,00 -1,60% ... Flaga 3,25 +0,00% ... Glitnir 16,70 +1,21% ... KB banki 739,00 +0,82% ... Kögun 74,50 +0,13% ... Landsbankinn 21,80 +2,35% ... Marel 72,40 -0,28% ... Mosaic Fashions 17,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,30 +0,00% ... Össur 110,00 -0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Hrært en ekki hrist



Sífellt birtast nýjar skýrslur um íslenskt efnahagslíf og fer það að æra óstöðugan að elta ólar við allt það sem skrifað er þessa dagana um Ísland hjá erlendum fjármálastofnunum. Líkingamál virðist býsna tamt greinendunum erlendra banka og þannig hefur líkingin um bráðnandi ís verið ofarlega á vinsældalistanum. Svo frumlegt sem það nú er. HSH Nordbank í Danmörku sendi frá sér skýrslu nýlega og þar kveður við annan tón en hjá Danske Bank. Líkingamálið er sótt í sagnaheim James Bond og ber skýrslan yfirskriftina „Iceland: Stirred not shaken" og er þar snúið við meðferðinni á Vodkamartini breska njósnarans sem vildi sinn hristan.

### Trúa á mjúka lendingu

Danirnir hjá Nordbank eru ósammála kollegum sínum hjá Danske bank um lendingu hagkerfisins. Þeir telja reyndar að verðbólguhorfur hafi dökknað og að verðbólgan sé höfuðvandinn sem íslenskt hagkerfi búið við. Þeir segjast hins vegar enn trúa á mjúka lendingu þó sú lending sé minna líkleg en hún var fyrir nokkrum mánuðum.

Þeir telja krónuna komna í langtímajafnvægi, en búast við yfirskoti í veikingu hennar og búast við að Seðlabankinn hækki vexti þar til draga fari úr útlánum. Þeir hafna einnig skoðun landa sinna um að hætta sé á að Ísland gangi í gegnum kreppu eins og Asíukreppuna. Þeir taka undir með innlendum hagfræðingum að aðhald vanti til að vinna á þenslunni.

Hvað varðar umræðu um íslensk fjámálafyrirtæki, þá telja þeir að sú umræða eigi fyrst og fremst rætur í stöðu efnahagsmála fremur en í stöðu bankanna sem slíkra.

### MARKAÐSPUNKTAR...

Metvelta var á gjaldeyrismarkaði í gær upp á 51,5 milljarða króna og styrktist krónan um 2,2 prósent eftir samfelldar lækkanir í marga daga. Lokagildi vísitölunnar var 132,6.

Hagnaður bandarísku skyndibitakeðjunnar McDonald´s dróst saman um 14 prósent á fyrsta ársfjórðungi 2006 og nam 625,3 milljónum bandaríkjadala. Þetta er mesti samdráttur keðjunnar í fjögur ár.

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,7 prósent á milli mánaða í mars. Skýrist það helst af mikilli hækkun á fjölbýli. Verð á sérbýli lækkaði hins vegar um 0,3 prósent á milli mánaða.

# Atorka innleysir rúman milljarð

Atorka Group hefur selt 22,1 prósenta eignarhlut sinn í Low and Bonar plc. Promens, félag í eigu Atorku, keypti síðastliðið sumar Bonar Plastics, plasteiningu Low and Bonar. Söluandvirði hlutarins, sem var seldur fagfjárfestum, var rúmlega 3,8 milljarðar króna og innleysir félagið söluhagnað sem nemur rúmlega 1 milljarði króna.

Í fréttatilkynningu frá Atorku kemur fram að fjármunirnir verði notaðir til nýrra fjárfestinga. Í síðastliðinni viku var tilkynnt um að eignarhlutur félagsins í Inter-Bulk hafi verið aukinn í rúmlega 23 prósent auk þess sem Atorka hefur keypt um 5 prósenta eignarhluta í Amiad Filtration Systems sem skráð er í Kauphöllinni í London og er sérhæft í framleiðslu á vatnshreinsibúnaði og síum til annars vegar iðnaðar og sveitarfélaga og hins vegar til áveitugerðar.

Handbært fé Atorku að lokinni sölunni nemur um 8 milljörðum króna. **- hhs**



**ATORKA GROUP HEFUR SELT 22,1 PRÓSENTS HLUT Í LOW AND BONAR PLC.**

# Nýr vafri frá Opera

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software hefur búið til tilraunaútgáfu af nýjum vafra fyrirtækisins, Opera 9. Netverjum gefst nú kostur á að hala vafranum niður og prófa hann.

Í Opera 9 eru ýmsar nýjungar, s.s. stuðningur við skráaskiptiforritið BitTorrent, sem gerir notendum kleift að nýta vafrann til að skiptast á stórum skrám í stað þess að nota sjálfstætt forrit til þess. Þá er þar að finna hugbúnað sem útilokar auglýsingaglugga og sambærileg leiðindi sem skjótast upp á skjáinn. Auk þessa eru ýmsir möguleikar í nýja vafranum sem einnig voru í eldri gerðum. **- jab**



**OPERA 9** Margar nýjungar eru í nýja tilraunavafranum frá Opera.

# Bæta á sig blómum

**Stjórn Wyevale, stærstu garðvörukeðju Bretlandseyja, samþykkir 60 milljarða króna tilboð frá Baugi og Tom Hunter. Fjárfesting Baugs fimmtán milljarðar.**

Baugur Group, West Coast Capital sem er fjárfestingafélag Toms Hunter, og fleiri hópar hafa gert 60 milljarða kauptilboð í bresku blóma- og garðvörukeðjuna Wyevale Garden Centre í nafni WCC Hortis. Stjórn Wyvale hefur lagt blessun sína yfir tilboðið og mælir með því að hluthafar félagsins gangi að boðinu.

„Þetta er stærsta keðja sinnar tegundar á Bretlandseyjum með 116 verslanir og við lítum á þetta sem spennandi langtímaverkefni. Það eru bæði tækifæri í því að gera betur á smásöluhliðinni og eins er mikið af fasteignum í félaginu," segir Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri yfir fjárfestingum Baugs í Bretlandi.

Tilboðið hljóðar upp á 555 pens á hlut, sem er ellefu prósenta yfirverð, og nemur alls 445 milljónum punda að viðbættum vaxtaberandi skuldum. Það samsvarar um 60 milljörðum króna. WCC Hortis hefur tryggt sér tæplega þriðjung hlutafjár í Wyevale en Baugur fer með um fjórðungshlut í WCC Hortis. Bank of Scotland sér um fjármögnun verkefnisins og lánar um 420 milljónir punda sem verða notaðar meðal annars til að endurfjármagna fyrirtækið og sem rekstrarfé þegar yfirtökunni er lokið.



**BJÓÐA Í BLÓMAKEÐJU** Baugur og Tom Hunter Leggja fram 60 milljarða yfirtökutilboð í Wyevale.

Wyevale hefur átt undir högg að sækja á breskum smásölumarkaði samkvæmt Reuters. Salan dróst saman um tæp fimmtán prósent á fyrstu fimmtán vikum ársins og hagnaður fyrir skatta minnkaði á síðasta ári á sama tíma og keppinauturinn Dobbies Garden Centres hefur verið að auka hagnað sinn. **eggert@frettabladid.is**

# Spá um sjö prósenta verðbólgu



Greiningardeildir Landsbankans og Kaupþings banka spá 0,8 til 1,0 prósenta hækkun verðbólgu í maí. Þannig gerir Landsbankinn ráð fyrir að tólf mánaða verðbólga hækki í 6,8 prósent, en Kaupþing spáir 7,1 prósenti. 12 mánaða verðbólga er nú 5,5 prósent.

Gangi spár bankanna eftir verður hækkunin í maí heldur minni en í þessum mánuði, þegar hún var 1,15 prósent. Þannig gerir greiningardeild Kaupþings banka ráð fyrir að eldsneytisverð hækki um 5 til 6 prósent, í stað nærri 7 prósenta hækkunar í apríl. Eldsneytisverðið er sagt munu leiða til um 0,35 prósenta hækkunar verðbólguvísitölunnar.

Landsbankinn bendir á að heimsmarkaðsverð á olíu hafi hækkað umtalsvert í mánuðinum og að ef tekin sé með í reikninginn veiking krónunnar nemi hækkunin um það bil fimmtungi. Greiningardeildir beggja banka birtu verðbólguspár sína í gær. Báðir bankarnir segja veikingu krónunnar undanfarið leiða til verðhækkana á vöru og þjónustu, auk hækkunar á verði matvæla. Hagstofan birtir niðurstöður verðmælinga sinna 11. maí. **- óká**




# Lokað í dag

Vegna árshátíðar starfsmanna HEKLU, ÖSKJU og KIA í Barcelona verða fyrirtækin lokuð í dag, laugardag.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta gæti skapað viðskiptavinum okkar.

Gleðilegt sumar

KIA MOTORS ASKJA HEKLA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6161

# Stórgróði af olíunni

## 850 milljarða aukatekjur af hækkun olíuverðs.

Olíutekjur norska ríkissjóðsins verða langt umfram áætlanir sem lagðar voru fram í fjárlögum, því olíuverð er í methæðum. Nýjustu útreikningar benda til að tekjur ríkisins verði 850 milljörðum króna meiri en spáð hafði verið.

Fjármálaráðuneytið norska reiknaði með að fá rúma 4 þúsund milljarða króna í olíutekjur á þessu ári, meðal annars af sköttum vegna olíuvinnslu, sköttum og opinberum gjöldum frá olíufyrirtækjum og arði frá Statoil.

Í útreikningum hafði verið gert ráð fyrir að meðalverð á olíu héldist í 350 norskum krónum á tunnuna en hefur verið 408 krónur á árinu. Ef verðið helst hins vegar í 450 krónum, líkt og olíuverð hefur verið í að undanförnu, fær norska ríkið 100 krónum meira í kassann fyrir hverja selda tunnu. - eþa



**JENS STOLTENBERG** Hundruðir milljóna króna streyma í norska ríkiskassann vegna hækkandi olíuverðs.

# Markaðsvirði Norsk Hydro og Statoil tvöfaldast á einu ári

## JAN PETTER SISSENER KAUPÞINGSFORSTJÓRI RÁÐLEGGUR FJÁRFESTUM AÐ FORÐAST OLÍUNA

Norsku stórfyrirtækin Hydro og Statoil hafa tvöfaldast í virði á einu ári samfara miklum hækkunum á olíuverði. Dagens Næringsliv (DN) metur það svo að samanlagt markaðsvirði félaganna hafi aukist um 4.300 milljarða króna. Það nemur fjórfaldri landsframleiðslu Íslands eða hálfum fjárlögum norska ríksins. Frá áramótum hafa bæði félög hækkað talsvert í Kauphöllinni í Osló, Hydro um 38 prósent en Statoil um 35 prósent. Sérfræðingar á norska markaðnum mæla enn með kaupum í báðum félögum en allir eru ekki jafn sannfærðir. Einn þeirra er kjaftaskúmurinn Jan Petter-Sissener, forstjóri Kaupþings í Noregi. „Er það þannig að þegar olíuverð er komið upp í 74 dali að þú veist eitthvað sem aðrir vita ekki? spyr Sissener í viðtali við DN og gefur í skyn að hækkun olíuverðs sé að fullu komin inn í gengi bréfa í Hydro og Statoil. Hann man ekki eftir öðrum eins hækkunum á jafn skömmum tíma.

Sérfræðingar hjá Carnegie og Handelsbanken eru hins vegar mun bjartsýnni. Olíusérfræðingurinn John A. Olaisen, hjá Carnegie, telur að bæði félög eigi inni fimmtungshækkun á árinu að því gefnu að olíuverð haldist í 70 dölum.

Norska ríkið er stærsti eigandinn í báðum félögunum, með 71 prósenta hlut í Statoil og tæp 44 prósent í Hydro. eggert@frettabladid.is



**STATOIL TVÖFALDAST Á EINU ÁRI** Ekki eru allir jafn sannfærðir um fjárfestingar í olíufyrirtækjum, til dæmis Jan Petter Sissener hjá Kaupþingi.

# Methagnaður Norðlendinga

Hagnaður Sparisjóðs Norðlendinga nam 186 milljónum króna á síðasta ári og jókst um tæp 48 prósent á milli ára.

Eigið fé sparisjóðsins nam 781 milljón króna í árslok en heildareignir voru 8,5 milljarðar króna. Var eiginfjárhlutfall (CAD) 12,7 prósent í árslok. Stofnfé var 4,7 milljónir króna og skiptist á milli 87 eigenda.Útlán voru 6,3 milljarðar í árslok og hækkuðu um tvo milljarða á síðasta ári, en 79 prósent útlána eru til einstaklinga. - eþa

# Atlantic selur nýtt hlutafé

Hlutafé færeyska olíuleitarfélagsins Atlantic Petroleum verður hækkað á næstunni en Föroya Sparikassi annast útboðið og sölutryggir það. Aukningin er fyrst og fremst hugsuð til að fjármagna framkvæmdir við Ettrick olíuleitarsvæðið í Norðursjó en gefur Atlantic einnig möguleika á að kaupa önnur fyrirtæki. Útboðsverð og aðrir skilmálar verða kynnt á næstunni. - eþa

# Óbreyttur hagnaður

Hagnaður sænska farsímaframleiðandans Ericsson stóð í stað milli ára. Það er nokkru minna en búist var við á fyrsta ársfjórðungi. Ástæðan eru kaup fyrirtækisins á breska fjarskiptafyrirtækinu Marconi Corp., sem fram til þessa hefur skilað tapi. Gengi bréfa í Ericsson lækkuðu um 3,5 prósent, eða 1 sænska krónu, í sænsku kauphöllinni.



Hagnaðurinn nam 4,58 milljörðum sænskra króna, jafnvirði rúmlega 47 milljarða íslenskra króna. Það jafngildir hagnaði upp á 0,29 krónur á hlut. Á sama tíma fyrir ári nam hagnaðurinn 4,6 milljörðum sænskra króna. - jab

# Aukin erlend upplýsingagjöf

Glitnir banki hefur tilkynnt um aukna þjónustu fyrir erlenda fjölmiðla. Er þetta sagt gert í ljósi athygli sem íslenskt efnahagslíf hefur vakið í fjölmiðlum á alþjóðavísu.

„Glitnir banki býður fréttamiðlum upplýsingar, aðstoð og sérfræðinga, meðal annars upplýsingar um landið sjálft, lykilupplýsingar um hagkerfið, um banka og fjármálageira og efnahagslífið í heild. Sérfræðingar eru til reiðu bæði til opinberra svara og til að gefa bakgrunnsupplýsingar," segir í tilkynningu bankans og vísað á tengiliði og enskan vef bankans, www.glitnir.is/english. - óká




NÓATÚN

# Helgarveisla



30% afsláttur

GRÍSAKÓTILETTUR ÚR KJÖTBORÐI

**898** kr. kg

## Gómsæt grillspjót



NAUTAFILLET
MEÐ GRÆNMETI
**698** kr. stk



KINDAFILLET, LAS VEGAS
BEINT Á GRILLIÐ
**698** kr. stk



GRÍSAFILLET
Í TOSCANA MARINERINGU
**598** kr. stk




12 STK FREYJU RÍSKUBBAR
**199** kr. pk




MAIZENA MIX
VÖFFLU- OG PÖNNUKÖNU
**299** kr. stk




MERRILD MALAÐ KAFFI 500 G
**349** kr. pk



LAMBAKÓTILETTUR
MEÐ NANDOS SMOKEY BBQ



LANGSKORIÐ LAMBALÆRI



GRILLAÐAR KARTÖFLUR
FYLLTAR MEÐ SKINKU OG OSTI

## *Nældu þér í uppskrift í Nóatúni*



FYLLTAR GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

# Sumartilboð!



## Sterling grill
## tvær stærðir

**15.900 & 19.900 kr.**

Grillin koma ósamansett í kassa.



## Allt „Bakað á staðnum" með 25% afslætti

Tilboðið gildir í öllum verslunum Nóatúns nema í Smáralind.

Mundu CHESTER FRIED

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Fjármálaráðherra útilokar ekki skattalækkanir á eldsneyti.

## Þrýstingurinn eykst

Svimandi hátt eldsneytisverð brennur skiljanlega á mörgum þessa dagana. Í gær bættust fulltrúar stjórnarandstöðunnar í hóp þeirra sem hvetja ríkisstjórnina til að lækka skatta á eldsneyti, enda myndu slíkar aðgerðir hafa bæði jákvæð áhrif á verðbólguna, sem er á fleygiferð í ranga átt hér á landi, sem og heimilisbókhald landsmanna þar sem rekstur ökutækis vegur þungt.

Í umræðum á Alþingi tóku stjórnarliðar þessum málaleitunum því miður heldur þurrlega. Geir Haarde utanríkisráðherra greip til þess gamalkunna ráðs að svo skal böl bæta að benda á annað verra, þegar hann kaus að ræða þá glórulausu skattlagningu á eldsneyti sem tíðkaðist hér allt fram til 1999, en þá var hætt að innheimta hlutfallslegt vörugjald af bensíni og olíu og þess í stað tekin upp föst krónutala. Þegar bensínlítrinn er kominn yfir 130 krónur er ekki mikil huggun í því að hann gæti verið nær 200 kallinum, ef hinni gömlu, geggjuðu skattlagningu hefði ekki verið breytt.

Sem betur fer gáfu svör Árna M. Mathiesen fjármálráðherra tilefni til meiri bjartsýni en málflutningur formanns hans. Árni útilokaði ekki skattalækkanir og talaði um að hann vildi sjá hvernig mál þróuðust áður en farið yrði að velta fyrir sér aðgerðum.

Og hvernig er þá útlitið? Jú, allt bendir til þess að olíuverð muni halda áfram að hækka, að minnsta kosti eru litlar líkur á því að það lækki á næstu mánuðum. Þegar þetta er haft í huga, og sú staðreynd að eldsneytisverð er sjálfsagt hvergi í heiminum hærra en hér um þessar mundir, er ekkert undarlegt við að þrýst sé á stjórnvöld um að endurskoða skattlagningu sína á eldsneyti og það ekki aðeins tímabundið heldur til frambúðar.

Svigrúmið er vissulega til staðar því meira en helmingur þess sem er greitt fyrir hvern bensínlítra rennur beint í ríkissjóð. Og það er eitthvað stórlega bogið við að sú upphæð hækki um mörg hundruð milljónir á ári við að Bandaríkjamenn hóti Írönum ófriði.

Í umræðunum á Alþingi í gær sagði utanríkisráðherra að nauðsynlegt væri að gera ákveðnar kerfisbreytingar til að hvetja til minni bensíneyðslu. Benti hann á að tekið hefði verið upp olíugjald á díselolíu sem hefði hvatt til aukinnar notkunar díselbíla. Vissulega var það gott skref en betur má ef duga skal.

Í mörgum Evrópulöndum er hlutfall díselbíla orðið meira en helmingur af öllum einkabílum af því að stjórnvöld hafa lagt lægri skatta á nýja slíka bíla en hina sem eru knúnir áfram af bensíni. Uppskeran er minni eldsneytiseyðsla en líka minni mengun. Vonandi eru orð Geirs vísir að slíkri neyslustýringu og við munum sjá díselbíla lækka í verði á næstunni.

Vitað er að einhverjir stjórnarliðar geta hugsað sér að skoða skattalækkanir á eldsneyti, en þar á meðal er ekki Pétur Blöndal sem í spjalli í Kastljósinu í síðustu viku var á svipuðum slóðum og Geir. Pétur gekk reyndar skrefinu lengra og fagnaði hærra orkuverði og sagði það hvata til þess að þróaðir yrðu sparneytnari bílar. Getur verið að Pétur trúi því að ofurskattar á Íslandi hafi einhver áhrif á bílaframleiðendur úti í heimi? ■

**Aðalfundur Samtaka lungnasjúklinga verður haldinn fimmtudaginn 4. maí 2006 kl. 20 SíBS húsinu að Síðumúla 6 (gengið inn baka til).**

Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum samtakanna
Önnur mál.

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

Vonumst til að sjá ykkur sem flest.
Stjórnin.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Símtöl fyrir prófkjör**



Margir Samfylkingarmenn létu segja sér tvisvar sinnum tvisvar þá frétt að Gísli Kr. Einarsson, fyrrverandi þingmaður flokksins, ætlaði sér að verða bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins á Akranesi. Margir flokksmenn í Norðvesturkjördæmi hafa átt samtöl við Gísla undanfarnar vikur og mánuði þar sem hann hefur verið að kanna stuðning við sig í framboði til Alþingis undir merkjum Samfylkingarinnar næsta vor. Við vitum auðvitað ekkert um niðurstöður þeirra þreifinga annað en það sem lesa má út úr því að nú er Gísli orðinn bæjarstjóraefni fyrir allt annan flokk.

**Stjórnsýslan er flókið fyrirbæri**



Erfitt getur reynst að skilja hvernig stjórnsýslan virkar. Þegar skipaður var sóknarprestur í Keflavíkurvíkurprestakalli þótti mörgum sóknarbörnum liggja í augum uppi að séra Sigfús B. Ingvason sem verið hafði prestur þar í 13 ár yrði valinn til verksins. Þeir höfðu reyndar rangt fyrir sér og var séra Skúli S. Ólafsson, sem gegndi stöðu sóknarprests á Ísafirði í forföllum skipaðs sóknarprests, skipaður þrátt fyrir að átta af hverjum tíu sóknarbörnum hefðu lýst stuðningi við Sigfús. Stjórnsýslan virðist oft vinna fyrir sjálfa sig en ekki fólkið.

petur@frettabladid.is
jse@frettabladid.is

## Innflytjendavandinn - martröð Evrópumannsins

Í DAG
INNFLYTJENDUR



SVERRIR JAKOBSSON

*„Ótti Evrópumanna við innflytjendur er sálrænn frekar en röklegur. Hann byggist á okkar eigin sögu sem landnemar í öðrum heimsálfum.“*

Hugmyndir Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, fyrrverandi alþingismanns, um að til verði flokkur sem berjist gegn fjölgun innflytjenda, eru hvorki óvæntar né án fordæmis. Undanfarna áratugi hafa slíkir flokkar risið upp eins og gorkúlur um alla Evrópu. Að vísu er annað mál að hinn ímyndaði flokkur Ásgeirs Hannesar virðist hafa óvenju mikinn hljómgrunn meðal Íslendinga í ljósi þess að vandamál tengd innflytjendum eru óvíða minni en einmitt á Íslandi. Ísland hefur hreint ekki verið opið fyrir fólki sem vill flytjast hingað. Dæmin um fólk sem fengið hefur pólitískt hæli hér á landi má t.d. telja á fingrum annarrar handar.

En hvers vegna eru Evrópuríki svona hrædd við innflytjendur? Hvað veldur því að hvert ríkið af öðru rýkur upp til handa og fóta og herðir lög um flutning fólks til landsins – á sama tíma og ráðamenn dásama hina svokölluðu „alþjóðavæðingu“ og það ótakmarkaða frelsi sem á að fylgja henni. Ef við hugsum málið aðeins þá er þessi stefna auðvitað bæði óeðlileg og óréttlát. Viðskipti þjóða eru aðeins öllum til góðs ef hinn sterki hefur ekki vald til að níðast á hinum veiku. Það er óeðlilegt að fyrirtæki geti óhindrað flutt fjármagn og störf heimsálfa á milli, en á sama tíma reyni stjórnvöld í auðugustu ríkjum heims að hindra vinnandi fólk í að flytja á milli landa í leit að betri afkomu.

Hvers vegna þessi ótti? Ef við lítum aðeins aftur á veg má sjá að „innflytjendavandamál“ voru ekki bundin við Evrópu áður fyrr. Þvert á móti voru það Evrópumenn sem fluttu allra þjóða mest á milli landa. Á 16., 17. og 18. öld streymdu íbúar landa við Atlantshafið til Ameríku að nema lönd þar. Gallinn var bara sá að þar var fólk á fleti fyrir. Þessu fólki, sem kallað var indíánar, var útrýmt miskunnarlaust. Þeirra rými var fyllt af innflytjendum frá Evrópu og raunar ekki bara þaðan. Evrópumenn tóku með sér milljónir fólks frá Afríku sem hnepptar voru í þrældóm í „nýja heiminum“, hinni frjálsu útópíu þar sem Evrópumenn settu sér ný lög og reistu fyrirmyndarsamfélög. Þar varð meira að segja þjóðerni nútímans til ef marka má fræðimanninn Benedict Anderson. Afkomendur innflytjenda í Ameríku urðu fyrstu þjóðernissinnarnir í nútímaskilningi.

Þeir sem fluttu til Ameríku á 16. og 17. öld voru fólk sem við myndum kalla bókstafstrúarmenn. En á 18. öld hófst upplýsingin í Evrópu. Það er hún sem breytti andlegu lífi Vesturlanda og gerir okkar samfélög fremri öllum öðrum, svo rifjaðar séu upp tuggur úr „skopmyndamálinu“ svo kallaða. Hvaða áhrif hafði þetta á hegðun innflytjenda í nýja heiminum? Þeir héldu áfram að útrýma „villimönnunum“. George Washington, þjóðhetja og fyrsti forseti Bandaríkjanna, vann það sér t.d. til frægðar að útrýma einu merkasta ríki Norður-Ameríku á 18. öld, Írókesabandalaginu. Arftakar hans í forsetastól voru iðulega menn sem höfðu unnið sér herfrægð með því að ræna löndum frá indíánum og murka lífið úr sem flestum þeirra. Upplýsing innflytjendanna var ekki til útflutnings. Í byrjun 19. aldar stofnuðu Cherokee-indíánar í Suðurríkjunum ríki og settu sér stjórnarskrá að bandarískri fyrirmynd. Bandaríkjastjórn leist hins vegar ekki á framtakið og fljótlega var búið að hrekja þá frá heimilum sínum.

Fleiri þjóðarmorð voru framin í nafni upplýsingarinnar á 19. öld. Evrópskir innflytjendur í Ástralíu og Nýja-Sjálandi höfðu sama háttinn á. Í Afríku náðu tiltölulega fámennir hópar innflytjenda að vinna ómældan skaða á samfélögum þar á afar skömmum tíma. Íbúum Belgíska Kongó mun hafa fækkað um helming á árunum 1880-1920. Í Namibíu náðu Þjóðverjar að fækka Herero- og Namaþjóðunum um 75% á þremur árum, 1904-1907. Helför Gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni var vissulega skelfilegur atburður en Evrópumenn höfðu fengið ágætis upphitun í löndunum þar sem þeir voru innflytjendur.

Seinasta ríki evrópskra innflytjenda í þriðja heiminum var stofnað 1948. Það heitir Ísrael. Nánast öll heimsbyggðin hneykslast á framferði Ísraelsmanna gagnvart Palestínumönnum. En hafa evrópskir innflytjendur nokkurn tíma hegðað sér öðruvísi eða betur?

Ótti Evrópumanna við innflytjendur er sálrænn frekar en röklegur. Hann byggist á okkar eigin sögu sem landnemar í öðrum heimsálfum. Hún hefur verið sigurganga fyrir hin nýju samfélög en um leið skelfingarsaga fyrir allt það fólk sem var fyrir hvarvetna þar sem útópíur Vesturlanda voru stofnsettar. Djúpt í sálinni blundar því hræðsla við að nú sé komið að skuldadögunum. „Innflytjendavandinn“ er martröð Evrópu vegna þess að Evrópuþjóðir hafa sjálfar reynst svo illa sem innflytjendur, sannkölluð martröð annarra þjóða.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# FULL GRÓÐURHÚS AF SPENNANDI PLÖNTUM

## sígrænum runnum, skrautrunnum, blómstrandi plöntum og trjám!




KYNNINGARTILBOÐ




990kr

*Sérstök blanda á grasflötina á vorin; hemur mosann, drífur upp grasið*




995kr




840kr




– nú er úrvalið!

**Tilboð**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Limgerðisklippur | 995kr | 10 ruslapokar | 295kr |
| Greinahandklippur | 496kr | Garðhanskar | frá 150kr |

**Moltukassar**
allar tegundir



15 % AFSLÁTTUR

**Rafmagnsmosatætarar**



15 % AFSLÁTTUR

ginge




**GÓÐ GRÓÐURMOLD ...BEINT Í KERRUNA**

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg; 1 kg dugar á ca. 100 m2.*

GARÐHEIMAR

*allt í garðinn á einum stað!*

Stekkjarbakka 6 - skiptiborð 540 3300 - www.gardheimar.is

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

*Nú er rétti tíminn til að sá grænmetisfræjunum, gott að byrja að forrækta í eldhúsglugganum.*




MAÐUR VIKUNNAR

# Fræðimaður með fortíð

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

Íslenska efnahagslífið hefur mikið verið til umræðu í vikunni enda berast okkur váspár erlendis frá um efnahagsmál Íslands. Mótrök banka- og viðskiptamanna hérlendis heyrast jafn kröftugar á móti. Fjölmiðlamenn hafa þá sóst eftir áliti Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Íslands, til að greina þar á milli og leggja sitt mat á stöðuna. Hann hefur því verið sérlega áberandi í þessari viku eins og verða vill þegar gárar á vatni efnahagslífsins.

### Hljóðmaðurinn verður prófessor

Tryggvi Þór er fæddur 17. janúar 1963 í Neskaupsstað þar sem hann ólst einnig upp. Hann er sonur Herberts Alfreðs Jónssonar og Ragnheiðar Önnu Stefánsdóttur.

Hann vann sem hljóðmaður í hljóðverinu Mjöt á árunum 1981 til ´86 þar sem hann tók upp plötur fyrir marga helstu tónlistarmenn og hljómsveitir landsins. Nægir þar að nefna Bubba Morthens, Skriðjöklana og Greifana. Þegar Stöð 2 var hleypt af stokkunum árið 1986 fór Tryggvi þangað þar sem hann starfaði sem klippari til ársins 1989. Um leið og hann klippti fréttir Stöðvarinnar saug hann í sig þjóðfélagsmálin og fór í framhaldi af því að fá mikinn áhuga á hagfræði. Það er til marks um dugmennsku og seiglu Tryggva Þórs að hann skuli svo, fullorðinn maðurinn sem unnið hafði við hljóð og myndir, taka sig til og setjast á skólabekk og ganga menntabrautina í efstu hæðir. Hann byrjaði í Tækniskólanum þar sem hann lærði iðntæknifræði. Þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist með mastersgráðu í hagfræði árið 1995. Síðast útskrifaðist hann með doktorsgráðu frá Háskólanum í Árósum 1998.

Mörgum sem þekktu Tryggva Þór frá þeim árum þegar hann var að taka upp rokk og pönk brá í brún þegar hann var farinn að vinna sem sérfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands árið 1992, fyrst sem aðstoðarmaður Guðmundar Magnússonar prófessors. Hann tók svo við sem forstöðumaður stofnunarinnar þremur árum síðar.

Hann var lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1996 til 1998 en þá varð hann dósent við sömu deild árið 1998 en svo prófessor 2004.

### Ekki til í honum komplex

Vinir Tryggva Þórs lýsa honum sem skarpgáfuðum manni sem fái auðveldlega dellu fyrir hinum ýmsu hlutum. Er hann þá jafnan fljótur að koma auga á kjarnann í því sem hann kemur að og er því fljótur að tileinka sér hlutina. Hann á einnig auðvelt með það að koma auga á hið skemmtilega og spaugilega í tilverunni og er jafnan gaman þegar hann deilir þessari sýn sinni með vinum og félögum.



Hann er ósnobbaður og segja vinir hans að því sé að þakka að hann hafi það mikið af heilbrigðri skynsemi að hann láti hégómann ekki leika sig grátt þótt gamli hljóðmaðurinn sé búinn að vinna sig í eina af mestu virðingarstöðum landsins .

Hann er nær alveg laus við komplexa af nokkru tagi. Sem dæmi um það nefnir einn vinur hans að Tryggvi Þór hafi átt í samræðum við heimilismann sem sagði hann hafa þyngst. Svarar Tryggvi Þór því til að vinur sinn hafi þyngst annað eins. Heimilismaðurinn segir það ekkert að marka því sá vinur hans sé öllu hærri, en Tryggvi Þór er síður en svo hár í lofti. Maldar hann í móinn og segir þennan vin sinn engu hærri en sig en í þann mund knýr umræddur vinur hans dyra. Tryggvi opnar fyrir honum og tekur þá eftir því að vinur hans trónir 20 sentímetrum yfir hann. „Já, mikill andskoti," segir Tryggvi Þór svo ekki virðist þessi staðreynd hafa plagað hann fyrr en þá.

### Hljóðmaðurinn úrræðagóði

Gamlir félagar Tryggva Þórs úr tónlistarbransanum segja að þó hann hafi jafnan verið hinn rólegasti hafi hann átt það til að vera mun grófari en hann kemur fyrir nú. Öllum ber saman um að nú sem þá hafi hann ekki hikað við að takast á við erfið verkefni og aldrei dáið ráðalaus þegar vandamál komu upp. Til dæmis bar svo við þegar hann var hljóðmaður hjá Greifunum á sveitaballi í Eyjafirði að eitthvað aðskotahljóð kom úr hátölurunum. Barði hann í græjurnar með þeim afleiðingum að hljóðkerfið datt út nema nokkrir hljóðnemar sem snúa að tónlistarmönnunum svo þeir heyri í sjálfum sér, svokallaðir mónitorar. Þótti Tryggva Þór ekki stætt á því að ballgestir þyldu slíkt svo hann sneri mónitorunum fram í sal og þannig var leikið út ballið og góður rómur gerður að.

Tryggvi Þór var fyrsti hljóðmaður Greifanna og þeir sem hafa dillað sér við lagið Útihátíð, sem er það lag sem greiddi götu hljómsveitarinnar, njóta þar hljóðblöndunar hans.

Tónlistarmennirnir segja að gott hafi verið að vinna með honum. Hann lét skoðun sína óspart í ljós sem var ekki alltaf sú sama og hjá stjörnunum á sviðinu, en hann lét þær í ljós án hroka. Flestir kunnu vel að meta það enda á hljóðmaður ekki að vera jámaður en það hefur Tryggvi Þór aldrei verið.

Hann þeysti um landið með Greifunum og segja menn að hann hafi verið góður í samstarfi og sambúð en á tónleikaferðalögum verða menn óneitanlega að deila sömu vistarverum. Ekki lét hann þó mikið fyrir sér fara og lýsir einn Greifinn honum sem rólegheita týpu og gæðadreng sem þó gat viðhaft grófari hætti ef svo bar undir.

### Á góða vini og hatramma óvini

Núverandi samstarfsmenn Tryggva Þórs segja hann góðan í samstarfi. Sérstaklega fyrir þær sakir að hann er mannþekkjari mikill og sér því hvar hæfileikar samstarfsmannanna liggja og hvernig megi nýta þá fyrir liðsheildina. Hann er ljúfur en fylginn sér og á jafnt góða vini sem hatrama óvini þar sem eindrægni hans og hreinskilni geta skapað harða andstöðu.

Bæði núverandi samstarfsmenn sem og gamlir virða hann mikið fyrir þá seiglu sem hann sýndi þegar hann ákvað á þrítugsaldri að söðla um, skella sér í skóla, fara þar alla leið og vinna sig upp í æðstu stöðu í sínu fagi.

# Víkingaskip í Viðey

**UMRÆÐAN**
ÍSLANDSSAGA



**VIÐAR HÖRGDAL GUÐNASON**
TÓNLISTARMAÐUR

Reykvíkingar og aðrir landsmenn.

Hvað væri íslenskara en víkingaskip með fullum seglum og víking í stafni. Masturhæðin væri tuttugu og fimm metrar eða hærra í lóðréttri stöðu. Skipið væri byggt t.d. úr áli með útlínur segla, saum í seglum og sjávarbrota frá stefni og hliðum skipsins og þrístrengdur íslenski fáninn í litum við topp mastursins. Aðeins yrði byggð sú hlið sem að okkur sneri, það mundi spara um meira en um helming kostnaðar. Það mætti ljósaskreyta skipið og beina ljóskastara frá jörðu til að lýsa það upp. Þar væri gott að ritað væri á skjöld hver nam landið fyrstur manna og hvenær, á íslensku og ensku.

Og nú spyrja menn og konur hvar á að staðsetja slíkt skip? Og svarið er, auðvitað í Viðey, þar sem það blasti við augum okkar og erlendum ferðamönnum, sem tákn um landnám Íslands. Við höfum svo fátt sem auðkennir Ísland í sögulegu formi byggt á íslenskum hugmyndum. Hvern svíður ekki undan spurningu erlends ferðafólks er það horfir á Alþingishúsið og spyr: Eruð þið ennþá nýlenda undir stjórn Dana? Hví er ekki skjaldarmerki landsins og ártalið er það varð sjálfstætt ríki grafið á þetta hús í stað danskra ártala?

Ef Íslendingar hafa ekkert hugmyndaflug eða sjálfstæðar skoðanir þá skal engan undra þó svo hugmyndasnautt fólk gleypi við uppástungum erlends fólks sem engar rætur á til Íslands, en stingur upp á súlu úti í Viðey til minningar um sjálft sig eða sína nánustu án þess að ætla að taka þátt í kostnaðinum.

Nú er tími til kominn að stjórnmálaflokkarnir sem bjóða sig fram til borgarstjórnar segi okkur sína skoðun á þessu máli.

# Fermingartilboð



ÓTRÚLEGT VERÐ

## HP Photosmart E327

Vörunúmer: I2433a
- Upplauns: 5 Mega Pixel
- 4x digital zoom
- Video upptaka ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
- Hljóð: ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
- Fókus: Normal, macro
- Hraði: 2 til 1/2000sek
- Skjár: 1,8"
- Flass: Auto, flash off, flash on, red eye, night
- Tímastilling/sjálfsmyndir: Já (10 sek.)
- Minnisraufar: Secure Digital (SD) eða MultiMediaCard (MMC)
- Minni: 16MB innra minni
- Þyngd án rafhlaðna: 110gr
- Rafhlaða: 2 AA rafhlöður fylgja
- Stærð: 99.3x 32 x 52,6mm

Office1
13.990.-



ÓTRÚLEGT VERÐ

## HP Pavilion fartölva

Vörunúmer: et037ea
- Örgjörvi: AMD Turion 64 Mobile Processor ML-32
- Skjár: 15.4" WXGA 1280x768 High Definition BrigtView
- Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
- Harður diskur: 80GB 4200rpm EIDE
- Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari, dual layer)
- Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200M IGP, allt að 128MB
- Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netrkort)
- Mótald: 56K Mótald
- Tengi: PCCARD I/II, VGA, lás, 2xUSB 2.0, ExpressCard 34/54
- Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
- Remote Controle infrarautt tengi.
- Rafhlaða: 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
- Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt límmiðum
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
- Þyngd: 2.98kg
- Ummál(BDH): 263,9 x 357,8 x 44 mm
- Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

Office1
129.900.-

ÓTRÚLEGT VERÐ



Office1
**Parker pennasett**
Vörunúmer: 6956045
Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbytta og blekfylling fylgir með.
Aðeins
5.995.-

ÓTRÚLEGT VERÐ



Office1
**Hnattlíkan**
Vörunúmer: 025b2
Flott hnattlíkan í herbergið.
Aðeins
4.990.-

ÓTRÚLEGT VERÐ



Office1
**Parker pennasett**
Vörunúmer: 69575572
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.
Aðeins
5.995.-

ÓTRÚLEGT VERÐ



Office1
**Parker pennasett**
Vörunúmer: 695452525
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.
Aðeins
1.495.-

ÓTRÚLEGT VERÐ

ÓTRÚLEGT VERÐ



Office1
**Sjónaukar frá Konus**
Vörunúmer: 5222025
Vandaðir og góðir sjónaukar.
Stækkun 8 x 21
Aðeins
1.990.-

Office1
**Sjónaukar frá Konus**
Vörunúmer: 5222041
Mjög góður free fókus sjónauki.
Stækkun 10 x 25
Aðeins
3.990.-



Gleðilegt sumar!

# Office1 Superstore

**Afgreiðslutímar**

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18

*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17

*Office 1 Akureyri og Ísafirði*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16

*Office 1 Egilsstöðum*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14

*Office 1 Vestmannaeyjum*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16









# Puma sportfatnaður
# rennd herrapeysa

**3.990**

VERÐ ÁÐUR ~~4.990~~

PUMA NO1 LOGO TRACK JKT Flott rennd peysa á herra. Litur: Rauð, svört og græn. Stærðir: S - XL. Kr. 3.990

**1.990**

PUMA L LOGO SS TEE Klassískur bómullarbolur. Litur: Rauður, hvítur og svartur. Stærðir: XS - XXL. Kr. 1.990



**5.690**

VERÐ ÁÐUR ~~6.490~~

PUMA BETTER TRACK Góð rennd peysa í bláu, hvítu og svörtu. Stærðir: S - XL. Kr. 5.690







**2.490**

VERÐ ÁÐUR ~~2.990~~

PUMA W LICIOUS TEE Flottur dömu bómullarbolur. Litur: Hvítur, svartur og gulur. Stærðir: 36-44. Kr. 2.490

**100% ÖRYGGI**
við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.
***Gildir í tvær vikur frá kaupdegi , gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.***

# Nýjustu Pumaskórnir





**8.990**

VERÐ ÁÐUR ~~9.990~~

PUMA

PUMA **REPLI CAT LOW** Götuskór í stærðum 36-40. Litur: Svartir. Kr. **8.990**

**10.990**

VERÐ ÁÐUR ~~12.990~~

PUMA

PUMA **PUMA FUTURE CAT LOW** Klassískir flottir götuskór á dömur og herra. Litur: Svartir. Stærðir: 36-46 Kr. **10.990**

## Puma sportfatnaður
# flottar hettupeysur








**4.990**

VERÐ ÁÐUR ~~5.990~~

PUMA

PUMA **L LOGO HOOD SWEAT** Flott blá herrapeysa með hettu. Stærðir: XS - XL. Kr. **4.990**

**5.990**

VERÐ ÁÐUR ~~7.990~~

PUMA

PUMA **HOOD SWEAT JKT** Rennd hettupeysa. Litur: svört. Stærðir: S - XL. Kr. **5.990**

*Póstverslun*
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER

INTERSPORT®

CLUB INTERSPORT

• **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18

# Ísland fyrir Ingólfsmenn!

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er rætt um hvort Vilhjálmur Þ. sé sætasta stelpan á ballinu, fjallað um þriðjungsfylgi heimskunnar og páskana sem fúavarnarhátíð, farið í heimsókn í höfuðið á Árna Bergmann og vorboðinn ljúfi, fagurgalinn boðinn velkominn þrátt fyrir fuglaflensu.*




Þráinn Bertelsson skrifar

**FÖSTUDAGUR(INN LANGI), 14. A**

## Sætasta stelpan á ballinu?

Ég sé að einhver frómur framsóknarmaður skrifar á **hrifla.is** og segir að Þjóðarhreyfingin – með lýðræði sé „skæruliðadeild samfylkingarinnar“ og hafi það á stefnuskrá sinni að koma í veg fyrir að Framsókn geti auglýst í komandi kosningabaráttu fyrir borgarstjórnarkosningar.

Þarna hefur orðið skammhlaup í höfðinu á þessum góða manni og valdið ofsóknarbrjálæði:

Þjóðarhreyfingin – með lýðræði hefur vakið athygli á því að auglýsingar í ljósvakamiðlum fyrir kosningar eru ólýðræðislegar og þess vegna takmarkaðar alls staðar í Vestur-Evrópu – nema á Íslandi, þar sem lýðræði er fremur aftarlega á merinni vegna stjórnmálaflokka sem vilja einoka þetta fyrirbæri og skammta sér til þess peninga úr ríkiskassanum eftir þörfum. Þessir flokkar reka þar fyrir utan blómlega fjárplógsstarfsemi og neita að gefa upp nöfn þeirra sem borga brúsann. Samt er það regla að **sá sem borgar hljómsveitinni ákveður hvaða lag hún spilar**.





Úr því ég er farinn að tala um stjórnmálaflokka og kosningar þá get ég ekki séð að neinar hugsjónir eða stefnur skilji að þá flokka að sem nú bjóða fram í borgarstjórn Reykjavíkur.

Þess vegna ætla ég að kjósa einstakling en ekki flokk í þessum kosningum. Ég ætla að kjósa þann frambjóðanda sem ég held að sé hæfastur til að verða borgarstjóri hérna í Reykjavík en það er **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** – þrátt fyrir að hann sé í púkalegasta flokknum og hugsanlega ekki sætasta stelpan á ballinu. Ég hef unnið soldið með honum og veit að hann hefur hæverskt hjartalag og meiri reynslu af sveitarstjórnarmálum en aðrir frambjóðendur í þessum kosningum. Þess vegna ætla ég að kjósa Villa Þ. – nema hann missi ráð og rænu í kosningabaráttunni og fari að predika þjóðarsátt um að Reykvíkingar byggi flugvöll og jafnvel vatnsrennibraut á Lönguskerjum.

**LAUGARDAGUR,**

## Fúavarnarhátíð

Sólveig hefur áhyggjur af því að málningin sé farin að flagna af útidyratröppunum.

Ég stakk upp á því að nota bakdyrnar héðan í frá til að draga úr sliti. Ekki féll það í góðan jarðveg.

Í allan dag er ég búinn að **skrapa og pússa** og komst að því að tröppurnar eru grautfúnar. Þær voru smíðaðar fyrir 15 árum. Viðarklæðningin á framhlið hússins er hins vegar 130 ára og þar vottar hvergi fyrir fúa.

Sennilega hef ég eyðilagt viðinn í tröppunum með því að baða hann í olíum og fúavarnaefnum sem timburkaupmenn byrja ævinlega að auglýsa í dymbilvikunni eins og **krossfestingin** sé í þeirra huga áminning um að aðgæta hvort tréverk sé í lagi. Þeir eru langt komnir með að gera páskana að fúavarnarhátíð.

Ekki nema von að stjórnmálaflokkarnir vilji fá að fúaverja heilabú kjósenda.

Kannski kirkjan ætti líka að fara að auglýsa:

Mesti spennutryllir allra tíma:

Hver bar ábyrgð á krossfestingunni, Kaífas eða Pílatus?

Var Júdas dýrlingur eða djöfull?

Eru páskarnir brandari?

Þetta og ótal margt fleira verður upplýst í dag í kirkjum landsins.

Aðgöngumiðar við innganginn.

**PÁSKADAGUR 16. APRÍL,**

## Bókaormur og lestrarhestur

Fór í sund á páskadagsmorgun. Afskaplega er það skemmtilegt þegar opinberar þjónustustofnanir uppgötva að skynsamlegt sé að hafa opið þegar hugsanlegir viðskiptavinir eiga frí í vinnunni og hafa tíma til að notfæra sér þjónustuna.



Málshættirnir í páskaeggjunum stóðu þversum í barnabörnunum en eggjunum var sporðrennt með góðri lyst.

Ég lauk við að lesa alveg yndislega bók eftir **Árna Bergmann**. „Listin að lesa“ heitir sú. Þarna býður Árni lesandanum að skoða með sér það bókasafn sem einhver mesti bókaormur og lestrarhestur sem þessi bókaþjóð hefur alið geymir í höfðinu á sér.



„Ég byrjaði að lesa fimm ára,“ segir Árni Bergmann, „og ég er sá gæfumaður að mér leiðist ekki enn sú iðja.“

Sem er enn ein sönnun þess að sá sem hefur lært að lesa þarf aldrei framar að láta sér leiðast.

**ÞRIÐJUDAGUR, 19. APRÍL**

## Ísland fyrir Ingólfsmenn

Ný könnun á vegum **Gallup** sem unnin var fyrir **Ásgeir Hannes Eiríksson** bendir til þess að allt að þriðjungur þjóðarinnar gæti hugsað sér að kjósa flokk sem hefði það á stefnuskránni að berjast gegn fjölgun innflytjenda.



Það hefur lengi verið vitað að 20 prósent af hvaða hópi sem vera skal er ævinlega reiðubúinn að veifa röngu tré fremur en öngvu og berjast fyrir heimsku og þröngsýni.

Það sem kemur manni á óvart er að þessi könnun skuli gefa til kynna að Ásgeir Hannes virðist ekki aðeins eiga þessi 20 prósent að bandamönnum heldur 13 prósent til viðbótar.

Samt er hvert einasta mannsbarn á landinu komið af innflytjendum.

Ég sé fyrir mér eftirfarandi leikþátt.



Sviðið er Reykjavík árið 874. **Ingólfur Arnarson** er að rísa úr fleti sínu undir moldarbarði þegar húskarl hans, Ásgeir sem ættaður er úr Dyflinni, kemur æðandi með því fári sem Írum einum er lagið.

ÁSGEIR: Þat es skip at lenda hér í Víkinni.

INGÓLFUR: Þú segir nakkvat. Hvaða mannskapur es á þvísa skipi?

ÁSGEIR: Útlendur rumpulýður, allra þjóða kykvendi.

INGÓLFUR: Til vápna! Rekum þá burt!

ÁSGEIR: Ísland fyrir Ingólfsmenn!

HALLVEIG FRÓÐADÓTTIR: Rólegan æsing, drengir góðir. Spurt hef ek at í þessum hópi sé Ölkofri sá es heita kann bestan mjöð norðan Múndíufjalla, einnig munu þar í för vesa jarðyrkjumaðurinn Páll og kona hans Reka, hin gersku hagleikshjón Hamar og Sög og germanski heimspekingurinn Rúnar Reykás auk fleira fólks es kemur færandi hendi og kann til margra verka.

ÁSGEIR HANNES: Ísland fyrir ...

INGÓLFUR: ... Ingólfsmenn!

HALLVEIG: Æi, þegiði nú. Ingó minn, þú veist að Ásgeir hann es klikkaður. Nú kemur þú með mér að bjóða fólkið velkomið og svo reynum við að selja því nokkrar lóðir.

ENDIR

**FIMMTUDAGUR, 20. APRÍL -**

## Vorboðinn ljúfi, fagurgalinn

Einn er sá fugl sem ekki lætur fuglaflensuna á sig fá:

Það er **vorboðinn ljúfi, fagurgalinn**.



Sem ég lít út um gluggann minn á þessum sólbjarta fyrsta sumardegi sé ég að fagurgalinn er kominn í Grjótaþorpið, að vísu hefur hann ekki svifið hingað vængjum þöndum heldur er hann á rútu sem er merkt **„Samfylkingin“** í bak og fyrir og prýdd myndum af hinum íðilfagra og **idol-fríða lækni Degi Eggertssyni**.

Fagurgalinn er merkilegur fugl. Ljónstyggur og forðast manneskjurnar eins og heitan eldinn nema þegar kosningar eru í nánd. Þá gerist hann ákaflega hændur að fólki. Ekki skil ég hvernig fagurgalanum dettur í hug að leggja leið sína hingað – hér er ekkert að sjá nema atkvæðislausa lettneska iðnaðarmenn sem eru að leggja síðustu hönd á þá hryðjuverkastarfsemi R-listans sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur ekki við að reikna út að sé fullkomlega lögleg með hliðsjón af breyttum mælingaaðferðum.

Enda er fagurgalinn fljótur að sjá að hér er ekki atkvæða að vænta og eftirspurn eftir kosningaloforðum í sögulegu lágmarki.

„Senn er sigruð þraut,“ galar hann, „ég svíf á braut!“


BFGoodrich Tires



35”

BFG All Terrain
35x12,5 R15

16.870,- stgr.

Gerið verðsamanburð margar stærðir

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110

KT verslun Akureyri
Njarðarnesi S. 466 2111

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

# MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



# KYNNINGARFUNDUR



**Þriðjudaginn 25. apríl kl. 17:00 í Námunni, sal Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 3.**
**Umsóknarfrestur er til 15. maí.**

## TVEGGJA ÁRA NÁM SAMHLIÐA STARFI



Nýr og spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.

Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).



| MEÐAL NÁMSEFNIS Á 1. ÁRI | MEÐAL NÁMSEFNIS Á 2. ÁRI |
|---|---|
| • Stefnumótun | • Ferli og ferlisvæðing |
| • Áætlanagerð | • Hópurinn og hópdýnamík |
| • Leiðtoginn og sjálfið | • Stjórnandinn og skipulag |
| • Samningar og deilur | • Fjármál verkefna |
| • Upplýsingatækni | • Fjölþjóðleg verkefni |



### ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI:

- BA/BS/B.ed. eða sambærilegt.
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu.
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg.

Fiton/SÍA

www.mpm.is

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Það fer að nálgast hamfarir að sitja uppi með þessa ríkissjórn.“*

***Jón Bjarnason, þingmaður VG, í umræðum á Alþingi um verðbólgu og olíuverð í gær.***

***„Það er líka aðalatriði fyrir þá sem eru að dæma okkur út í frá, að það sé reiknað með því að fólk geti haldið sinni vinnu og sínum tekjum til þess að greiða sínar skuldir.“***

***Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, eftir ríkisstjórnarfund síðastliðinn þriðjudag.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# *Úr bakherberginu...*

### Rússar til fyrirmyndar

Það er eins og skerpuna og brennidepilinn skorti í samstarfi stjórnarflokkanna þessa dagana. Þetta á við um störf þingsins þessa síðustu daga fyrir þinglok. Hver höndin er þar upp á móti annarri og ekkert samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um framgang mála. Það birtist ágætlega í upphafi þingfundar í gær. Stjórnarandstæðingar vildu ræða 25 prósenta gengisfellingu krónunnar á nokkrum mánuðum og alvarlegar aðstæður í efnahagslífinu. Þeir vildu lækka álögur á olíu og bensín til að slá á verðbólguna. Fjármálaráðherra vildi skoða málið í víðu samhengi. Umræður bárust að fundarstjórn forseta og þótti ýmsum sem Sólveig Pétursdóttir beitti agavaldi sínu síður á stjórnarliða en stjórnarandstæðinga sem kvörtuðu hástöfum. Hún mótmælti.



Steingrímur J. Sigfússon, mættur ferskur úr veikindaleyfi, kom með ferskan vinkil á málin. „Það er þannig í rússnesku dúmunni að fundur hvers dags hefst á umræðum um dagskrá fundarins... Og fundurinn gengur frá dagskránni sjálfur ef með þarf.“ Steingrímur taldi þetta eftirbreytnivert, því ófært væri að hafa ágreining dögum saman um sjálfa dagskrána en ekki sjálf viðfangsefni þingsins.

### Einræði fyrr og nú

Mörður Árnason, Samfylkingunni, teygði sig aftur til Rómaveldis til samjöfnuðar. Sagði að á þingi þeirra (senat) hefði leyfst að kjósa einn mann, dictator, til valda þegar neyðarástand kom upp. „Hann gat kippt úr sambandi öllu því stjórnkerfi sem fyrir hendi var og gefið út tilskipanir,“ sagði Mörður og bætti við að einvald hefði mátt ráða með þessum hætti til sex mánaða. „Ég sé ekki betur en að sá voði hafi nú færst að þjóðinni að forseti þingsins hafi með svipuðum hætti tilnefnt sjálfan sig sem dictator yfir Alþingi Íslendinga.“

Hér glumdi bjallan umsvifalaust og Sólveig Pétursdóttir forseti bað þingmanninn kynna sér lög um þingsköp Alþingis, „ þar sem kemur ótvírætt fram hvaða vald forseti Alþingis hefur til þess að setja mál á dagskrá hér og annað því um líkt“.

Mörður gaf sig ekki og taldi Sólveigu hafa kosið sjálfa sig sem dictator eða einvald, „dictator sem kippti úr sambandi starfsáætluninni, sem ekki hefur samráð við þingflokksformenn um störf þingsins og setur sjálf án nokkurs samráðs þau mál á dagskrá sem henni þykja brýnust.“

Hér þyngdist brúnin á forseta. „Forseti spyr hvort skilja eigi það svo að forseti sé með ofbeldi, þegar á dagskrá er tekið fyrir stjórnarfrumvarp sem afgreitt er með þingmeirihluta og eðlilegum hætti frá menntamálanefnd?“

Kannski er það framkvæmdavaldið sem er hinn eiginlegi „dictator“ yfir löggjafarvaldinu.

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# *Gallúplýðræði*



Þegar stjórnmálaflokkar í vanda fara í fjárhirslur sínar og kaupa skoðanakannanir sem leiða eiga í ljós hvað kjósendur vilja sjá efst á blaði stefnuskrár viðkomandi flokka, þá er tilvist þeirra á brauðfótum. Ef allir flokkar tækju mið af forgangsröð þeirri sem kjósendur settu fram í niðurstöðum skoðanakannana yrðu stefnuskrár flokkanna eins. Það mætti kalla Gallúplýðræði.

Spurt hefur verið hvort stjórnmálamenn séu orðnir svo háðir viðhorfsmælingum meðal kjósenda að þeir hafi aðeins skoðanir í samræmi við slíkar niðurstöður. Spurt hefur verið hvort stefnumótun flokka og aðdráttarafl þeirra gagnvart kjósendum ákvarðist æ minna af frumkvæði stjórnmálamanna með hugmyndir og sannfæringu.

Það liggur í hlutarins eðli að kjósendur eru ævinlega andvígir óvinsælum ákvörðunum. En ábyrg stjórnmál eiga að bera þann kaleik.

Allir framboðslistar í Reykjavík fjalla um samgönguvanda innan borgarinnar. Sjálfgefið er að fæstir þeirra setja spurningamerki við vaxandi notkun einkabifreiða. Litið er á það sem fylgifisk aukins mannfjölda, velmegunar og vaxtar. Kjósendur eru líklegir til þess að greiða atkvæði með heimilisbílum sínum og krefjast greiðari akbrauta um borgina. Skoðanakannanir mundu ófrávíkjanlega leiða þennan vilja kjósenda í ljós. Til að efla kjörþokka sinn yrðu því stjórnmálaflokkar að tala fyrir greiðum samgöngum í göngum, í stokkum eða um mislæg gatnamót og yrðu að treysta fylgið með því að standa sig betur en keppinautarnir á leiðinni frá orðum til gatnaframkvæmda.

Allt yrði þetta á kostnað þess að setja fram nýja hugmyndafræði, nýjar lausnir og keppa um atkvæðin á þeim forsendum. Valkostur væri til dæmis að banna umferð einkabifreiða um miðborgina, þróa skipulag hennar í samræmi við það og bjóða þar aðra valkosti í samgöngum.

Hlýðni og fylgispekt við flokksvald getur einnig hamlað fjölbreytni og hugmyndaauðgi einstakra stjórnmálamanna. Sá sem fer gegn flokksstjórninni verður vargur í véum eins og Guðmundur Finnbogason orðaði það á bók árið 1924. „Það eru talin svik við flokkinn að halda fram öðrum skoðunum en þeim sem koma heim og saman við stefnu hans. Þar sem svona er í garðinn búið, þá er ekki von að stjórnmálaflokkar verði neinar gróðrarstöðvar frjálsar hugsunar um þjóðmálin og rannsóknir á þeim.“

# Stefnubreyting í kyrrþey

**Rökræðan á Alþingi um þau áform að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag hefur leitt eitt og annað í ljós. Meðal annars er nú staðhæft af stjórnarandstæðingum að í raun megi taka upp alla kosti hlutafélagsformsins án þess að setja hf aftan við RÚV. Til skamms tíma barðist Framsóknarflokkurinn gegn hlutafélagavæðingu og vildi breyta RÚV í sjálfseignarfélag.**



**RÍKISÚTVARPIÐ** Ítarleg umræða kann að skýra markmið og leiðir um framtíð og hlutverk almannaútvarps í breyttu þjóðfélagi. Umræðan er tímafrek en nauðsynleg lýðræðinu.

„Hvar er Framsóknarflokkurinn í þessari umræðu,“ spurði Össur Skarphéðinsson Samfylkingunni í lok klukkustunda langrar ræðu sinnar um Ríkisútvarpið síðastliðið miðvikudagskvöld og horfði yfir þingsalinn. „Það eru ekki nema tvö ár síðan Framsóknarflokkurinn samþykkti það með hátíðlegu klappi á aðalfundi miðstjórnar að hann mundi aldrei fallast á það að Ríkisútvarpið yrði að hlutafélagi. Núna kemur formaður flokksins fyrstur manna fram á liðnu sumri til þess að færa þjóðinni þá blekkingu að tilmæli og álitsgerð sem kom frá ESA væri þess eðlis að það væri ekki hægt að túlka hana með öðru móti en að Ríkisútvarpið yrði að gera að hlutafélagi. Þegar málið er síðan skoðað kemur í ljós að það er rangt... Því var haldið fram í fjölmiðlum af hálfu forystu stjórnarflokkanna að þessi tilmæli væru þess eðlis að það yrði að háeffa Ríkisútvarpið og Framsóknarflokkurinn lét plata sig með þessum hætti. Þeir menn sem sögðu að fyrr mundu þeir dauðir liggja en að fallast á að það vígi mundi líka falla, þeir féllust að lokum á hlutafélagavæðinguna út af þessu. Hvað kemur svo í ljós. Þegar loksins er skoðað hvað felst í tilmælunum þá er það í fyrsta lagi að það verði að aðskilja samkeppnisreksturinn frá almannaútvarpsrekstrinum og það verður að koma í veg fyrir að ríkið beri ótakmarkaða ábyrgð á félaginu. Hvoru tveggja er hægt að gera með því að hafa stofnunina á formi sjálfseignarfélags í atvinnurekstri. Og það er það form sem ég tel að eigi að beita... Það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að taka kosti hlutafélaganna upp hjá Ríkisútvarpinu án þess að breyta því í hlutafélag.“

Össur benti meðal annars á að með nýjum útvarpsstjóra hefði stofnunin sýnt snerpu í samkeppninni um starfsfólk í greininni. Óþarft væri að tala um RÚV eins og væri það hálfgerður garmur.

### Sjálfseignarstofnun

Þótt þingmenn Framsóknarflokksins hafi sig lítið í frammi í umræðunni um RÚV er ekki þar með sagt að flokkurinn hafi ekki haft stefnu – jafnvel afdráttarlausa – í málefnum Ríkisútvarpsins. Framsóknarflokkurinn hefur til að mynda í tímans rás margályktað um mikilvægi stofnunarinnar.

Á miðstjórnarfundi flokksins árið 2001 vitnaði Halldór Ásgrímsson, formaður flokksins, með eftirfarandi hætti í flokksskipaða nefnd sem hafði þá fjallað ítarlega um RÚV: „Nefndin telur að draga eigi úr vægi stjórnmálaflokka í stjórn stofnunarinnar og þar verði hleypt að stjórnun fjölbreyttari hópi, eins konar þverskurði af samfélaginu. Þetta verði best gert með því að gera Ríkisútvarpið að sjálfseignarstofnun. Um leið þurfi að gera stjórn stofnunarinnar ábyrga fyrir bæði rekstri og dagskrá en jafnframt þurfi að verða til farvegur fyrir álitamál um framkvæmd grundvallarhlutverks Ríkisútvarpsins.“

Halldór bætti við þetta að unnið yrði að stefnumótun um málefni RÚV í sérstökum starfshópi á vegum ríkisstjórnarinnar. Þetta var í nóvember 2001.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA 2002:** „Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag en í tengslum við endurskoðun löggjafar um ríkisútvarpið verði kannað hvort rétt sé að breyta því í sjálfseignarstofnun.“

### Framsókn gegn einkavæðingu

Nærri hálfu ári síðar talaði Halldór ítarlega um fjölmiðla og stjórnmál á vorfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins og hallaðist eindregið að styrkum almannafjölmiðli eða ríkisútvarpi.

Halldór sagði að á Íslandi hefði á undanförnum árum orðið vart við síaukinn þrýsting í þá átt, „einkum frá þeim sem telja að frjálshyggja sé lausnarorðið og ríkið eigi ekkert að hafa með uppbygginguþjóðfélagsins að gera. Gegn þessum sjónarmiðum höfum við framsóknarmenn barist af fullum krafti og munum gera áfram. Á síðasta flokksþingi samþykktum við ályktun um að löggjöf um ríkisútvarpið yrði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja hlutleysi þess og sjálfstæði og að stofnuninni yrði áfram gert kleift að rækta mikilvægt menningarhlutverk sitt. Ríkisútvarpinu verði ekki breytt í hlutafélag en í tengslum við endurskoðun löggjafar um ríkisútvarpið verði kannað hvort rétt sé að breyta því í sjálfseignarstofnun.“



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR** „Og nú liggur hann á hnjánum, rúinn fylgi, rúinn trausti, rúinn öllum trúverðugleika, rúinn þeim stefnumiðum sem hann sjálfur lagði upp með.“

### Beygður af samstarfsflokknum?

Ljóst er að Framsóknarflokkurinn hefur horfið frá stefnu sem til skamms tíma var býsna afdráttarlaus. Orð Halldórs hér að ofan verða ekki skilin öðruvísi en svo að flokkurinn talaði fyrir sjálfseignarformi RÚV og gegn öllum áformum um einkavæðingu stofnunarinnar.

„Framsóknarflokkurinn var sá flokkur sem hélt fjallræður hér úr þessum stóli,“ sagði Össur Skarphéðinsson í niðurlagi ræðu sinnar á miðvikudagskvöld. „Sem hélt bergnumdar ræður á flokksþingum sínum um það að fyrr skyldi hann á hnjánum liggja heldur en að hann féllist á það að gera ríkisútvarpið að hlutafélagi. Og nú liggur hann á hnjánum, rúinn fylgi, rúinn trausti, rúinn öllum trúverðugleika, rúinn þeim stefnumiðum sem hann sjálfur lagði upp með. Og er nema von að flokkurinn sé í þeirri stöðu sem hann er núna þegar hann aftur og aftur lætur Sjálfstæðisflokkinn beygja sig til óhæfuverka.“

johannh@frettabladid.is


Birta er komin út!

Klippt og skorið í Hlíðunum




Pastamáltíð með humri
Húmorinn í Sigtúni
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS


Marineraður og beinlaus lax á grillið, LOKKANDI LÚÐUSTEIK, laxafiðrildi og beinlausi NF laxinn
Laxinn og lúðan
Nýtt í Bónus!
EKKERT BRUÐL
FROSNAR LAXAKÓTELETTUR 599 kg KR.
FROSNIR LAXABITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI 899 kg KR.
FROSNIR LÚÐUBITAR 999 kg KR.
LAX Á GRILLIÐ 998 kg KR. BEINLAUS OG MARINERAÐUR
Frábært úr frystinum!
Helgartilboðin
EURO SHOPPER
FROSNIR STÖNGLAR 98 KR. 450g
KORNSTÖNGLAR
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 1298 KR. 900g
Kjúklingabringur
-danskar, frosnar
Frosna grænmetið í kílópokunum
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA 198 KR. HEILT KÍLÓ!
2+1 FRESCHETTUR 599 KR. 1200g
3 FOR 2 1 PIZZA GRATIS FOR FREE
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
lamba lærið
30% afsláttur við kassann
KF SALAT 98 KR. 350g
Kartöflu salat
Hrá salat
1200g PITSUTILBOÐ 3x400g
EKKERT BRUÐL
Ævintýri fyrir börnin!
TRAMBÓLÍN 3.6 metra
13.900
Öryggisnet fylgir ekki
SELST Í ÖLLUM SÉRVÖRUVERSLUNUM
Gleði í garðinn - gleði í bústaðinn!
BÓNUS
BÓNUS PYLSUR 479 kg KR. Merkt verð 599KR.
LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ 1189 kg KR. MERKT VERÐ 1699KR.
LÚXUS LAMBALÆRI
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
270 ml GRILLSÓSA 149 KR.
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS
ERA/Landlist


3 FYRIR 2
FRESCETTA PIZZUR 2 TEG.
30% Afsláttur
Ali BBQ steik
Grísa hryggjarvöðvi
1.539 kr./kg.
599 kr./pk.
Frescetta pizzur 3 fyrir 2 í pakka 2 teg.
30% Afsláttur
Gourmet rauðvínslegið lambalæri
1.312 kr./kg.
Myllan hrískaka
229 kr./stk.
698 kr./pk.
Móa kjúklingapíta
Twix king size
Snickers big one
99 kr./stk.
Myllan Brallarabrauð
99 kr./stk.
Myllan kryddkaka
249 kr./stk.
Bounty rautt/blátt
49 kr./stk.
Oreo Nabisco hjúpað 2 teg.
199 kr./pk.
Oreo Nabisco
119 kr./pk.
Myllan sjónvarpskaka
299 kr./stk.
Konfektepli 1,36 kg
119 kr./pk.
30%
Álegg 3 tegundir
Greip hvítt / rautt
76 kr./kg.
Kostar minna
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað



Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
SS Kaj P's Lambamjaðmavöðvi 1.643 kr./kg.
30% Afsláttur
Ali Pork Roast steik 1.049 kr./kg.
GOTT Á GRILLIÐ
2 lítrar
30% Afsláttur
Móa Gordon bleu 965 kr./kg.
Happy Day 2 L ávaxtasafar 3 teg.
249 kr./stk.
Hunt's grillsósur 4 teg.
198 kr./stk.
Twix Mars
49 kr./stk.
ÓDÝRT Á NAMMIDAGINN
Góðir kaupaukar fylgja Scholl fótavörunum
Big George Foreman Grill
5.995 kr./stk.
Verð áður 8.995 kr.
BIG
NÝTT STÆRRA OG GLÆSILEGRA GRILL
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

**RICHARD NIXON (1913-1994) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Allar konur sem hafa verið forsetafrúr finnst það gaman. Mér er sama hvað þær segja, þeim finnst það gaman.“*

*Nixon var 37. forseti Bandaríkjanna og kona hans, Pat Nixon, tók virkan þátt í stjórn landsins.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## Á ÞESSUM DEGI > 22. APRÍL 1370

# Hornsteinn lagður að Bastillunni



Á þessum degi árið 1370 hófst bygging Bastillunnar í París. Karl fimmti Frakkakóngur átti hugmyndina að varnarhliðinu, sem átti að verja París enn betur fyrir árásum Englendinga.

Bastillan samanstóð af átta turnum sem voru tengdir saman með varnarmúrum. Hún var þrjátíu metra há og tróndi yfir París á árum áður. Fyrir utan hana var svo 24 metra breitt borgarsíki.

Byggingin fékk annað hlutverk á sautjándu öld þegar Richelieu kardínáli ákvað að gera Bastilluna að ríkisfangelsi. Þangað fóru fangar eftir skipun konungsins og var ekki hægt að áfrýja ákvörðuninni. Í Bastillunni voru því saman komnir fangar sem teknir höfðu verið höndum meðal annars vegna stjórnmálaskoðana sinna eða til að verja fjölskylduheiður þeirra.

Því var það tákn endaloka gamalla tíma þegar trylltur múgur réðst inn í Bastilluna að morgni 14. júlí 1789, í upphafi frönsku byltingarinnar. Þá var einungis sjö mönnum haldið þar föngnum. Byggingin var því næst eyðilögð eftir skipun frá byltingarstjórninni.

## MERKISATBURÐIR

1500 Portúgalski landkönnuðurinn Pedro Álvares Cabral kemur auga á Brasilíu fyrstur Evrópubúa.

1913 Pravda, blað kommúnistaflokksins í Rússlandi, kemur út í Pétursborg.

1944 Bresk herflugvél hrapar um fimmtíu metra frá nýja stúdentagerðinum í Reykjavík með þeim afleiðingum að áhöfnin ferst.

1950 Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er frumsýnd í Þjóðleikhúsinu.

1975 Barbara Walters skrifar undir fimm ára samning við bandaríska sjónvarpsstöðina ABC og verður launahæsti sjónvarpsfréttamaður heims.

## AFMÆLI



**Úlfur Hjörvar** rithöfundur er 71 árs.



**Sigmund Jóhannsson** er 75 ára.



**Matthías Hemstock** trommuleikari er 39 ára.

## ANDLÁT

**Elín Guðmundsdóttir**, áður til heimilis í Mávahlíð 1, lést á dvalarheimilinu Grund miðvikudaginn 19. apríl.

**Elísabet María Kvaran** er látin.

**Kristín Ólöf Marinósdóttir Nordquist**, Svíþjóð, lést á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 18. apríl.

**Kristín Tómasdóttir**, Borgarhrauni 35, Hveragerði, lést að morgni mánudagsins 17. apríl.

**Kristín Ásta Ólafsdóttir** lést á heimili sínu, Seljahlíð, fimmtudaginn 20. apríl.

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**, Sóltúni 2, áður Hörðalandi 14, er látin.

**Sigurður Geir Ólafsson** lést mánudaginn 17. apríl.

## JARÐARFARIR

10.30 **Gústaf Sigurjónsson**, Hólagötu 46, Vestmannaeyjum, verður jarðsunginn frá Landakirkju.

11.00 **Hulda Salóme Guðmundsdóttir** frá Úlfsá verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

13.30 **Lára Jakobsdóttir**, Syðri-Reykjum, Biskupstungum, verður jarðsungin frá Skálholtskirkju.

14.00 **Anna S. Wium Kristinsdóttir**, Hjarðarslóð 3d, Dalvík, verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju.

14.00 **Guðrún Guðmundsdóttir (Bíbí)**, Hjarðartúni 7, Ólafsvík, verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju.

14.00 **Rut Gunnarsdóttir** verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju.

14.00 **Unnur Pálsdóttir** verður jarðsungin frá Reykholtskirkju.



**SÆLL OG GLAÐUR Í TILEFNI DAGSINS** Tvenn tímamót eru í lífi Páls Kristins Pálssonar rithöfundar í dag. Hann er fimmtugur og fagnar um leið útkomu níundu bókar sinnar, Það sem þú vilt. Afmælisbarnið dvelur á Cobacabana-ströndinni í Rio de Janeiro. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## PÁLL KRISTINN PÁLSSON RITHÖFUNDUR: FIMMTUGUR Í DAG

# Smásagnaformið heillar mest

„Sögurnar fjalla um bröltið á mannfólkinu,“ segir Páll Kristinn Pálsson rithöfundur, sem fagnar fimmtugsafmælinu sínu í dag með útgáfu smásagnasafnsins Það sem þú vilt. Þetta er níunda bók Páls og jafnframt annað smásagnasafnið en hann hefur fengist við flest svið skáldskapar um ævina.

Sami sögumaður er í þremur sagnanna og sá hinn sami kom einnig fyrir í fyrsta smásagnasafni Páls, Burðargjald greitt, en það kom út árið 1999. „Flestar sögurnar eru tví- og jafnvel margræðar og það er lesandans að velja sína túlkun,“ segir Páll um eðli sagnanna. „Tvær þeirra, Bókamerkið og Skiljan skilur, fjalla um einhvers konar hjónabandskrísur og í einni, Í dulargerfi, leik ég mér að því hvað er skáldskapur og hvað er veruleikinn.“

Sögurnar sex hafa orðið til allt frá 1999 enda skrifar Páll smásögurnar sínar í skorpum. „Þær geta legið lengi áður en þær verða fullmótaðar. Ég fæ kannski hugmynd og skrifa hana niður og svo líður eitt ár þar til ég tek hana upp og vinn í henni. Öfugt við skáldsögur þar sem maður þarf helst að skrifa í samfellu er þetta skorpuvinna.“

Frá Páli hafa komið skáldsögurnar Hallærisplanið, Beðið eftir strætó, Á hjólum, Vesturfarinn og Í upphafi var morðið, sem hann skrifaði í samvinnu við góðvin sinn Árna Þórarinsson. Þá skrifaði hann ævisögur Jóhanns G. Bergþórssonar og Kristins Hallssonar og sjónvarpshandritin Dagurinn í gær og 20/20, bæði ásamt Árna. Áður var Burðargjalds greitt getið.

Páll segir afar skemmtilegt að fást við smásagnaformið. „Það heillar mig mest vegna þess að þær eru gríðarlega krefjandi. Nálgunin er talsvert önnur en í skáldsögum, formið er brothætt og hver einasta setning skiptir gríðarlegu máli. Ein setning á röngum stað getur eyðilagt söguna. Það má því segja að hvert orð sé dýrara. En ég hef mjög gaman af þessu öllu og er upptekinn af því sem ég fæst við í það og það sinnið.“

Páll heldur upp á fimmtudagsafmælið á Cobacabana-ströndinni í Rio de Janeiro í Brasilíu. Hann er á tæplega mánaðarlöngu ferðalagi um Argentínu og Brasilíu ásamt eiginkonu sinni Elsu Maríu Ólafsdóttur. „Það var gamall draumur okkar að komast til Suður-Ameríku,“ segir Páll, sem býst við að skrifa eitthvað ytra. „Mér finnst mjög gaman að skrifa á ferðalögum. Ég hef ekki jafn mikið úthald í sólböð og Elsa María og finnst þá ágætt að sitja í skugganum og skrifa,“ segir afmælisbarnið. ■



**KLÁM Í MATVÖRUBÚÐUM** Í kynningunni verður meðal annars fjallað um aðgengi að klámi.

# Klám og kynlíf

Í dag verður rannsókn nemenda í fjölmiðlafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands á klámi og kynlífi í íslensku samfélagi. Rannsóknarsetur um fjölmiðlun og boðskipti býður til kynningarinnar sem haldin verður í dag milli klukkan 13 og 16.

Meðal umfjöllunarefna verður aðgengi ungs fólks að klámi og greint frá tíðni kláms og kynlífstengdra atriða í íslenskum fjölmiðlum og kynntar niðurstöður rannsóknar á viðhorfi framhaldsskólanemenda til kláms og kynlífs.

Kynningin verður haldin í stofu 101 í Odda og er öllum heimilt að hlýða á kynninguna án endurgjalds.



**VIKU SEINNA** Rétttrúnaðarkirkjan fagnar páskum samkvæmt júlíanska dagatalinu og er páskahelgin því viku seinna en hér hjá okkur. Patríarkinn Þeófílus þriðji gerir sig hér tilbúinn til að predika í hátíðarmessu í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Páskahátíð Austurkirkjunnar

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan á Íslandi heldur páskahátíð á morgun. Vorhátíðin - páskar er aðaltrúarhátíð kirkjunnar, sem fylgir júlíanska dagatalinu og er hátíðin því haldin viku síðar en þekkist hér á landi.

Miðnæturmessa verður í kvöld, klukkan 23:50 í Dómkirkjunni við Austurvöll. Á miðnætti verður helgiganga að fornum sið í kringum kirkjuna og verður prestur safnaðarins, faðir Tímofei Zolotúsky, í fararbroddi. Kór rétttrúnaðarkirkjunnar tekur einnig þátt í guðsþjónustunni en kórinn er skipaður Rússum, Serbum, Búlgörum, Grikkjum og fleiri orþódoxtrúar hér á landi. Þar að auki koma hingað til lands söngkonur úr söfnuðnum í Finnlandi til að styrkja kórinn.

Á morgun klukkan 17.00 heldur söfnuðurinn páskasamkomu og tónlistarskemmtun í samstarfi við Sendiráð Rússlands. Samkoman fer fram í sal MÍR á Hverfisgötu 105, fyrstu hæð. Fyrrgreindir tónlistarmenn koma þar fram ásamt barnakór.

Á sama stað, mánudaginn 24. apríl klukkan 18.00 heldur farið Tímofei erindi um páskahátíðina og stöðu kirkjunnar í Rússlandi. Kór rétttrúnaðarkirkjunnar kemur þar einnig fram ásamt Germans Hlopin harmónikkuleikara og hinni tékknesku Dagmar Kunakovu sellóleikara en bæði kenna þau í tónlistarskóla Reykjanesbæjar.



**RÚSSNESK RÉTTTRÚNAÐARKIRKJA** Orþodoxsöfnuðurinn á Íslandi heldur páskahátíð um helgina.

HÆRRI
VINNINGAR
MEIRI
PENINGAR

# SKEMMTILEGRA LOTTÓ

STÆRRI
POTTAR

**Nú eru vinningarnir hærri, pottarnir stærri og meira af peningum sem þú getur átt von á. Lottóið hefur aldrei verið skemmtilegra!**

Lottó

Röðin kostar 100 kr. Smelltu þér á lottómiða á næsta sölustað eða á **lotto.is**

ENNEMM / SÍA / NM21398

# Hef dregið vagninn nógu lengi



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Alfreð Þorsteinsson**, forseti borgarstjórnar og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, hættir í stjórnmálum að loknum borgarstjórnarkosningunum í lok maí. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segir hann brotthvarf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur úr stóli borgarstjóra hafa verið upphafið að endalokum R-listans. Hann kveðst stoltur af umdeildum verkum sínum hjá Orkuveitunni og segist þreyttur á erjum og óeiningu innan Framsóknarflokksins.

Alfreð á að baki langan feril í pólitíkinni og hefur bæði starfað í minni- og meirihluta borgarstjórnar. Hann hefur alltaf verið umdeildur enda talinn til refanna í íslenskri pólitík. Hann hefur ekki alltaf gengið í takt við forystu Framsóknarflokksins og raunar átt það til að mótmæla henni hástöfum.

Völd Alfreðs eru sögð mikil og stundum hefur hann verið kallaður yfirborgarstjóri Reykjavíkur.

Umdeildustu verk hans lúta að Orkuveitu Reykjavíkur en snúast ekki um orku. Meðal þeirra er risavaxin bygging á Bæjarhálsi en á sjöttu hæð hennar, þaðan sem útsýnið yfir borgina er stórkostlegt, hefur Alfreð litla og látlausa skrifstofu til umráða. Þar tekur hann á móti blaðamanni og ræðir um Reykjavíkurlistann, Orkuveituna og Framsóknarflokkinn.

Við byrjum á Reykjavíkurlistanum en þriðja og síðasta kjörtímabil hans við stjórn borgarinnar er senn á enda. „Það er í raun merkilegt að Sjálfstæðisflokknum tókst aldrei að fella þennan meirihluta heldur kaus hann sjálfur að leggja sig niður, og það þrátt fyrir að í síðustu skoðanakönnun sem gerð var á meðan R-listinn var enn við lýði kom í ljós að meirihluti borgarbúa vildi hafa hann áfram. Samt eru þetta örlög hans,“ segir Alfreð, sem viðurkennir að mál hafi æxlast öðru vísi en hann hafi óskað og að sér finnist sorglegt hvernig komið sé. „Það voru Vinstri grænir sem á endanum ákváðu þetta.“ Engu að síður er hann þeirrar skoðunar að brotthvarf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur úr stóli borgarstjóra í byrjun árs 2003 hafi verið upphafið að endalokunum. En meira um það síðar.

### Áhyggur af einkavæðingu

Það er mat Alfreðs að samstarfið um R-listann hafi gengið afskaplega vel. Og hann segir það í raun einstakt. „Þetta er lengsta samfellda sameiginlega verkefni félagshyggjuflokkanna svonefndu. Þó ég líki meirihluta í Reykjavík ekki saman við ríkisstjórnir þá hafa starfað nokkrar vinstristjórnir í landinu en yfirleitt sprungu þær á limminu eftir stutt samstarf. Sjálfstæðismenn töldu alltaf að þetta myndi ekki duga lengi hjá okkur og nánast biðu frá viku til viku eftir að upp úr flosnaði. Þeim varð ekki að ósk sinni,“ segir hann og brosir.

Aldrei áður hafa sjálfstæðismenn staðið jafn lengi utan meirihluta borgarinnar og ekki er laust við að Alfreð Þorsteinssyni finnist það sérstakt fagnaðarefni. Honum líkar enda ekki sérlega vel við pólitískar áherslur Sjálfstæðisflokksins. „Aðstæður nú kunna að leiða til þess að Sjálfstæðisflokkurinn verði leiddur hér til öndvegis. Ég hef samt litla trú á að hann fái meirihluta og held frekar að mynduð verði samsteypustjórn.“

Margir hafa bent á að hugsanlega muni Framsóknarflokkurinn hafa það í hendi sér hverjir vinni saman að loknum kosningum. Hann geti bæðið hallað sér til hægri og vinstri. „Málefnin ráða,“ segir Alfreð. „En ég hef vissar áhyggjur af að Sjálfstæðisflokkurinn hafi áhuga á að breyta Orkuveitunni í hlutafélag með það fyrir augum að hún verði einkavædd með tíð og tíma. Slíkt á ég mjög erfitt með að hugsa mér og Framsóknarflokkurinn myndi aldrei ganga að því.“

### Efaðist aldrei um Línu.net

Orkuveita Reykjavíkur er í hópi stærstu fyrirtækja landsins og hefur í stjórnarformennskutíð Alfreðs tekist á hendur ýmis umdeild verkefni sem pólitískir andstæðingar hans hafa gagnrýnt harðlega. Hann hefur varist fimlega og alltaf haldið sínu striki enda sannfærður um ágæti verkefnanna, hvort sem þau heita Lína.net, risarækjueldi, frístundabyggðir eða bygging Orkuveituhússins.

„Hér hefur orðið gríðarlegur vöxtur. Þegar veitufyrirtækin voru sameinuð í Orkuveituna var velta þeirra sjö milljarðar en nú er hún sautján milljarðar. Og ég held að flestir séu sammála um að þetta sé djásnið í krúnu Reykjavíkurborgar.“

Alfreð segir það hafa vera heillaspor fyrir Orkuveituna og borgarbúa að stofnað var til Línu.nets. „Fyrirtækið er forveri gagnaflutningadeildar Orkuveitunnar sem er mjög þýðingarmikil og vaxandi. Veltan í þessari starfsemi er um 500 milljónir króna á ári og það er hagnaður af rekstrinum. Gagnrýni Sjálfstæðisflokksins á hendur fyrirtækinu var ekki réttmæt og honum til lítils sóma.“

Hann segist aldrei hafa efast um ágæti Línu.nets þrátt fyrir harða gagnrýni. „Ég sá að þetta var framtíðin. Menn verða oft að berjast fyrir málum og þola að fá vindinn í fangið. Ef þú trúir að þú sért að gera rétt skiptir ekki máli þó gagnrýnin sé hörð því á endanum stendurðu uppi sem sigurvegari. Og það held ég að hafi sannast með þessa starfsemi og raunar aðra sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur gagnrýnt okkur fyrir,“ segir Alfreð og nefnir risarækjueldið, sem hann segir blómstra þessa dagana.

### Perlan enn til sölu

Í farvatninu er að stærsti rækjuútflytjandi landsins taki risarækjueldið yfir og kaupi í framhaldinu afgangsvatn af Orkuveitunni. „Þessar tilraunir og allt sem við höfum gert er í fullu samræmi við lög fyrirtækisins. Þau gera beinlínis ráð fyrir að staðið sé í þróunarstarfi og nýsköpun sem tengist okkar starfsemi. Í þessu tilviki vildum við kanna hvort hægt væri að nýta afgangsvatn sem annars rennur til sjávar. Það er hægt og við munum hafa af því tekjur í framtíðinni.“

Bygging hússins á Bæjarhálsi var gagnrýnd. Sagt var að bruðlað væri með fé og að áætlanir stæðust ekki. Alfreð blés á þá gagnrýni og gerir enn. „Hér er bara ekkert bruðl,“ segir hann og horfir í kringum sig. „Gárungarnir kalla þetta reyndar Alfreð Hall, samanber Albert Hall í London. En mér þykir vænt um þetta hús og það er eitt af kennileitum borgarinnar.“

Segja má að gagnrýni sjálfstæðismanna á Orkuveituhúsið nú sé sambærileg gagnrýninni sem flokkurinn mátti sjálfur þola vegna byggingu Perlunnar á sínum tíma en hún var reist fyrir reikning Hitaveitunnar. Mitt í orrahríðinni steig Alfreð fram og sagði Perluna til sölu. „Mér þótti hræsni af sjálfstæðismönnum að tala um bruðl og að fyrirtækið væri að fara í verkefni sem samræmdust ekki raunverulegri starfsemi. Ég benti þá á að Sjálfstæðisflokkurinn hefði staðið að byggingu veitingahúss á vegum þessa sama fyrirtækis sem væri miklu fjær starfseminni en til dæmis fjarskiptastarfsemin. Og þar sem fyrirtækið greiðir árlega með Perlunni væri upplagt að selja hana.“

Alfreð segir nokkur tilboð hafa borist á sínum tíma en ekkert hafi verið nægilega hátt. Og Perlan er ennþá til sölu og föl fyrir 1.200 – 1.300 milljónir.

En svo vikið sé að meginstarfseminni er augljóst að orkufyrirtækin í landinu skipta miklu máli og óhætt að segja að Íslendingar séu heppnir að eiga alla þá orku sem fólgin er í jarðvarma og fallvötnum, ekki síst nú á dögum þegar olíuverð er í hæstu hæðum. Alfreð bendir á að ef Reykvíkingar og aðrir höfuðborgarbúar hefðu ekki hitaveitu og þyrftu að hita hús sín með olíu myndi það kosta þá um tuttugu milljarða króna á ári umfram það sem þeir greiða í dag. Þannig myndi fjögurra manna fjölskykda sem greiðir 50 þúsund kórnur árlega í upphitun þurfa að greiða 250 þúsund krónur eða fimmfalt meira.

### Ræddi við sjálfstæðismenn

Eins og áður sagði telur Alfreð Þorsteinsson að ákvörðun Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um að bjóða sig fram til þings fyrir Samfylkinguna í kosningunum 2003 hafi verið upphafið að endalokum R-listans.

Samstarfsflokkarnir gátu engan veginn sætt sig við að hún færi í framboð en héldi jafnframt stöðu sinni sem borgarstjóri og gengu mál svo langt að R-lista samstarfið hékk á bláþræði. „Það var dómgreindarleysi hjá Ingibjörgu Sólrúnu og Össuri Skarphéðinssyni að halda að þetta myndi ganga upp og það munaði minnstu að R-listinn spryngi í loft upp,“ segir Alfreð þegar hann rifjar upp atburðarásina í desember 2002. „Samstarfið stóð mjög tæpt á þessu augnabliki, svo tæpt raunar að það voru alvarlegar bollaleggingar um að myndaður yrði nýr meirihluti.“ Hann segist hafa rætt við



**INNAN SVIGA**
Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur undir listaverki Magnúsar Tómassonar.


„HÉR ER BARA EKKERT BRUÐL,“ segir Alfreð Þorsteinsson um Orkuveituhúsið á Bæjarhálsi sem gárungarnir kalla Alfreð Hall.

Sjálfstæðisflokkinn um að nýr meirihluti yrði myndaður ef ekki næðist samkomulag milli R-listaflokkanna um lyktir málsins. „En því lyktaði með að kallað var á Þórólf Árnason. Um hann náðist góð samstaða.“

Ekki kom til álita þá að einhver borgarfulltrúanna tæki borgarstjórastarfið að sér, líkt og raunin varð þegar Þórólfur hætti og Steinunn Valdís Óskarsdóttir tók við. Alfreð segir ekki hafa gefist ráðrúm til að deila um hver það ætti að vera. Og hann neitar því að hafa sjálfur haft áhuga á starfinu. „Ég hef aldrei haft áhuga á að verða borgarstjóri í Reykjavík enda í mjög ábyrgðarmiklu starfi sem stjórnarformaður Orkuveitunnar. Og það er gaman að segja frá því að þegar R-listinn var myndaður var til fyrirbæri sem hét stjórn veitustofnana sem fáir vildu sitja í. Hún var algjör afgangsstærð. Ég spái því hins vegar að þegar nýr meirihluti verður myndaður í vor verði stjórnarformennska í Orkuveitunni það embætti sem flestir óska sér, næst á eftir borgarstjórastarfinu.“

**Eyjólfur mun hressast**

Staða Framsóknarflokksins virðist erfið nú um stundir. Fylgið í skoðanakönnunum mælist víða lágt og útlitið ekki of bjart. Alfreð, sem er eldri en tvævetur í pólitík, segir ástæðu til að hafa áhyggjur en þó ekki of þungar. Hann þekki það af gamalli reynslu að flokkurinn fái jafnan meira fylgi í kosningum en kannanir bendi til. „Ég man til dæmis að 1986 mældumst við með tvö til þrjú prósent en fengum hátt í tíu prósent,“ segir hann og bætir við að hann telji að flokkurinn fái í það minnsta einn mann kjörinn í Reykjavík enda lítist honum afar vel á Björn Inga Hrafnsson og stefnumálin sem hafa verið kynnt. „Þau fyrirheit sem þar eru gefin eru mjög í anda framsóknarmanna, sem framkvæma hlutina í stað þess að standa í miklum samræðustjórnmálum - þó þau séu ágæt innan vissra marka.“

Alfreð hefur sínar hugmyndir um ástæður stöðu Framsóknarflokksins og nefnir að ríkisstjórnarsamstarfið hafi á köflum verið flokknum í óhag. Hann bendir á sölu bankanna og Símans máli sínu til stuðnings. „Þetta eru mál sem hugnast sjálfstæðismönnum vel en framsóknarmönnum síður. Framsóknarmenn eru ekki jafn ginnkeyptir fyrir einkavæðingu og sjálfstæðismenn en hafa þó samþykkt til málamiðlunar. Það má vel vera að þetta kunni að bitna á flokknum í sveitarstjórnarkosningum en ég tel þó að Eyjólfur eigi eftir að hressast. Enda ósanngjarnt að refsa sveitarstjórnarmönnum Framsóknarflokksins þó að mönnum líki ekki allt í landsstjórninni.“

*„Ef þú trúir að þú sért að gera rétt skiptir ekki máli þó gagnrýnin sé hörð því á endanum stendurðu uppi sem sigurvegari.“*

**Halldór metinn þó síðar verði**

Væringar hafa orðið innan flokksins, átök um stjórnir einstakra félaga og óeining innan þingflokksins. Alfreð segir þetta Akkilesarhæl en ástand sem þekkist úr öllum flokkum í gegnum söguna. „Ég ber hins vegar ekki á móti því að þetta er óheppilegt og það þreytir gamalreynda flokksmenn að verða vitni að svona erjum.“

Sumir vilja skella skuldinni á Halldór Ásgrímsson formann en Alfreð segir það ósanngjarnt. „Halldór er mjög öflugur stjórnmálamaður og ég held að menn eigi eftir að meta hans verk þó síðar verði. Ég veit að það eru deilur um hann innan flokksins en menn geta leyft sér alls konar gagnrýni þegar vel gengur. Það gengur hins vegar vel af því að Halldór og Framsóknarflokkurinn hafa lagt áherslu á atvinnustefnu.“

Hann bendir á að flokkurinn sé að verða níutíu ára og hafi verið við stjórn landsins meira eða minna í öll þau ár. „Á þessum tíma hefur Ísland breyst úr að vera eitt fátækasta ríki Evrópu í það að vera ekki bara bjargálna heldur ein ríkasta þjóð í heimi. Ég tel að Framsóknarflokkurinn geti verið stoltur af sínum störfum í stjórn landsins allan þennan tíma.“

Sjálfur hefur Alfreð gagnrýnt Halldór Ásgrímsson og þá einkanlega í fjölmiðlamálinu á sínum tíma. Hann segir þeim engu að síður hafa gengið ágætlega að vinna saman enda sé flokksmönnum frjálst að tjá skoðanir sínar.

**Reifst við Vilhjálm Þ.**

Eftir langan tíma í stjórnmálum hefur Alfreð Þorsteinsson kynnst fjölda fólks, bæði samherjum og pólitískum andstæðingum. Djúpstæð vinátta ríkir á milli hans og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, og hefur menn á stundum undrað að sú vinátta hafi haldist þrátt fyrir skærurnar sem fylgja stjórnmálunum.

„Við kynntumst 1986 þegar ég tók sæti í skipulagsnefnd þar sem hann var formaður. Við hnakkrifumst á fyrsta fundinum en borðuðum saman á eftir og sömdum ákveðnar leikreglur. Ég sagðist ekki myndu standa í vegi fyrir augljósum góðum málum en áskildi mér rétt til að gera athugasemdir í stærri málum. Með okkur tókst ágætis kunningsskapur án þess að það hefði áhrif á störf okkar.“ Hann telur vinskap þeirra hafa verið til heilla fyrir borgina enda hafi þeir stundum komið í veg fyrir að styrjaldir brytust út. Alfreð taldi rétt að hætta afskiptum af stjórnmálum nú enda kaflaskipti í framboðsmálum. Raunar hugðist hann hætta fyrir fjórum árum en þar sem Sigrún Magnúsdóttir dró sig þá í hlé hélt hann áfram enda þótti ekki heppilegt að þau hættu samtímis. „Ég hef dregið vagninn nógu lengi og það er ánægjulegt þegar maður sér einhver verk eftir sig. Þau blasa víða við og ég er fullkomlega sáttur við að ganga nú frá borði.“

Hann sest þó ekki í helgan stein því við tekur að stýra byggingaframkvæmdum nýs hátæknisjúkrahúss í Reykjavík, sem er ærinn starfi. „Starfsorkan er ennþá næg og ég hlakka til að takast á við það mikla verkefni,“ segir Alfreð Þorsteinsson.



Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is




**EFNAHAGSVELDI 21. ALDARINNAR** Kína mun innan tíðar verða stærsta hagkerfi heims. Þeirri stöðu mun Kína halda eins lengi hægt er að segja fyrir um.

# Þungi Kína heldur Bandaríkjunum uppi

Kína er vaxandi efnahagsveldi í heiminum. Verulegt ójafnvægi er í viðskiptum við Bandaríkin Kínverjum í hag. Styrkur Kínverja og völd gagnvart viðskiptum heimsins vex óðfluga. Bandaríkin þurfa hins vegar að glíma við áframhaldandi halla á viðskiptum við Kína og hlutverk skuldarans. *Hafliði Helgason* bar saman stöðu þessara efnahagsrisa.

Heimsókn Hu Jintao, forseta Kína, til Bandaríkjanna skilaði ekki þeim árangri sem Bandaríkjaforseti, George Bush, hafði vonast eftir. Sérfræðingar í efnahagsmálum gerðu ekki ráð fyrir að fundurinn markaði nokkur tímamót

Sjónir manna beindust að efnahagslegum samskiptum þessara tveggja risa. Kína er hratt vaxandi veldi í alþjóðaviðskiptum. Hagvöxturinn er gríðarlegur og útflutningurinn eykst hratt.

**Kaupa halla Bandaríkjanna**

Þar stendur einmitt hnífurinn í kúnni. Kínverjar eru ekki með flotgengi á gjaldmiðli sínum, juan, og hafa haldið verðgildi þess lágu gagnvart dollaranum. Þetta hefur styrkt samkeppnisstöðu Kínverja á alþjóðamörkuðum og er meðal þess sem veldur gríðarlegum viðskiptahalla Bandaríkjanna.

Bandaríkin eru í erfiðri stöðu gagnvart Kínverjum. Kínverjar hafa með kaupum á bandarískum ríkisskuldabréfum fjármagnað viðskiptahalla Bandaríkjanna sem þeir svo eiga sinn þátt í með því að halda gjaldmiðli sínum óeðlilega lágum.

Íslenskur þjóðarbúskapur hefur verið mikið í umræðunni og kannski hefur það haft töluverð áhrif á hvaða athygli ójafnvægi íslenska hagkerfisins hefur fengið, að bandarískt hagkerfi glímir á margan hátt við svipaðan vanda: mikinn viðskiptahalla og þenslu. Þetta ástand hefur varað lengi og margir hagfræðingar spáð því að óhjákvæmilegt sé að dollarinn veikist. Erlend fjárfesting á bandarískum mörkuðum og mikill hagvöxtur hafa til þessa komið í veg fyrir þá veikingu dollarans sem margir hafa spáð. Þar við bætist að halli hefur verið á fjárlögum í Bandaríkjunum undanfarin ár, ólíkt því sem hér hefur verið, þótt deila megi um hvort meiri afgangur hefði þurft að vera af rekstri íslenska ríkisins. Eignaverð hefur hækkað í báðum löndum og einkaneysla einnig. Það eru því margir þættir sem benda til þess sama og gera hagfræðinga heimsins spennta yfir því hvernig íslenska hagkerfið lendir úr núverandi uppsveiflu.

**Ekki gott að styggja**

Annað sem er ólíkt með Bandaríkjunum og Íslandi er að við erum ekki sjálfum okkur nóg um nema lítið brot af þörfum okkar. Bandarískur almenningur finnur því minna fyrir veikingu dollarans, en íslenskur almenningur fyrir veikingu krónunnar.

Vandi Bandaríkjanna er engu að síður raunverulegur og stjórnvöld þar gera sér fulla grein fyrir því að varasamt er að styggja Kínverja meðan þeir hafa þvílík tök á efnahagslífi Bandaríkjanna.

Höfuðáherslan er á það að Kínverjar láti gjaldmiðil sinn styrkjast og dragi þar með úr viðskiptahalla Bandaríkjanna um leið. Þó eru sérfræðingar á því að þetta eitt og sér eyði ekki vandanum af ójafnvægi í viðskiptum Kína og Bandaríkjanna. Hugsanlegt er að Kínverjar bæti samkeppnisstöðu sína með öðrum hætti, til dæmis með skattalækkunum, samhliða því að gengi juansins væri styrkt. Enda þótt markaðsbúskapur hafi haldið innreið sína í Kína er miðstýring mikil og stjórnvöld hafa í hendi sér afdrifaríkar ákvarðanir um lífskjör Kínverja og gang efnahagslífsins.

**Kínverjar verða miklu stærri**

Bandaríkin eru stærsta hagkerfi heims og verða það eflaust næstu árin. Horfur í efnahagsmálum heimsins eru almennt góðar, þrátt fyrir að blikur séu á lofti með hækkandi olíuverði. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að vöxtur heimsframleiðsu í ár verði 4,9 prósent samanborið við 4,8 prósent í fyrra. Tveir þriðju þessa vaxtar er vegna vaxtar Kína, Indlands og Rússlands. Hagvexti í Bandaríkjunum er spáð 3,4 prósentum í ár og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir 3,3 prósenta hagvexti í Bandaríkjunum á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að hagkerfi Japana taki við sér og að lönd Evrópusambandsins sýni aukið lífsmark. Olíuverð er helsta ógnin við þennan vöxt.

Útlitið er nokkuð gott, en ljóst er að Kínverjar munu áfram saxa á forskot Bandaríkjanna á næstu árum. Það fer eftir mælikvörðum sem beitt er hver stærðarmunur þessara hagkerfa er. Á sumum mælikvörðum er Kína komið upp að hlið Bandaríkjanna. Vægi Kínverja í alþjóðaviðskiptum mun halda áfram að aukast og með því völd þeirra á heimsvísu. Kínverjar munu stjórna þeirri þróun og Bandaríkjamenn munu ekki halda í við þá.

**Vægi og eftirspurn**

Vöxturinn í Kína hefur fleiri afleiðingar. Með bættum efnahag eykst kaupmáttur Kínverja. Það segir til sín á alþjóðamörkuðum þegar svo fjölmenn þjóð fer að kaupa ýmiss konar neysluvörur. Gildir einu þó einungis hluti þjóðarinnar hafi efni á að nálgast munaðarlíf Vesturlandabúa. Eftirspurn Kínverja eftir vörum og þjónustu knýr áfram hagkerfi heimsins og veldur hækkandi verði á hrávöru eins og málmum, olíu og meira að segja súkkulaði sem nú nýtur vaxandi vinsælda í Kína.

Á sama tíma hefur hagstjórn í Bandaríkjunum verið slök og ríkið rekið með bullandi halla og skuldasöfnun. Það er því rík ástæða fyrir Bandaríkin að sýna Kínverjum vinahót. Vopnaeign Kína skiptir litlu fyrir Bandaríkin samanborið við eign þeirra á bandarískum skuldabréfum. Það er hins vegar ólíklegt að Kínverjar beiti slíku vopni vegna víðtæks eyðingarmáttar á efnahagskerfi heimsins. Það er hins vegar þægilegt að hafa slíkt vopn undir höndum. Það tryggir í það minnsta að framkoman við mann verður kurteisleg og gagnrýni er stillt í hóf. ■



**HAGSMUNAVINÁTTA.** Í samskiptum við Kína er Bush í hlutverki skuldarans og þarf að haga sér samkvæmt því. Kínverjar hafa sterka stöðu gagnvart Bandaríkjunum og einungis tímaspursmál hvenær Kínverjar taka afgerandi forystu sem mesta efnahagsveldi heimsins.

## ALLT HITT

[ FERÐIR BÍLAR ]

**Volkswagen** eru söluhæstu bílar landsins fyrsta ársfjórðung þessa árs en alls hafa verið seldir 4.132.773 nýir bílar í Evrópu það sem af er árinu. Bílasala hefur aukist um 3,2 prósent og hefur Volkswagen aukið sína sölu um 17,8 prósent á tímabilinu. Salan jókst næstmest á Íslandi en mest í Lettlandi.



**Kayakklúbburinn** heldur í Elliðaáaródeó 28. apríl og er það jafnframt fyrsti viðburður sumarsins hjá félaginu. Þar verður keppt í flúðafimi og verður att kappi við rafstöðina í Elliðaánum.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 22. apríl, 112. dagur ársins 2006.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.32 | 13.26 | 21.23 |
| Akureyri | 5.07 | 13.11 | 21.17 |

Heimild: Almanak Háskólans


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Njáll Andersen, varaformaður Sniglanna, hvíslar að BSA Thunderbolt-hjólinu sínu að innan skamms fái það að njóta sín á götum úti. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Eins og beljur að vori

***Njáll Andersen, varaformaður Sniglanna, er af vélhjólafjölskyldu kominn. Hann er nú að gera upp 35 ára gamalt BSA Thunderbolt-hjól sem faðir hans átti upphaflega.***

Njáll Andersen fékk mótórhjólabakteríuna aðeins átta ára gamall. Núna, átján árum síðar, er hann varaformaður Sniglanna og á allnokkur hjól til að bruna á um bæ og sveitir. Njáll hefur síðustu vikur verið iðinn í bílskúrnum við að gera upp BSA Thunderbolt-hjól sem faðir hans átti upphaflega.

„Hjólið er 35 ára gamalt og þetta er fyrsta stóra mótorhjólið sem ég keyri á," segir Njáll. „Hjólið hefur verið í fjölskyldunni í nokkur ár en faðir minn keypti það á sínum tíma og gerði upp. Þetta hjól markaði reyndar upphaf að uppgerðaræði hjá föður mínum sem endaði með því að hann gerði upp fjögur BSA-hjól sem eru öll til ennþá." Eftir nokkuð langa dvöl í rykugri skemmu er hjólið komið í hendur Njáls, sem vinnur af alúð við að gera það upp. „Ég reikna með því að hjólið komist á göturnar í næstu viku," segir Njáll spenntur.

Sumarið hefur ávallt verið tími bifhjólamanna og segir Njáll að 1. maí marki hjá flestum upphafið að þeirri vertíð. „Þann 1. maí förum við í hópkeyrslu og öllum bifhjólamönnum er velkomið að taka þátt. Þennan dag er eins og beljunum sé hleypt út úr fjósinu," segir Njáll og hlær dátt. „Í sumar ætlum við svo að reyna að ná fleiri nýliðum inn í samtökin enda hafa síðustu tvö ár verið metár þar sem um 1200 manns hafa tekið bifhjólapróf. Við erum á leið í stórt umferðarátak og viljum hafa sterkan og góðan hóp í samtökunum til þess að átakið skili árangri."

*johannas@frettabladid.is*

## Íslendingur dæmir í Formúlunni

VARAFORMAÐUR FÍB DÆMIR FORMÚLU 1 KEPPNINA Á MORGUN.



Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB, verður annar tveggja aðaldómara FIA í Formúlu 1 keppninni á Imola-brautinni í San Marínó um helgina. Hinn aðaldómarinn verður Tony Scott Andrews. Bein útsending frá keppninni verður í sjónvarpi hér á landi. Saman hafa þeir félagarnir áður dæmt í Formúlukeppni á Silverstone 2002, Monza 2003 og Nürburgring í fyrra. Þetta er því í fjórða skiptið sem þeir dæma saman. Dómarar í Formúlunni verða jafnan að búa sig vel undir hverja keppni og verða því að vera mættir tímanlega. Þannig verða FIA-dómararnir að vera komnir á staðinn og mættir til vinnu á fimmtudagsmorgni, tveimur dögum áður en tímatökur hefjast og þremur dögum fyrir sjálfa keppnina. (af www.fib.is)


## Chevrolet gæði - frábært verð !

Nokkrir bílar á gamla genginu !









Weber ferðagasgrill fylgir öllum nýjum Chevrolet.

Vel búinn Lacetti st. CDX 1,8 l
á aðeins kr. 1.799.000,-
Nokkrir bílar eftir á gamla genginu

Bílabúð Benna
Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000 - www.benni.is

CHEVROLET

Umboðsaðilar: Bílasalan Ós Akureyri - S. 462 1430 - Bílhornið hjá Sissa í Keflavík - s. 420 3300

**Svefnpokar** eru mikið þarfaþing. Hafðu þó í huga undir hvaða aðstæðum á að nota hann. Fátt er verra en allt of heitur poki í skála, nema vera skyldi of kaldur poki á heiði.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Bækistöðvaferð í Húsafell**
Skíðagöngur, hellaskoðun
og gengið á Ok.
Brottför 29. apríl,
heimkoma 1. maí.
Skráning á skrifstofu Útivistar
ÚTIVIST

Við sérhæfum okkur í ferðum til Eistlands
Sumar Haust
Miðaldaborgin frá 11. öld:
Tallinn í Eistlandi
Beint flug frá Keflavík og Akureyri
Kastalar, hallir, gamlir markaðir, hvítar strendur, ódýrt að versla
Aðeins 19.900 kr.
Frá Keflavík: 21. júlí - 2. ágúst (flug með sköttum)
Haustferðir einnig í boði frá Keflavík og Akureyri frá 32.900 kr.*
(*miðað við gengi 14. febrúar 2006)
Sími 588 8900
www.transatlantic.is
Trans-Atlantic



Sumar 1 27. maí - 3. júní
Slóvenía - Króatía
Vikuferð þar sem flogið er til Mílanó, ekið til Portoroz þar sem gist er í 6 nætur og síðan í 1 nótt í Mílanó. Margar skemmtilegar skoðunarferðir, siglingar, dropasteinshellir, vínbóndi heimsóttur og tími til að slappa af.
**Fararstjóri: Hófý**
**Verð: 94.200 kr.**

Sumar 3
Portoroz - Króatía - Austurríki 12. - 27. júní
Okkar klassíska ferð til Slóveníu og Króatíu sem hefur verið svo vinsæl í gegnum árin. Flogið til München og alltaf gist í nokkrar nætur á hverjum stað.
**Fararstjóri: Svavar Lárusson**
**Verð: 147.500 kr.** örfá sæti laus
ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR
www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Frá einni af göngugötum Manchester, sem eru helstar King Street og Market Street, en þær eru iðandi af mannlífi, meira að segja á mánudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

# Kemur þægilega á óvart

*Manchester-borg hefur hingað til nær eingöngu verið þekkt fyrir knattspyrnu og iðnað. Á síðustu árum hefur hins vegar átt sér stað gríðarleg mikil uppbygging í borginni sem gerir hana að afar fýsilegum kosti fyrir ferðamenn sem leita að skemmtilegri borgarferð.*

Knattspyrna er án efa það fyrsta sem kemur upp í hug flestra þegar borgin Manchester er nefnd á nafn. Fyrir Breta er borgin líka ein af holdgervingum iðnbyltingarinnar. Í dag sjást ummerki iðnbyltingingarinnar á fáum stöðum nema á söfnum og í byggingarlist. Arfleið fornra tíma er horfin og nýir og betri tímar virðast vera í uppsiglingu.

Þegar talað er við innfædda nefna þeir allir ákveðinn atburð sem olli þessum umskiptum. Sá atburður átti sér stað árið 1996 í miðri Evrópukeppni í knattspyrnu þegar IRA sprengdi kraftmikla sprengju í hjarta borgarinnar. Í kjölfar þessa voveiflega atburðar hófst mikil uppbygging í borginni



Parísarhjól Manchester-borgar er stutt frá þeim stað þar sem sprengja IRA sprakk og boðar þannig nýja og vonandi áhyggjulausa tíma.

og styrkir frá bæði ríkinu og Evrópusambandinu voru nýttir til þess að breyta bæði útliti og ímynd borgarinnar.

Vegna þessarar uppbyggingar kemur Manchester öllum þeim sem koma þangað, með knattspyrnu og iðnað í huga, skemmtilega á óvart. Fyrst ber að nefna að borgin er einstakleg þægileg fyrir þá sem vilja stuttar borgarferðir því miðbærinn er þéttskipaður og hann hægt að ganga enda á milli á innan við hálftíma. Í miðbænum má líka finna allt sem hinn venjulegi helgarferðalangur girnist og jafnvel meira til. Allar helstu



Ráðhúsið í Manchester setur sterkan svip á borgina.

verslanirnar má finna á svipuðum slóðum og gnægð þeirra slík að vel er hægt að gleyma sér í margar daga. Auk þess má á þar finna fjöldann allan af kaffihúsum og veitingastöðum, sem eru bæði af gamla og nýja skólanum, framandi og hefðbundnir. Goðsögnin um að góðan mat megi ekki finna í Bretlandi er afsönnuð í Manchester.

Ekki má heldur gleyma tónlistarsenunnni í Manchester sem verður að teljast ein sú líflegasta í Bretlandi. Grasrótin lifir þar góðu lífi, sérstaklega í hverfinu sem markast af Oldham Street, Church Street og Thomas Street en það svæði má kalla listahverfi borgarinnar. Á þessu litla svæði má finna vel yfir tíu sjálfstæðar plötuverslanir og fjöldann allan af afar áhugaverðum hönnunarverslunum og öðrum verslunum með svölum hlutum og fatnaði af gamla skólanum. Manchester er því leytinu til borg unga fólksins enda mikil háskólaborg með vel yfir sextíu þúsund stúdenta. Þessi staðreynd undirstrikast kannski best í skemmtanalífi borgarinnar, sem er hreint magnað. Miðbærinn breytist á kvöldin í eitt allsherjarpartí þar sem stórir klúbbar jafnt sem minni barir eru á hverju strái. Horfið bara á kvikmyndina 24 Hour Party People og margfaldið síðan með þremur.

Í Manchester eru engin heimsfræg söfn eða sögufrægar byggingar, brýr eða kirkjur. Þar er hins vegar þægilegt andrúmsloft og alls staðar mætir maður góðu viðmóti. Í Manchester má svo sannarlega borða góðan mat, versla og fara á tónleika en umfram allt njóta lífsins.

steinthor@frettabladid.is



Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Manchester þar sem nútíma byggingalist blandast saman við gamlar hefðir.


Í matsal hótelsins. Útskurður á veggjum krónar glæsileikann. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ELÍ MAGNÚSSON

# Hótel í snjóhúsi

***Í Austurríki getur ferðafólk valið að gista í haglega útskornu snjóhúsi.***

Þegar hótel á sólarströnd eru ekki lengur nógu ævintýralegur kostur fyrir þig í fríinu ættir þú að skoða íshótel í austurrísku Ölpunum sem næsta möguleika.

Iceglooþorpið í Sölden er í 2.700 metra hæð, við rætur Rettenbach jökuls, og þar er hægt að gista í snjóhúsum sem hafa verið útbúin með flestum þeim þægindum sem ís og snjór bjóða upp á.

Veggir eru útskornir með alls kyns skrauti og við barinn er listaverk skorið í ísinn og ljósleiðarar notaðir til að lýsa það upp. Öll rúm, bekkir og borð eru sömuleiðis úr ís og snjó. Ísþorpið stendur við vinsælt skíðasvæði svo afþreyingarmöguleikar eru fjölmargir.

Margur gæti haldið að það væri kalt að gista í snjóhúsi en í raun er loftið í þeim merkilega hlýtt og gærur og ullarteppi sjá til þess að engum verði kalt. Hótelið hefur reyndar verið sérstaklega vinsælt fyrir brúðkaupsferðir og í slíkum ferðum gæti ástarfuninn hjálpað til við að halda hita á gestunum sem borga frá 9.000 krónum fyrir nóttina.

Til að fræðast betur um Iceglooísþorpið má heimsækja heimasíðu þess, www.schneedorf.com.


Í matsalnum eru básar með borðum, allt skorið út úr ís og snjó.


Að utan lætur hótelið ekki ýkja mikið yfir sér.

# Aukaferð farin til Fuerteventura

***Heimsferðir hafa ákveðið að bjóða upp á aukaferð til Fuerteventura á Kanaríeyjum vegna mikillar eftirspurnar.***

Ferðir til Fuerteventura á Kanaríeyjum seldust upp í janúar hjá Heimsferðum. Vegna mikillar eftirspurnar var því ákveðið að bjóða upp á aukaferð til eyjunnar 21. júní til 4. júlí.

Í sumar fljúga Heimsferðir í fyrsta sinn í beinu leiguflugi til eyjunnar Fuerteventura. Á eyjunni má finna fallegar strendur, gott loftslag og góða gististaði. Ferðamennskan er í mikilli uppbyggingu á eyjunni og hjá Heimsferðum eru í boði þrír áfangastaðir á eyjuna, Corralejo á norðurenda eyjunnar, Jandia á suðuroddanum og glæsihótelið Sheraton Beach & Golf Resort við Caleta de Fuste skammt frá flugvellinum.

Fuerteventura er næst stærst Kanaríeyjanna og liggur hún næst Afríku í eyjaklasanum. Mjótt sund skilur eyjuna frá ströndum Marokkó og Saharaeyðimörkinni. Sagt er að hver Kanaríeyjanna hafi sín sérkenni og á Fuerteventura eru það strendurnar með fínum hvítum sandi og kristaltærum sjó.

Nánari upplýsingar má fá hjá Heimsferðum.


Mikil eftirspurn er eftir ferðum til Fuerteventura á Kanaríeyjum.


Styrkur hefur fengist til snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli sem kallar á nýja möguleika í ferðaþjónustu.

# Meiri snjó í Hlíðarfjall

***Fyrirtæki styrkja snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli að andvirði 20 milljónir króna.***

Fulltrúar nokkurra ferðaþjónustuaðila undirrituðu á dögunum samstarfssamning við Akureyrarbæ um að leggja til 20 milljónir króna til snjóframleiðslunnar í Hlíðarfjalli á næstu fimm árum. Verkefnið er stærsta markaðsverkefnið í vetrarferðamennsku sem ráðist hefur verið í norðan heiða.

Fyrirtækin sem koma að samningnum kalla sig Vini Hlíðarfjalls og vonast samstarfsaðilar til að samningurinn muni renna styrkari stoðum undir rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli og efla þar með ferða- og atvinnumál á Akureyri. Með snjóframleiðslunni er kominn grunnur að því að hafa skíðasvæðið opið um jól og áramót en það kallar á nýja möguleika norðanlands á ferðamarkaði.



**Smurning** er hverjum bíl nauðsynleg. Vertu vakandi yfir kílómetrafjöldanum og skoðaðu smurbókina reglulega.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep · CHRYSLER · DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Gabriel höggdeyfar, **AISIN** kúplingssett, **TRISCAN** spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nefhjól á kerrur. Bílamottur.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bildshöfða 14 • 110 Reykjavík

Öflugar gröfur!

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Kerrur í miklu úrvali!
• Jeppakerrur
• Fólksbílakerrur
• Bílaflutningakerrur
• Kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótorhjól.

VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

REYNSLUAKSTUR


Renault Megane Saloon er rennilegur fjölskyldubíll.

# Fallega og sportlega hannaður fjölskyldubíll

***Renault Mégane Saloon er fallegur bíll en sportlegt útlit gefur fyrirheit um meira afl í bílnum en hann hefur.***

Það er auðvelt að dást að Renault Mégane Saloon. Bíllinn er nefnilega einkar flottur í útliti og allri hönnun. Ekki spillir að eintakið sem undirrituð fékk til reynsluaksturs var fagurrautt og fallegt. Þegar inn í bílinn er komið blasir alls staðar við sú glæsilega hönnun sem einkennir Renault Mégane-bílana. Sætin eru þægileg, mælaborðið gott aflestrar og þægilegt að eiga við hljómflutningstækin því stillingar á þeim eru í stýrinu. Hugvitsamleg geymsluhólf er að finna víða. Plássið er gott, bæði fyrir þá sem í framsæti sitja og farþega í aftursæti. Hávaxinn farþegi sagði farir sínar alveg sléttar af því að sitja í aftursæti bílsins.

Renault Mégane Saloon skartar sólgardínum í afturglugga sem er smekklega fyrir komið þannig að hægt er að nota þær þegar þeirra er þörf. Skottið er ágætlega rúmgott. Barnakerra í stærri kanti komst mjög auðveldlega fyrir. Ekki prófaði ég að setja barnavagninn í skottið en sýndist svona í fljótu bragði að ég þyrfti meiri tilfæringar til að koma honum fyrir. Ekki má gleyma að minnast á lykilinn góða sem er spjald sem stungið er í þar til gerða rauf og svo einfaldlega ýtt á takka til að setja bílinn af stað. Vissulega ekki nýtt hjá Renault en hrikalega smart og þess virði að minnast á.

### Barnadagurinn

Lengi var messað og lesinn húslestur á sumardaginn fyrsta. Það þekktist hvergi annars staðar og þegar eftirlitsmenn danskra kirkjuyfirvalda uppgötvuðu þessa sérstöðu um miðja 18. öld létu þeir banna messur á þessum degi. Eftir aldamótin 1900 gerðu ungmennafélögin sumardaginn fyrsta að helsta hátíðisdegi sínum og árið 1921 var hann gerður að stuðningsdegi fyrir börn í Reykjavík og eftir það oft nefndur barnadagurinn.

*Árni Björnsson, dr. phil. í menningarsögu*

### Ef fluga er á mælaborði flugvélar og flýgur svo á loft, léttist flugvélin þá sem nemur þyngd flugunnar?

Svarið er nei ef miðað er við þann útbúnað á flugvélum sem algengastur er. Kraftarnir upp á við sem halda flugunni á flugi inni í flugvélinni koma frá flugunni sjálfri og gagntakskraftar þeirra verka á flugvélarskrokkinn niður á við þannig að mæld þyngd flugvélarinnar sem heildar breytist ekki.

### Vörubílstjórinn og fuglarnir

Í kennslubókum er oft sagt frá vörubílstjóra sem flytur fugla í lokuðum gámi. Vörubíllinn hefur meiri öxulþunga en leyfilegur er og kemur að vigtarstöð. Vörubílstjórinn reynir að bjarga sér úr klípunni með því að berja gáminn að utan með kústskafti til þess að fuglarnir taki sig á loft og bíllinn léttist. Spurningin er: Gerir bíllinn það?



**SKÁTAR Í SKRÚÐGÖNGU** Skátar setja iðulega svip á sumardaginn fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

### Lokaður gámur léttist ekki

Ef gámurinn er tiltölulega loftþéttur, kannski með loftinntaki að ofan til að fuglarnir fái súrefni, þá er svarið nei; bíllinn mælist jafnþungur á vigtinni þó að fuglarnir fljúgi upp í stað þess að sitja á prikum sínum. Þyngd þeirra leggst að vísu ekki lengur á prikin og færist ekki þaðan niður á gáminn og síðan á vogina. Í staðinn heldur loftið í gáminum þeim uppi og fuglarnir verka með gagntakskrafti á loftið, niður á við. Þessi kraftur skilar sér að lokum niður á gólfið í gáminum og á vogina.

Ef fuglarnir eru hins vegar til dæmis í opnum búrum á bílpalli án hliðarveggja horfir málið öðruvísi við. Þá er ekkert víst að gagntakskrafturinn frá vængjum þeirra skili sér niður á bílpallinn, heldur dreifist hann meira um loftið í kring. Bíllinn mundi sem sagt léttast í þessu tilviki.

### Innri kraftar

Dæmið um fluguna í flugvélinni er í eðli sínu hið sama og spurningin um fuglana í lokuðum gámi, en í rauninni er fyrra dæmið ekki eins vel fallið til að draga fram það sem mestu skiptir.

Eðlisfræðingar taka stundum svo til orða um kerfi eins og lokaða gáminn með fuglunum, að kraftarnir sem myndast við flug fuglanna séu innri kraftar í kerfinu. Slíkir innri kraftar segja ekki til sín utan kerfisins og hafa engin áhrif á hreyfingu eða þyngd kerfisins sem heildar.

### Að kunna skil á átaki og kröftum

Margir munu kannast við gamansöguna um Münchhausen barón sem lenti á hestbaki ofan í keldu og sagðist hafa dregið sjálfan sig upp á hárinu, og hestinn líka. Hann gerði sér þó ekki grein fyrir því að hárið verkar á höndina á honum niður á við með jafnmiklum krafti og höndin verkar á hárið upp á við.

Münchhausen hefur kunnað álíka lítið fyrir sér í eðlisfræði og bílstjórinn með fuglagáminn. Þeir hefðu getað sparað sér mikla vinnu og áreynslu ef þeir hefðu kunnað þriðja lögmál Newtons um átak og gagntak og kunnað skil á innri og ytri kröftum!

*Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í vísindasögu og eðlisfræði*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Breytist helmingunartími geislavirkra efna eftir hitastigi, af hverju er stundum svona mikill hitamunur á milli nálægra staða, hvað eru fjölmiðlar, hvernig myndast lungnakrabbamein, hvers vegna ganga reikistjörnur eftir sporbaug og af hverju tala menn um peninga sem „kall“, eins og fimmhundruðkall? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Réttu tækin í þrifin
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði
Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur
26.888 kr.
Nilfisk-ALTO E 140 X-TRA
Þrýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.
6.888 kr.
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.
48.888 kr.
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.
Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV
Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is




Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.490.000
**Verð frá kr. 1.196.787 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 23.922
**Fjármögnunarleiga kr. 19.215 án vsk.**

Renault Trafic dci100 dísel
Verð frá kr. 2.330.000
**Verð frá kr. 1.871.485 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 37.409
**Fjármögnunarleiga kr. 30.047 án vsk.**

Renault Master
Verð frá kr. 2.490.000
**Verð frá kr. 2.000.000 án vsk.**
Fjármögnunarleiga kr. 43.991
**Fjármögnunarleiga kr. 35.334 án vsk.**

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Af ungskáldum

**Sigurskáldið, ljóðakeppni Eddu útgáfu og Fréttablaðsins, er komin vel á veg en annarri umferð keppninnar er nú lokið. Um áttatíu ungskáld sendu inn um 400 ljóð en aðeins níu komust áfram í úrslit. Sigurvegarinn verður síðan krýndur þriðjudaginn 25. mars. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvaðan hin ungu skáld sækja andagift sína.**



BJÖRGVIN GUNNARSSON FÆDDUR 1980



ATLI BOLLASON FÆDDUR 1983

## Atli Bollason

**Yrkir þú mikið?** Satt best að segja yrki ég ekki mikið, nei, en það kemur stöku ljóð undir með nokkurra mánaða millibili.

**Yrkisefni?** Náttúran virðist koma oft upp, ætli það sé ekki vegna þess að hún er sígild og óbreytanleg og í henni er að finna allt hitt sem við köllum siðmenningu og samfélag, þar á meðal hitt helsta yrkisefnið - borgina.

**Hvaðan færðu andagift?** Úr öllu mögulegu, hvort sem það eru kvikmyndir, tónlist, fólkið í kringum mig, náttúran, borgin, draumar, skáldsögur, ljóð, samfélagshræringar, stríð, ástin, öfundin, jólin, vorið eða hvað sem er þarna á milli.

**Uppáhaldsljóðskáld?** Ég hef yfirleitt verið meiri prósamaður og kynni mín af ljóðum voru lengst af einungis gegnum dægurlagatexta. Eftir að ég byrjaði að lesa mér til komst Matthías Johannessen ofarlega á blað, og eftir að Nýhil-flokkurinn sigraði mig í þessari keppni fyrir tveimur árum síðan hef ég kynnt mér verk hans og haft gaman af.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Síðast sagði ég „Ferðalok“ eftir Jónas Hallgrímsson og ég held ég haldi mig bara við það.

**Er ljóðið dautt?** Nei, er það?



ÁSTA HEIÐRÚN PÉTURSDÓTTIR FÆDD 1984

## Ásta Heiðrún Pétursdóttir

**Yrkir þú mikið?** Hvað er mikið? Yrki minna en ljóðabálk á dag. Meira en ljóð á viku. Þó misjafnt eftir veðurfari.

**Yrkisefni?** Mörg ljóðanna snúast um innra sálarlíf, því mér finnst þægilegast að henda reiður á hugsunum með ljóði.

**Hvaðan færðu andagift?** Í daglegu lífi. Sem stundum ljóð í strætó.

**Uppáhaldsljóðskáld?** Andri Snær Magnason. Hann er snillingur.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Attikattinóa.

**Er ljóðið dautt?** Nei.

## Óttar Martin Norðfjörð

**Yrkir þú mikið?** Stundum.

**Yrkisefni?** Ástandið í heiminum, neysluhyggja og sjálfsmyndaróvissa.

**Hvaðan færðu andagift?** Kjötborðinu í Nóatúni.



ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ FÆDDUR 1983

**Uppáhaldsljóðskáld?** Eyvindur.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Ísland er land þitt.

**Er ljóðið dautt?** Góð pæling!

## Unnur Andrea Einarsdóttir

**Yrkir þú mikið?** Svona miðlungs.

**Yrkisefni?** Það sem er óþægilegt, asnalegt eða stórkostlega dramatískt.

**Hvaðan færðu andagift?** Frá mikilli kaffidrykkju.



UNNUR ANDREA EINARSDÓTTIR FÆDD 1981

**Uppáhaldsljóðskáld?** Kristín Eiríksdóttir, Sjón og Leonard Cohen.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Tommi tómatur fer á flakk eftir óþekktan höfund, tímalaust.

**Er ljóðið dautt?** Það er fáránleg spurning. Af hverju ætti Fréttablaðið að standa fyrir keppni í einhverju sem er dautt?

## Björgvin Gunnarsson

**Yrkir þú mikið?** Ég hef ort slatta síðan ég var um það bil 15 ára en upp á síðkastið sem ég minna og minna, sennilega útaf skólanum.

**Yrkisefni?** Allt milli himins og jarðar! Alveg frá tómati sem deyr, biblíuvangaveltum, ástinni og ótímabærum sáðlátum og allt þar á milli.

**Hvaðan færðu andagift?** Til dæmis með því að hlusta á fallega texta í lögum og með því að lesa falleg ljóð eftir snillinga á borð við Stein Steinarr og Andra Snæ Magnason.

**Uppáhaldsljóðskáld?** Steinn Steinarr, Andri Snær Magnason og 3x langaafabróðir minn Páll Ólafsson.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Ég bið að heilsa eftir Jónas Hallgrímsson og Hugleiðingar um nýja heimsstyrjöld eftir Stein Steinarr.

**Er ljóðið dautt?** Nei, það er búið að gefa því hjartahnoð og fyrstu hjálp og það er smám saman að vakna til lífsins aftur og það hefur í raun ekki verið svona lifandi í langan tíma.

## Hildur Lilliendahl

**Yrkir þú mikið?** Ég er sídiktandi upp einhverja vitleysu í höfðinu, það er minna sem ratar nokkurntímann á blað.

**Yrkisefni?** Bindikynlíf? Nei, bara svona... Það er misjafnt, en þau eiga það flest sameiginlegt að eiga sér einhvers konar stoð í mínum reynsluheimi.

**Hvaðan færðu andagift?** Oft skrifa ég bara út frá einni lítilli mynd sem mér dettur allt í einu í hug eða setningu sem ég heyri einhversstaðar. Svo hleður maður utan á það og í kringum það allskonar dúlleríi og sker það svo kannski niður aftur, meitlar það eins og skúlptúristi.



HILDUR LILLIENDAHL VIGGÓSDÓTTIR FÆDD 1981

**Uppáhaldsljóðskáld?** Þessi er erfið. Allen Ginsberg held ég að verði að fá að taka fyrsta sætið þarna.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Það er ekki að fara að hefjast neitt stríð úr bókinni Nihil Obstat eftir Eirík Örn Norðdahl.

**Er ljóðið dautt?** Væri ég þá haldin nekrófílíu? Ég skil ekki spurninguna.

## Helgi Hrafn Guðmundsson

**Yrkir þú mikið?** Hef hripað ýmislegt niður í gegnum árin. Stundum líður langt á milli lota.

**Yrkisefni?** Ástin og lífið. Hinn ljúfsári söknuður eftir liðnum tíma.



HELGI HRAFN GUÐMUNDSSON FÆDDUR 1984

**Hvaðan færðu andagift?** Frá vinum og vandamönnum. Stundum bókum. Þegar ég stíflast kíki ég stundum í samtalsbækur Matthíasar Johannesen.

**Uppáhaldsljóðskáld?** Í augnablikinu er það bókavörðurinn knái Óskar Árni Óskarsson.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Frá liðnu vori eftir Tómas Guðmundsson.

**Er ljóðið dautt?** Hjá sumum skáldum.

## Ástríður Tómasdóttir

**Yrkirðu mikið?** Stundum og stundum ekki. Það koma tímabil þar sem ég drukkna næstum í anda-


SOLIFER Finnsku lúxus hjólhýsin Skandinavískur klassi

• Best einangruðu hjólhýsin á markaðnum mínus 40°
• ALDE 3000 hitun í gólfi
• cW=0,34 loftmótstaða í flokki sportbíla
• Hlaðið aukahlutum




Hjá okkur fáið þið meira

STOFNAÐ 1994
FELLI- & HJÓLHÝSI EHF
MIÐHRAUNI 14 - 210 GARÐABÆ
SÍMAR 551 5600/892 8030
www.hjolhysi.is - www.fellihysi.is

SÝNING UM HELGINA
að Miðhrauni 14, Garðabæ
staðsettir á móti Marel og 66°N
Laugard. og sunnud. kl. 12 - 18



Innifalið: Sóllúga,• Ísskápur m/frysti 17” LCD sjónvarp • DVD/CD/útvarp Örbylgjuofn • Ytra geymsluhólf o.m.fl.



ÁSTRÍÐUR TÓMASDÓTTIR FÆDD 1989. ANNAR HELMINGUR FJÖLLISTAHÓPSINS PJÖLLUR

gift en stundum sem ég ekki í langan tíma.

**Yrkisefni?** Bara það sem ljóðin mín eru um. Sem er voða margt sem er milli himins og jarðar og svo sem víðar.

**Hvaðan færðu andagift?** Hún kemur til mín utan úr þokunni en hún er svo þykk að ég sé ekki hvað er handan við hana.

**Uppáhaldsljóðskáld?** Nú er ég með Dag Sigurðarson fastan við heilann svo ætli ég segi ekki bara hann. Hann á það líka fyllilega skilið, snillingurinn sá arna.

**Hvaða íslenska ljóð vildirðu helst hafa skrifað?** Ljóðið sem Sigfús frá Stóra-Hvoli las í afmæli ömmu Dreka í kvikmyndinni um Jón Odd og Jón Bjarna. Það heitir Fósturjarðar drottning fríð (að ég held) og er líklega eftir Þráin Bertelsson.

**Er ljóðið dautt?** Ég get ekki séð betur en að það sé frekar lifandi, það er allavega ekki dauðara en margt annað.

## Birta Þórhallsdóttir

**Yrkir þú mikið?** Ég hef ekki lokið rannsóknum mínum ennþá, en eftir því sem nýjustu tölur og rit sýna þá yrki ég bara svona meðal-meðal.

**Yrkisefni?** Draumar mínir og þrár, Örlygur í blokkinni og það sem birtist mér, það er að segja ef klukkuþjófurinn klóki er ekki búinn að stela úrinu með tímanum mínum í.

**Hvaðan færðu andagift?** Ég fyllist andagift, tilbreytingarlaus hversdagsleikinn verður mér yrkisefni, meiraðsegja gömul kona sem gengur niður hrími sett grasið veitir mér innblástur fyrir tilraunir mínar til að koma tilverunni heiminum niður á blað.



BIRTA ÞÓRHALLSDÓTTIR FÆDD 1989. HINN HELMINGUR FJÖLLISTAHÓPSINS PJÖLLUR

**Uppáhaldsljóðskáld?** Menningar og framfaraklúbbur Guðmundar Hannessonar gerir einkar ásjáleg ljóð.

**Hvaða íslenska ljóð vildir þú hafa ort?** Ekki man ég það svo gjörla, kannski eitt af Voffarímum Helga hundingsabana.

**Er ljóðið dautt?** Nei, það er „sprelllife", ég sá það valhoppandi með vallhumalinn sinn í gær niður strætið.




**KÚBUÆVINTÝRI** TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA

# *Dansaðu stelpa, dansaðu!*

Hér á Kúbu er ákveðinn ryþmi. Hann á lítið skylt við þann íslenska. Hér er taktur hversdagsleikans heitur, rakur og seigfljótandi. En það er þó ekki bara rólegur ryþmi hversdagslífsins sem er ólíkur þeim íslenska, tónlistin og dansinn koma þarna einnig að.

Nú er tónlistarstefna sem kallast reggeatonn það heitasta heitt hérna. Henni mætti lýsa sem einhverskonar latino hipphoppi og á einmitt rætur sínar að rekja hingað til eyjanna í Karíbahafinu. Og hvernig Kúbanarnir dansa! Takturinn er þeim í blóð borinn og afríkanskar erfðir hafa þar mikið að segja. Hér dansa allir, og litlir krakkar koma með foreldrunum í partíin og læra þar fyrstu sporin.

Þar hef ég orðið vitni að því hvernig mömmurnar kenna litlu stelpunum réttu mjaðmahreyfingarnar. Það er mögnuð sjón. Í fyrsta skipti sem ég fór á diskótek hér í Havana átti ég ekki til orð. Þvílíkar mjaðmahreyfingar, svo ekki sé minnst á rassadill og brjóstahristingar! Hér eru konur konur og ekkert hræddar við að sýna það. En þetta eru ekki bara stelpurnar því strákarnir hér dansa líka dirty með mjöðmunum og brjóstkassanum. Allt er þetta svo áreynslulaust að ótrúlegt er að fylgjast með.

Mínu freðna íslenska siðferði var þó algjörlega ofboðið því hér dansa nær allir í pörum og fyrir mér leit þetta helst út einsog fólkið væri að maka sig á dansgólfinu frekar en það væri að dansa! Eitthvað annað en heima þar sem við dönsum í besta falli nokkur saman í hring og mjaðmir koma málinu lítið við. En með tíð og tíma bráðnar af manni ísinn hér í hitanum og maður fer aðeins slaka á. Og vá hvað þetta er skemmtilegt! Af hverju dönsum við ekki aðeins djarfar heima? Ef eitthvað er þá þurfum við frekar á hitanum að halda heima á Fróni. Svo ég segi: tökum karabískar kynsystur okkar til fyrirmyndar og dönsum stelpur, dönsum. Hristum þessa rassa!



**TINNA LÆRIR RÉTTU SPORIN** Vá hvað þetta er skemmtilegt! Af hverju dönsum við ekki aðeins djarfara heima?




**Ríkulegur staðalbúnaður**

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
**„Bestur"** – *Fifth Gear*
**„Best recreational 4x4"** – *Auto Express*
**„Best compact 4x4"** – *What Car?*
**„Best in class"** – *Channel 4*
**„Best Small Wagon"** – *Overlander Magazine*

**Verð á Nissan X-Trail Sport 2.990.000 kr.**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960 |
|---|---|---|---|---|---|---|



# Verðbólgan
## - ástæður og ráð

Verðbólgan hefur blossað upp og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Flestar spár gera ráð fyrir aukinni verðbólgu fram eftir ári. Margir hagfræðingar telja að framkvæmdir á vegum ríkisins hafi kynt undir þenslu og leitt til verðbólgu. Sumir telja líka að of lítið aðhald hafi verið í opinberum fjármálum og að ríkið hefði átt að reyna að minnka opinber útgjöld með því að fresta framkvæmdum. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* ræddi við tvo óháða hagfræðinga um ástæður verðbólgunnar og hvað sé til ráða.



### Þetta veldur verðbólgunni

- **Stjórnvöld**
  - Opinberar framkvæmdir
  - Háir stýrivextir skila ekki nægum árangri
  - Gengislækkun krónunnar
  - Skattalækkun
- **Sveitarfélög**
  - Útgjaldaaukning
- **Atvinnulífið**
  - Ósamstaða í launamálum
  - Miklar launahækkanir
  - Launahækkanir að skila sér niður stigann
- **Bankarnir**
  - Of geyst farið í útlánaaukningu
  - Boðið upp á íbúðalán
  - Útrásin
  - Margir og háir einstaklingssamningar
- **Heimilin**
  - Langtímafjármögnun fer í neyslu
- **Annað**
  - Hátt olíuverð

### Hvað er til ráða?
*- Nokkrar hugmyndir að úrbótum í efnahagsmálum*

- Endurskoða skattalækkunaráform
- Hækka skatta
- Tímabundinn skyldusparnaður á heimilin
- Efla verðeftirlit
- Hækka stýrivexti
- Auka aðhald í fjármálastjórn
- Fresta eða draga úr framkvæmdum
- Senda „rétt“ merki út í samfélagið
- Ríkið kynni hagkerfið erlendis
- Sveitarfélögin haldi áfram að greiða upp lán
- Heimilin minnki neyslu og auki sparnað
- Bankarnir dragi úr útlánaþenslu

# *Flökt krónunnar heldur áfram*

Sverrir Sverrisson, hagfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Ráðgjöf og efnahagsspár, bendir á að ríkið hafi látið Seðlabankann stemma stigu við vaxandi verðbólgu.

„Vaxtahækkanirnar hafa ekki virkað eins vel og áður. Menn taka frekar erlend lán en innlend,“ segir hann.

Útlendingar hafa notfært sér vaxtamuninn óspart með útgáfu svokallaðra krónubréfa. Sverrir segir að krónan hafi að öllum líkindum styrkst mun meira en langtíma jafnvægisgengi réttlæti.

„Þessi þáttur hefur haldið hvað mest aftur af verðbólgunni en Seðlabankinn hefur vanmetið hann. Síðustu tvær vaxtahækkanirnar árið 2005 voru eingöngu upp á 0,25 prósentustig og þær reyndust allt of litlar nú þegar maður horfir í baksýnisspegilinn,“ segir hann.

Ef Seðlabankinn hefði hækkað vexti um 75-100 punkta í síðustu tveimur vaxtahækkunum árið 2005 hefði líklega ekki orðið jafn mikið hrun í krónunni og reyndin sýnir.

„Það hefði verið betra fá jafnari veikingu krónunnar því að gengið var orðið of sterkt.“ Sverrir bendir á að gengisflökt hafi stóraukist og telur ekki séð fyrir endann á því, óljóst sé hvernig staðan verði eftir þrjár til fjórar vikur. Þó að stjórnvöld séu ánægð með þróunina nú sé ekkert víst að hún verði í samræmi við óskir þeirra.

„Krónan hefur veikst yfir 30 prósent á innan við tíu vikum. Þegar maður fær svona mikið flökt í gjaldmiðil þá er það ávísun á að gengið heldur áfram að sveiflast í hvora áttina sem er,“ segir hann og telur meiri líkur en minni að flöktið haldist hátt fram eftir ári og jafnvel næstu misseri.

„Allur heimurinn er farinn að spekúlera í þessa minnsta gjaldmiðli í heimi og þá kemur veikleiki hans í ljós. Það gekk ágætlega að láta krónuna fljóta frjálsa en eftir að útgáfa krónubréfanna hófst erlendis þá kom í ljós að gjaldmiðillinn er of lítill.“



Sverrir segir að bankarnir hafi farið of geyst í útlánaaukningu. Þeir séu nú í erfiðleikum með að fjármagna sig og geti í besta falli fjármagnað sig á miklu hærri vöxtum en áður. Útlán þeirra verði dýrari.

Vaxtahækkanir Seðlabankans hafa fram að þessu ekki haft mikil áhrif á neysluna hjá heimilunum og því lítið slegið á þensluna eða innflutninginn.

„Þetta gengur ekki til lengdar,“ segir Sverrir og telur að breyting sé yfirvofandi. Heimilin séu farin að snúa sér aftur að yfirdráttarlánunum.

**Hvað er til ráða?**
Virkjanaframkvæmdir landsmanna hafa áhrif á verðbólguna og Sverrir telur að ríkið þurfi að draga úr opinberum framkvæmdum og fara varlega í að lofa álverum.

Sverrir telur einnig koma til greina að fara sér hægar í skattalækkunum og íhuga jafnvel tímabundinn skyldusparnað, svipað og gert hefur verið í Danmörku.

Sverrir telur að stjórnvöld verði að senda frá sér merki um það hvernig þau hyggist ná mjúkri lendingu í hagkerfið. Yfirlýsingin um að hækka þak á íbúðalán telur hann að hafi verið „mjög ámælisvert“.

Sverrir telur mikilvægt að stjórnvöld standi að því að kynna íslenskt hagkerfi gagnvart umheiminum með skipulögðum hætti, ekki bara bankarnir og Kauphöllin.

Sum sveitarfélög hafi verið að greiða upp lán vegna aukinna tekna og það sé gott. Þau ættu að halda áfram að gera það og draga líka úr framkvæmdum eins og hægt er.

Heimilin ættu að minnka neyslu og auka sparnað verulega, sérstaklega að greiða upp skammtímalánin en bankarnir munu draga úr útlánaþenslu af sjálfu sér þegar þeir fara að taka erlend lán.

„Ef maður skoðar vísitölu neysluverðs síðustu þrjá mánuði þá hefur hún hækkað um rúm níu prósent á ársgrunni og rúm átta prósent þegar húsnæðisliðurinn er dreginn frá. Menn hafa kennt húsnæðisliðnum um þróunina en þegar hann er tekinn frá þá er samt átta prósenta verðbólgu á ári og hún fer hækkandi,“ segir hann.

„Þróunin leiðir til þess að útlendingar, sem hér starfa, munu að einhverju leyti hverfa til baka. það er líka spurning hversu spennandi þeim finnst þegar launin þeirra hafa lækkað um 30 prósent miðað við erlendar myntir, hvort það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir þá að vinna hér áfram og hvort þeir hafi áhuga á því.“

# *Tifandi tímasprengja*

Lilja Mósesdóttir, prófessor í hagfræði við Viðskiptaháskólann á Bifröst, telur að verðbólga hafi aukist mjög mikið það sem af er árinu af þremur ástæðum; olíuverði í sögulegu hámarki, miklum launahækkunum og gengislækkun krónunnar.

„Kostnaður fyrirtækja hefur verið að hækka mjög mikið. Í fyrsta lagi er olíuverð í sögulegu hámarki vegna deilna Bandaríkjamanna og Írana um kjarnorkuáætlun Írana. Í öðru lagi hafa verið miklar launahækkanir vegna fleiri einstaklingssamninga á vinnumarkaði. Laun hafa hækkað í kjölfar útrásar bankanna. Rannsóknir sýna að stjórnendur eiga erfitt með að neita starfsmönnum um launahækkanir þegar aðrir hækka laun,“ segir hún.



„Aðilar vinnumarkaðarins eiga auðveldara með að gera samninga sín á milli um launahækkanir í nafni verðstöðugleika en einstaklingssamningar hafa grafið undan þessu tæki vinnumarkaðarins til að hafa hemil á verðbólgu. Launahækkanir í efstu hópum er nú að fara niður stigann,“ segir hún.

Gengislækkun krónunnar veldur því að verð hækkar. Lilja talar um verðhjöðnun þegar líður á árið. Hin mikla gengislækkun krónunnar muni bæta samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækjanna og fyrirtækja með starfsemi í Austur-Evrópu og hærra vöruverð dregur úr eftirspurn eftir vörum og húsnæði meðal heimilanna.

Gengi krónunnar hefur verið hátt í langan tíma og aðgengi heimilanna að lánsfjármagni hefur aukist. Lilja er á sama máli og Sverrir þegar hún bendir á að skatthlutfall í staðgreiðslu hafi lækkað úr 41,79 prósentum árið 1994 í 36,72 prósent nú.

„Þetta hefur ýtt undir eftirspurn eftir vörum og þjónustu og umframeftirspurn eftir fasteignum hefur verið viðvarandi vandmál. Í framtíðinni hef ég mestar áhyggjur af skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar,“ segir hún. Lilja telur að fjölgun fólks í háskólamenntun og fjölgun aldraðra sé „tifandi tímasprengja”, það verði að setja meira fjármagn í þessa tvo málaflokka. Á sama tíma stöndum við í miklum fjárfestingum í stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi þannig að við þurfum að auka ríkisútgjöld en getum ekki vegna þenslu. Hvenær gefst svigrúm til að setja fjármagn í þessa málaflokka? Er hægt að bíða lengur?“ segir hún.

„Við erum komin að endamörkum þessa lækkunarferils. Menntageirinn, heilbrigðismálin og málefni aldraðra hrópa á meira fjármagn. Öldruðum fjölgar og þetta fólk þarf á þjónustu að halda,“ segir hún.

„Samtök atvinnulífsins þurfa að íhuga stefnu sína í kjaramálum. Það er engin samstaða um að halda launahækkunum í skefjum. Meðan staðan er þannig verður alltaf ójafnvægi í efnahagslífinu.“

**Hvað er til ráða?**
Lilja telur að vandamálin leysist af sjálfu sér að hluta. Gengislækkun krónunnar bætir samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækjanna sem hafa átt erfiða tíð. Hún hvetur stjórnvöld til að hverfa frá skattalækkunaráformum.

„Mér finnst ástæða til að íhuga að hækka skatta á þeim sem eru með miðlungs og háar tekjur. Heimilin eru skuldsett og öll þeirra lán verðtryggð.“

Lilja lýsir eftir öflugra verðeftirliti. „Verkalýðshreyfingin hefur bent á að matvöruverð fari ekki lækkandi þegar gengi krónunnar hækkar en um leið og gengið lækkar þá finnum við strax að matvöruverð fer hækkandi. Það bendir til þess að það sé ónóg samkeppni hér á landi,“ segir hún.

„Kannski eru stóru smásölukeðjurnar búnar að fjárfesta of mikið erlendis og eiga ekki nóga sjóði frá góðærinu til að taka á sig þessa gengislækkun,“ segir hún.

Hið opinbera segir Lilja að eigi að vera með aðhaldssamari fjármálastjórnun. Þegar stýrivextir séu komnir í 11,5 prósent sé augljóst að peningastjórnunin hafi engan veginn tekist að halda verðstöðugleika. Stýrivextir Seðlabankans hafi fyrst og fremst áhrif á lántöku heimilanna.

„Háir stýrivextir eru merki um það hversu áhrifalitlir þeir eru sem tæki til að hafa stjórn á efnahagslífinu,“ segir Lilja.

„Ég held að við verðum að samræma betur peningamálastjórn ríkisins og gera hana aðhaldssamari, aðallega á skattahliðinni á sama tíma og Seðlabankinn hækkar stýrivexti,“ segir hún og á allt eins von á að stýrivextir fari upp í 16 prósent.

# Myndavélar
## á frábæru verði

TILBOÐ
**18.990kr**
verð áður 25.990,-




**Olympus myndavél**
**6 MegaPixel**
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 5,8 - 17,4 mm (35 mm samb.: 35 - 105 mm)
- 2,5" LCD skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- Átta myndstærðir
- 23 picture Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Innbyggt 8 mb minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir

**22.990kr**




**Olympus myndavél**
**7.1 MegaPixel**
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6,5 - 19,5mm (35 mm samb.: 37 - 111 mm)
- 2,5" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- Átta myndstærðir
- 23 Scene Programmes
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 19,1mb innbyggt minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir
- Þyngd: 5 kg

**11.990kr**




**Olympus myndavél**
**5 MegaPixel**
- 2.8x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6,2 - 17,4 mm (35 mm samb.: 38 - 106 mm)
- 1,5" LCD skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka (hámarksupplausn 320x240 - 15fps)
- Þrjár myndstærðir
- 5 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 28MB innra minni og tekur xD kort
- USB snúra, rafhlöður og hugbúnaður fylgir

**34.990kr**



**Olympus myndavél**
**7.1 MegaPixel**
- Vatnsheld að 3 m dýpi
- Höggheld upp í 1,5 m hæð
- 3x Optical Zoom og 5x Digital Zoom
- Linsa: 6,7 - 20,1 mm (35 mm samb.: 38 - 114 mm)
- 2,5" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 15fps)
- Átta myndstærðir
- 24 Scene Programmes
- Auto Flass og Red Eye Reduction
- Tímarofi
- USB tenging við tölvu
- 19,1 mb innbyggt minni
- Tekur xD kort
- Hugbúnaður fylgir

**19.990kr**




**Olympus myndavél**
**5 MegaPixel**
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 5,4 - 16,2 mm (35 mm samb.: 32 - 96 mm)
- 2,5" LCD skjár
- Autofocus og Auto White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka (hámarksupplausn 320x240)
- Þrjár myndstærðir
- 20 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 9MB innra minni, USB snúra og hleðslurafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir

**Fást í Smáralind, Kringlunni, Spönginni og markaði Hagkaupa Akureyri.**

ODDI VOA8152

Gildir til 27. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**AUSTUR-LANDEYJAR** Moldin vaknar af vetrardvala. Vestmannaeyjar sjást í fjarska.

# Vetur kveður

Sumarið er komið, segir dagatal Íslendinga, og langur veturinn hörfar á braut. Hvítur snjórinn hörfar af fjöllum og firnindum og víkur fyrir lit jarðar sem er að vakna til lífsins. Ilmur vorsins er kominn í loftið ásamt orkunni sem fylgir hækkandi sól. Kvöldin eru löng og hlýnandi golan hvíslar loforði um nýja árstíð. ***Einar Ólason*** ljósmyndari festi vorfegurð Suðurlands á filmu í byrjun hins íslenska sumars.



**KYRRÐ UNDIR FJÖLLUM** Jörðin bíður hlýjunnar á Austur-Landeyjum.



**HESTAR Í SKJÓLI** Bráðum kveður loðinn feldurinn eftir því sem sólin hækkar á lofti.


## FRUMVARPIÐ UM RÍKISÚTVARPIÐ ER MEINGALLAÐ

„Í frumvarpi menntamálaráðherra er verið að blása til sóknar ríkisrekstrar gegn einkarekstri sem hefur þegar haslað sér völl á markaðnum. Þessi framganga ríkisins spillir heilbrigðum rekstrarskilyrðum á fjölmiðlamarkaði. Þannig liggur í augum uppi að ef frumvarpið fjallaði ekki um RÚV heldur fyrirtæki í einhverri annarri atvinnustarfsemi í landinu sæist glögglega hve frávik frá eðlilegum leikreglum markaðarins eru hrópandi í frumvarpinu.“

Viðskiptaráð Íslands

Úr Skoðun Viðskiptaráðs Íslands á frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið.
24.02.2006

365

# LAGERSALA

H&M ROWELLS

## FYRSTI OPNUNARDAGUR Í DAG !

## 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !

OPIÐ FRÁ 11-19 ALLA DAGA
Í FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)



# ÍSLENSK TÍSKA ROKKAR

Getur það virkilega verið að tískuspekúlantar frá New York mæli með Reykjavík til verslunarferða?

Tískuvefritið wgsn.com er notað af fagfólki í tískuheiminum vestra en þar er að finna margar blaðsíður um hversu hipp og kúl höfuðborg norðursins er. Töluverð umfjöllun



**NONNABÚÐ OG NAKTI APINN** Þykja framúrstefnulegar og skemmtilegar.

er um íslenska hönnun og talað sérstaklega um verslanirnar Nonnabúð, Nakta Apann, Ósómu og Trilogiu sem eru báðar á Laugaveginum. Sérstök umfjöllun er um hversu gott sé að finna „vintage“ eða notuð föt í Reykjavík með úrvali búða eins og Spútnik, Rokk og Rósir og Gyllta kettinum. Einnig var talað um næturlífið í borginni og mælt sérstaklega með að



fara á Sirkus eða Kaffibarinn þar sem mestu tískutýpurnar fyrirfyndust. Í nýjasta hefti bandaríska Elle er einnig stór grein um íslenska hönnuði þar sem talað er um Steinunni Sigurðardóttur sem hannar undir nafninu Steinunn, og Jón Sæmund Auðarson, hönnuð og eiganda Nonnabúðar og Deadfatamerkisins. Jenny Chao, barnafatahönnuður fyrir Gap, kom sérstaklega til Reykjavíkur síðustu helgi ásamt samstarfskonum sínum til að versla í Reykjavík. „Við höfðum sérstaklega áhuga á að skoða „vintage“-búðirnar í borginni, þar sem að það eru aðallega þeir markaðir í New York og London sem eru þekktir í tískubransanum,“ segir Jenny, sem var mjög ánægð með ferðina. „Ég vildi



**BANDARÍSKA ELLE** Með stóra umfjöllun um íslenska hönnun í nýjasta heftinu.

bara að ég hefði vitað að búðir væru lokaðar á sunnudögum. Mér fannst að vísu verðið, sérstaklega á notuðu fötunum, alveg himinhátt. Það sem heillaði mig mest

**ROKK OG RÓSIR** Ein af mörgum „vintage“-búðum sem tískuspekúlantar Stóra eplisins mæla með.

var að þú finnur allar bestu búðirnar á sömu verslunargötunni, Laugavegi, sem gerði eina daginn sem við höfðum til að versla mun auðveldari. Allir voru líka einstaklega vinalegir við okkur og hjálplegir.“ Jenny var hrifin af klæðaburði íslendinga. „Mér fannst virkilega gaman að sjá hvað þið eruð frjálsleg í fatavali - allt gengur! Stelpurnar í þessum ótrulega mörgu fatalögum - pilsum, gammósíum og stígvélum - og öll þessi mynstur! Og svo eru þær allar með frábærar klippingar - allir þessir skökku toppar til dæmis. Krakkar eru líka í frábærum fötum, og oft klæddir í stíl við foreldrana! Þegar við fórum út á lífið sáum við ennþá fríkaðri föt - stúlkur í prom-kjólum frá níunda áratugnum, hóp af fólki með grímur og stráka í „mod“-legum fötum.“

annabjornsson@frettabladid.is



**TÍSKUVEFRITIÐ WSGN.COM** Er með margar síður tileinkaðar Reykjavík. Hér má sjá umfjöllun um „vintage“-búðir borgarinnar.


FRUMVARPIÐ UM RÍKISÚTVARPIÐ ER MEINGALLAÐ

„Samtök atvinnulífsins telja því nú að frumvarpið samræmist ekki ákvæðum EES samningsins um ríkisstyrki, sé í andstöðu við markmið samkeppnislaga og tryggi ekki ásættanlegt jafnræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri. Með vísan til framanritaðs geta Samtök atvinnulífsins ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.“

Samtök atvinnulífsins.

Úr umsögn SA um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið.
15.02.2006

365

# Sumar 2006

Laugardalshöll 21.–23. apríl 2006

# Stórviðburður

## í Laugardalshöll um helgina



**Fagnið sumri með okkur í Laugardalshöll um helgina!**

sumarhúsið
heimilið
garðurinn
ferðalög
afþreying
umhverfi
og heilsa

Á sýningunni verða um 150 sýningaraðilar með fjölbreytta vöru og þjónustu sem tengjast heimilinu, sumarhúsinu, garðinum, umhverfismálum, ferðum og afþreyingu.







Fjölmargar skemmtilegar uppákomur og fjölbreytt afþreying alla helgina.



Silvía Nótt kemur fram í dag laugardag kl. 15



Snorri Idol-stjarna syngur fyrir gesti á morgun kl. 15

Tónlistarfólk, magadans, street-hockey, gjörningahópur og grafík-listamenn sýna listir sínar úti og inni.

Úrslit í hönnunarkeppni Sumar 2006 kynnt í dag kl. 14:00

**Komið og sjáið stærsta púsluspil á Íslandi, 35 m²**



**Opnunartími sýningarinnar:**
Laugardaginn 22. apríl kl. 11:00 - 19:00
Sunnudaginn 23. apríl kl. 11:00 - 18:00

**Verð aðgöngumiða**
kr. 1.000 fyrir fullorðna, kr. 500 fyrir 12-16 ára og ellilífeyrisþega og frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

**Sumarhúsið og garðurinn**
**Síðumúla 15, S 586 8003,**
**www.rit.is**





**ANNA S. ÞORVALDSDÓTTIR TÓNSKÁLD** Tónlistin stendur alltaf ein en það er líka gaman að fá að vita hvað býr að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/ HÖRÐUR

# Allar dyrnar opnar

Mannfólkið hefur margar leiðir til að snerta hvert við öðru. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* hitti tónskáldið **Önnu S. Þorvaldsdóttur** og fékk að kynnast því hvernig tilfinning verður að tónlist.

Ég hef alltaf verið að búa til lög. Ég byrjaði að skrifa 19 ára en ég þorði ekki að sýna neinum neitt, maður er svo feiminn og lítill í sér. En síðan fór ég í nokkra tíma hjá John Speight og hann hvatti mig til að læra og ég sé ekki eftir því enda var ekki um neitt annað að ræða eftir að ég byrjaði að skrifa. Mér fannst eins og örlög mín væru ráðin svo maður tali nú dálítið dramatískt.“

Anna er fædd árið 1977 og ólst upp á Akranesi. Hún var í fyrsta árganginum sem hóf nám í tónsmíðum í tónlistardeild Listaháskólans en hún útskrifaðist árið 2004. Síðan þá hefur boltinn rúllað hratt, verk hennar hafa verið flutt víða á hátíðum hér heima og erlendis, til dæmis á Norrænum tónlistardögum í Evrópu og Ung Nordisk Musik og síðasta sumar var hún eitt af staðartónskáldum í Skálholti. Anna hefur skrifað fjölda verka fyrir alls konar tónlistarmenn og telja verkin nú á fjórða tug, allt frá sólóverkum fyrir ýmis hljóðfæri til þjóðlagaútsetninga og stórra hljómsveitarverka og nú í síðasta mánuði flutti Sinfóníuhljómsveit Íslands verk hennar „Stund milli stríða“.

Anna kveðst samt ekki hafa lært mikið á hljóðfæri, hún prófaði sig áfram þar til hún fann sellóið og fór þá að taka námið alvarlega. Hún lærði á selló fram til ársins 2003, meðal annars hjá Gunnari Kvaran í Tónlistarskóla Reykjavíkur og í Listaháskólanum en síðan ákvað hún að einbeita sér að tónsmíðunum en Anna hefur kennt á selló jafnhliða sínu eigin námi bæði í Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Kópavogs.

## Skólun og sjálfstæði

Anna segist ekki hafa fundið fyrir mótandi áhrifum kennara sinna en fyrstu tvö árin í LHÍ lærði hún hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni og síðar hjá dóttur hans Mist. Hún kveðst hafa ákveðið snemma að láta ekki skóla sig of mikið. „Ég er mjög meðvituð um að láta þetta bara koma að innan, mér finnst það mikilvægt og ég ákvað það áður en ég byrjaði að læra að reyna að læra sem mest en líka að skilja það eftir sem maður vill ekki nota. Ég nota reynsluna af því maður þarf að hlusta á sjálfan sig, það er mikilvægt að tapa því ekki því þá er maður búinn að tapa ástæðunni fyrir því að maður er að semja.“

Tónskáld verða virt með tímanum, þegar þau eru látin eða við það að kveðja þennan heim og mjög sjaldæft er að ung tónskáld slái í gegn eða sé hampað mikið. Anna er mjög þakklát fyrir þær góðu viðtökur sem verkin hennar hafa hlotið og segir hæversklega að hún hafi aldrei þurft að berjast fyrir starfsheitinu. „Ég hef ekki staðið í neinni kynningarstarfsemi, ég ákvað að láta tónlistina gera það sjálfa og það hefur gengið vel.“

## Hæversk og heppin

Anna nefnir að tækifæri fyrir ung tónskáld séu ekki svo mörg, „Það eru nokkrar keppnir sem hægt er að senda nótur í en ég hef ekki gert það, ég hef bara sent nótur í eina árlega keppni, Nordisk musik, og fengið verk flutt þar.“ Hún segir að tækifærin séu flest fólgin í pöntunum á verkum en fjöldi þeirra velti á því að vera duglegur eða á hreinni heppni. „Ég hef verið mjög heppin eins og með flutninginn hjá sinfóníunni – ég veit ekki til þess að þetta sé algengt að þau taki svona verk á almenna dagskrá.“ Anna segir að landslagið í íslenskri nútímatónlist sé ef til vill að breytast því nú komi tónskáld víða að og úr ólíkum tónlistargeirum. „Margir eru að skrifa klassíska tónlist, sem reyndar hefur ekkert með klassík að gera lengur því nútímatónlist kemur líka úr poppi og rokki.“

Anna hlustar á alls kyns tónlist og kveðst vera alæta eins langt og það nær. „Ég hlusta mest á nýsamda tónlist því mér finnst þessi eldri áhugaverðari í sögulegu samhengi. Ég hlusta á nýja samtímatónlist og náttúrulega á okkar góðu bönd eins og Sigur Rós og múm og öll þessi góðu „alternative bönd“ jöfnum höndum. Maður verður að hlusta á allt. Það fer bara eftir stemningunni.“ Hún segist heillast af öllum tónsmíðum og ávallt reyna að hlusta með opnum huga. „Það þýðir ekki að mér finnist alltaf allt skemmtilegt og áhugavert en ég ber mikla virðingu fyrir forminu og vinnu fólks.“

## Verkin tala

„Verkin mín eru rosalega misjöfn en þau sem bera minn sterkasta karakter eru dálítið flæðandi, sumir segja drungaleg, aðrir ævintýraleg og dreymandi. Það er misjafnt hvernig fólk upplifir þau en ef ég reyni að tína til einhverjar skilgreiningar þá hefur mér verið lýst sem svona stemningstónskáldi og það líkar mér ágæt-



### Í SPILARANUM NÚNA

**Biosphere** - Shenzhou
**Björk** - Medúlla
**Giya Kancheli** - Lament
**Gavin Bryars** - The sinking of the Titanic
**Henryk Górecki** - Sinfónía nr. 3 („Symphony of Sorrowful Songs“)
**Roger Reynolds** -Ariadne's Thread
**Aphex Twin** - 26 Mixes for Cash

lega. Þetta byggist allt á tilfinningum, ég skrifa út frá þeim og skynja mjög sterkt.“

Hún útskýrir að kveikjan að verkunum þurfi að koma að innan, jafnvel þegar um pantanir er að ræða. „Ég þarf að ganga með hugmyndina í smá tíma áður en verkið verður til. Maður sest niður vegna þess að maður lærir ákveðna aðferðafræði og þarf að vinna en ég bý verkin til í hausnum á mér áður en ég skrifa þau niður. Sest ekki niður með tóman haus – það er of erfitt.“ Anna segist ekki nota hljóðfæri þegar hún semur, bara blýant. „Ég get heldur ekki sett verkið beint upp í tölvu, það er svo

*„Verkin eru rosalega misjöfn en þau sem bera minn sterkasta karakter eru dálítið flæðandi, sumir segja drungaleg, aðrir ævintýraleg og dreymandi.“*

ópersónulegt. Ég veit að það er tvíverknaður en ég næ allt öðru sambandi við blýantinn og blaðið.“

**Reynsla úr ólíkum áttum**

Anna skrifar töluverðan texta með verkunum sínum sem hún lætur ýmist fylgja með til fróðleiks eða heldur fyrir sig. „Tónlistin stendur alltaf ein en það er líka gaman að fá að vita hvað býr að baki. Sumir textarnir eru persónulegir, sumir bara hugmyndafræðilegir – hugleiðingar um lífið og tilveruna sem eru mismunandi skynjanir á hversdagslegum atburðum.“

Eiginmaður Önnu er heimspekingur og hún segir að það komi sér vel fyrir tónskáld að hafa slíkan mann á heimilinu þegar kemur að hugmyndafræðilegri nálgun að listinni. „Það er alveg frábært, við pössum svo vel saman og það gott að eiga andlega nærandi samræður og gaman að kynnast heimspekinni sem fagi.“ Þau hjónin stefna bæði á framhaldsnám og munu flytjast búferlum til Bandaríkjanna í haust. „Við erum búin að fá inni í nokkrum skólum og nú er bara að velja,“ segir Anna en hana langar að klára meistara- og doktorsnám í tónsmíðum sem er fimm ára prógramm eins og lagt er upp með í Bandaríkjunum.

Anna leitar mikið inn í sig þegar hún semur tónlist og segir hlæjandi að hún verði oft voða sjálfhverf. En hún er líka haldin óslökkvandi þekkingarþrá. „Það þýðir ekki að ég sitji og lesi allt sem ég kemst í en mér þykir afskaplega gaman að afla mér fróðleiks. Þekkingarleitin er mjög mikilvæg, það er svo margt sem ég vildi læra en ég get ekki varið tíma í að komast yfir allt. Innblásturinn er drifinn áfram af þessari þörf, að uppgötva nýja hluti. Allt kennir manni eitthvað eða hefur áhrif á mann á einn eða annan hátt. Síðan ákveður maður sjálfur hvort maður ætlar að skilja það eftir eða taka það inn.“ ■





Nú er tími vorverkanna.

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund. Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í 585 5050 og fáðu tíma í ráðgjöf. Það kostar ekki neitt.

BM•VALLÁ

Söludeildir BM•Vallá: Í Fornalundi 110 Reykjavík Sími: 585 5050 • Suðurhrauni 6 210 Garðabæ Sími: 585 5080
V/Súluveg 600 Akureyri Sími: 460 2200 • Ægisgötu 6 730 Reyðarfirði Sími: 477 2050 • Höfðaseli 4 300 Akranes Sími: 433 5600

ROCKWOOD

Amerísku fellihýsin sem slegið hafa í gegn

- 10 feta með eða án geymsluhólfs • 13" sport-álfelgur
- Möguleiki á raflyftibúnaði með handvirkum möguleika
- TRUMA hljóðlát miðstöð • Upphitaðar lúxus dýnur
- 3ja hraða rafmagnsvifta • Dometic ísskápur • Cramer eldavél 3 hellur
- Internet tengi • 110 amp. rafgeymir
- Gas viðvörunarkerfi
- Stöðutjakkar aftan & framan

Verð án geymsluhólfs 1.099.000
með geymsluhólfi 1.199.000

Hjá okkur fáið þið meira fyrir minna





STOFNAÐ 1994
FELLI- & HJÓLHÝSI EHF
MIÐHRAUNI 14 - 210 GARÐABÆ
SÍMAR 551 5600/892 8030
www.fellihysi.is - www.hjolhysi.is

SÝNING UM HELGINA
að Miðhrauni 14, Garðabæ
staðsettir á móti Marel og 66°N
Laugard. og sunnud. kl. 12 - 18




# STUÐ MILLI STRÍÐA Smá mistök, allt í plati

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** ENDURSKOÐAR HEIMSSÖGUNA.



Ég man sjokkið sem kom þegar ég horfði á Halldór Ásgrímsson uppábúinn fyrir framan stjórnarráðið tilkynna landanum að landafræðibækur landsins væru rangar. Hvannadalshnjúkur væri stubbur samkvæmt nýjum mælingum og einhver óheppinn landafræðikennari var settur í að tippexa yfir ranga metrahæð í kennslubókunum og skrifa inn þá nýju.

Svo var heimsbyggðinni það kunngjört ekki fyrir löngu að Júdas væri hreint ekkert svo slæmur dúddi. Ég sem hef alla mína daga staðið í þeirri trú að Júdas væri jú hinn versti Júdas og óspart notað nafn hans þegar ég uppnefni vini mína fyrir að svíkjast undan partíboðum. En nú, þegar einhver fórnar sér fúslega fyrir vin sinn, verður sagt „hann er sannkallaður Júdas“. Uppfæra þarf biblíur og predikanir þar sem Jesús og Júdas voru greinilega BFF, „Best friends forever“.

Svo frétti ég að menn settust að í Reykjavík fyrir árið 874. Ingólfur var því enginn frumkvöðull í lóðavali. Ingólfur elti einhvern annan víking, og sá fékk aldrei kredit fyrir kænsku sína í búsetumálum. Og enn og aftur þarf að tippexa yfir staðreyndavillur í sögubókunum.

Ég verð að viðurkenna að þessar nýju upplýsingar fá mig til að efast um allt sem ég hef lært. Kannski var Brútus hið mesta gæðablóð. Kannski var Guðrún Ósvífursdóttir þeim best sem hún unni mest, einhver misheyrði hin fleygu orð hennar. Kannski var Jörundur alvöru konungur. Kannski er Sahara-eyðimörkin ekkert svo stór, bara ruglingsleg.

Nú hristir einhver hausinn yfir ruglinu í mér. En hefði sá hinn sami ekki gert það líka hefði ég farið að rugla um Júdas, mannaferðir á Íslandi og hæð Hvannadalshnjúks fyrir nokkrum árum síðan?

Sannleikurinn er vissulega vandmeðfarinn en það gera víst allir mistök.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Överli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott









# Leikir og lærdómur

## Risavél frá Toshiba! á litlu verði í BT

**Risa minni!**
1GB vinnsluminni tryggir að það er ekkert hökt í vélinni, þú bara keyrir allt á fljúgandi hraða. Láttu ekki bjóða þér minna.

**Risa Skjákort!**
ATI RADEON X700 - ein sú allra öflugast í nýjustu leikina! Gerðu kröfur um það besta.

**DV Ready**
Firewire tengi fyrir videovélar og annan háhraðabúnað. Notaðu tölvuna sem klippistúdíó

**Risa örgjörvi!**
2.0 GHz Intel Centrino örgjörvi, allt það afl sem þú þarft á einum stað. Sambærilegt við 4GHz Pentium 4 vél í flestri vinnslu.

**Risa diskur!**
Loksins nóg pláss á fartölvunni, getur geymt ógrynni kvikmynda og annað sem tekur mikið pláss t.d. Videovinnslu.

- 2GHz Örgjörvi
- 1GB Vinnsluminni
- 100GB Harður diskur
- ATI X700 Skjákort

15,4"




**TOSHIBA Satellite**

**Toshiba Satellite M70-233**
PSM71E-02000LED

- Intel® Pentium® M 760 2.0 GHz (Dothan)
- 1GB DDR2 (533) vinnsluminni -mest 2GB
- 100GB (5400rpm) S.M.A.R.T - SATA harður diskur
- 15.4" TruBrite Breiðtjaldsskjár 1280x800 upplausn
- MOBILITY™ RADEON® X700 Skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- MediaBay kortalesari - Les öll helstu minniskort
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0 - DV Ready
- Aðeins 2,71 kg
- Rafhlöðuending 2:26:00 klst. (Mobile Mark™)
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð




Fartölvutaska og DVD mynd.

FYLGIR 4.999
FYLGIR 3.999

**4.489***

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 4.489* | 12.999** | 155.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

**Veldu Toshiba!**
Toshiba fann upp fartölvuna fyrir meira en 20 árum og hefur verið leiðandi í þróun, hönnun og sölu á þeim alla tíð síðan. Toshiba hefur ávallt verið þekkt fyrir hæstu gæði og bestu þjónustu sem völ er á - spurðu þá sem eiga Toshiba.

20th anniversary

## Stafræn myndavél

**SONY**
DSC-W30
**Sony Cybershot W30**

- 6.0 Mpixla myndflaga
- Carl Zeiss® Vario-Tessar® linsa
- 3x Optical Zoom, 6x digital
- Skýr 2.0" Litaskjár
- "Anti-blur" ISO1000 High Sensitivity
- 16:9 Mode (WideScreen)
- PictBridge
- Rafhlöðuending ubb 400 myndur (CIPA)
- Hleðslurafhlöður og tæki fylgja.



Sony Memorystick 256MB fylgir!
FYLGIR 4.999
SONY GÆÐI

**2.499****
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**29.988** Staðgreitt

## Stafræn myndavél

**Panasonic**
DMCFX9BS
**PANASONIC LUMIX FX9**

- 6.0 Megapixel myndflaga
- Leica DC Vario-Elmarit Linsa
- 3x optical aðdráttur (4x digital)
- 2.5" Polycrystalline skjár



6.0 megapixel

**2.799****
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**33.988** Staðgreitt

## Stafræn myndavél

**SONY**
DSCT5S
**SONY CYBERSHOT DSCT5S**

- 5.1 Megapixels effective Super HAD CCD myndflaga
- Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
- 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)
- 2.5" litaskjár Hybrid LCD
- InfoLITHIUM battery & hleðslutæki



SONY GÆÐI
Sony Memorystick 256MB fylgir!
FYLGIR 4.999

**2.999****
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**35.988** Staðgreitt

## Stafræn myndavél

**SONY**
DSCW50S
**SONY CYBERSHOT W50**

- 6.0 Megapixels effective Super HAD CCD myndflaga
- Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
- 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)
- 2.5" LCD litaskjár



Sony Memorystick 256MB fylgir!
FYLGIR 4.999
SONY GÆÐI

**2.999****
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**35.988** Staðgreitt

BT

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

**Opið til 22 öll kvöld í BT Skeifunni**

**! Kl. 16.00**

*Sýning til minningar um lífsstarf og aldarafmæli Snorra Hjartarsonar skálds opnar í bókasal Þjóðmenningarhússins. Hjörtur Pálsson flytur erindi um skáldið, Þorleifur Hauksson og Ragnheiður Steindórsdóttir lesa kvæði eftir hann og Gunnar Guðbjörnsson og Jónas Ingimundarson flytja sönglög við kvæði hans.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Tvær frábærar fiðlur

Ungverski fiðlusnillingurinn Barnabás Kelemen snýr aftur til Íslands og heldur tónleika í TÍBRÁR-tónleikaröð Salarins í kvöld ásamt eiginkonu sinni Katalin Kokas. Þau hjónin eru meðal hæfileikaríkustu og eftirtektarverðustu fiðluleikurum sinnar kynslóðar og minnast margir tónleika Kelemens í Salnum á vordögum 2004 sem líkt var við flugeldasýningu. Með honum að þessu sinni er kona hans Katalin Kokas, sem einnig er fiðlu- og víóluleikari.



KATALIN KOKAS OG BARNABÁS KELEMEN
Meðal hæfileikaríkustu fiðluleikurum samtímans.

Þau hjónin hafa hlotið fjöldamörg verðlaun og viðurkenningar fyrir störf sín, en Kelemen vann til að mynda eina virtustu fiðlukeppni heims, Indianapolis-keppnina, árið 2002 og Kokas hefur einnig hlotið vegtyllur í heimalandi þeirra og starfar nú sem aðstoðarprófessor við Franz Liszt tónlistarakademíuna í Búdapest. Efnisskrá kvöldsins er afar sérstæð en þar má meðal annars heyra verk fyrir tvær fiðlur þar sem leikið er án undirleiks. Sónötur eftir Jean-Marie Leclair, Michael Haydn og W.A. Mozart munu hljóma fyrir hlé en síðan taka við valdir fiðludúettar eftir Béla Bartók og Capriccio eftir Henry Wieniawsky.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.00

### > Ekki missa af...

óperuveislu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Elínar Óskar Óskarsdóttur í Háskólabíói í kvöld. Elín Ósk mun syngja margar af sínum uppáhaldsaríum, stjórnandi er Petri Sakari.

herkveðjuhátíð á Ránni í Reykjanesbæ, fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa meðan húsrúm leyfir.

frumflutningi óperunnar Mærþöll í Íslensku óperunni. Nemendur Tónlistarskóla Reykjavíkur flytja verk Þórunnar Guðmundsdóttur.



**GUÐMUNDUR ODDUR**
**> SKRIFAR UM SJÓNMENNTIR**

## Að sjá er að trúa

**Á síðasta aldarfjórðungi eða svo hófst myndvæðing almannarýmis svo um munaði**

Á síðasta aldarfjórðungi eða svo hófst myndvæðing almannarýmis svo um munaði. Ég er að tala um sjónvarp, dreifingu myndefnis á spólum og diskum. Almenna notkun veraldarvefsins. Margföldun á myndrænu prentefni – svokölluðum ruslpósti. Auglýsingaskiltum á almannafæri, á farartækjum og föstum húsum, fótboltavöllum, flugstöðvum eða bara frístandandi við þjóðveginn. Ég er líka að tala um „powerpoint“ og „keynote“ framsetningar á upplýsingum/áróðri í kennslustofum, á fyrirlestrum og ráðstefnum. Allt þetta hefur breytt meiru fyrir vitundarlíf okkar en margan grunar. Það eru ekki margir samtímamenn sem átta sig á því hvernig heimurinn leit út þegar prentað efni og myndir voru sjaldgæfar. Bara til dæmis að sjá Mónu Lísu – þetta eina frumeintak staðsett í París – kostaði ferðalag. Ég held að ég geti fullyrt að eftirprentanir í einni eða annari mynd af þessari spegilmynd Leónardós skipti milljónum. Valdið – hið veraldlega og hið andlega – kannski sérstaklega það andlega, hafa nánast einokað myndnotkun svo öldum skiptir – Jesús og Maríumyndir í milljörðum? Sem líklega segir okkur eitthvað um eðli mynda, ekki satt? Getur verið að það sé vegna þess að æðri máttur, valdið, tali til okkar í myndum en túlkanir á þessu fyrirbæri, æðri mætti (valdinu) sé í máli eða textaformi. Getur þetta haft eitthvað með það að gera að undirmeðvitund okkar sé móttækilegri fyrir myndrænum skilaboðum. Að verðandin sé þar. Hin textalega túlkun komi eftir á. Textinn með myndinni sé mannlega aflið, sé útskýringin, sannfæringin eða réttlætingin.

**Flokksnálganir**

Þetta er skemmtilegt að að hafa í huga svona rétt fyrir kosningar. Framboðin eru óvenju feimin í ár enn sem komið er. Framsóknarflokkurinn, að minnsta kosti hér í Reykjavík, felur uppruna sinn og sýnir okkur ungan dreng í forystusæti „exbjé“ með talsverðan ljóma. Alla vega meiri ljóma og útgeislun heldur en formann flokksins sem hann vinnur fyrir og gerir sitt besta til að sjáist ekki í. Hagar sér eins og unglingur á gelgjunni sem skammast sín fyrir pabba sinn. Sjálfstæðisflokkurinn notar yfirborðið, sýnir okkur miðaldra „slick“ forystumann í Armani- eða Kóróna-fötum, skiljið þið: fötin skapa manninn. Hópauglýsingar flokksins minna hins vegar á ruslpóst með úrvali af fatnaði frá Hagkaupi. Vantar bara verðmiðann. Samfylkingin gerir þann feil að nota bara gagnslausar textaauglýsingar – að minnsta kosti enn sem komið er. Svona í skýrslustíl. Þetta er aðferðafræði millistjórnenda sem ráða ríkjum í flokknum með stjórnsýslusérfræðingana í forystunni. Örugglega talsvert til í því sem þar er sagt – allt ígrundað – flokkur með „súbstans“, en líflaus og hundleiðinlegur, hið minnsta á yfirborðinu. Frjálslyndir nota heimatilbúninginn. Minnir mig á auglýsingar amerískra bílasala þ.e.a.s. þegar verið er að auglýsa notaða bíla. Lítil auglýsing, Gleðilegt sumar, vinstri grænna sem birtist hér í blaðinu á sumardaginn fyrsta er skynsamlegasta og áhrifaríkasta auglýsingin að mína mati (nei, ég er ekki flokksbundinn). Þeir sýna í grasrótina. Þeir hafa sýn sem þeir birta. Það er meira en hinir hafa gert.

**Nýjar miðaldir**

Fær mig til að hugsa um hvað myndræn framsetning þekkingar er ennþá vanrækt í skólakerfinu. Myndræn þekking er ekki talin jafn merkileg og textaleg upptalning. Ennþá er litið á tíma í sjónmenntum og listum sem hvíld frá alvöru námi. Ennþá eru rökfræðingarnir upphafnir, þeir sem kunna skil á málfræði, efnafræðiformúlum og stærðfræði, svona PC-lið sem endar oftast sem framhaldsskólastjórar, embættismenn í ráðuneytum, millistjórnendur fyrirtækja, verkfræðingar eða endurskoðendur. Þvílík framtíð! Þvílíkt líf! Ennþá eru þeir barðir niður sem sýna of mikla tilhneigingu til tilfinningasemi, draumsýnda og uppljómunar. Hreinlega settir út á gaddinn með brostna drauma og vonir. Þeirra tími er nú samt að renna upp. Þetta fólk er nefnilega það eftirsóttasta við framleiðslu á sjónvarpsefni og tilreiðslu á efni fyrir vefinn og prentiðnaðinn. Já, ekki má gleyma kvikmynda- og tónlistariðnaði.Tilreiða efni fyrir hina til japla á og hafa skoðanir á. Verðandi áhrifastétt í samfélagi íkona, vita og kyndilbera. Þetta er að gerast fyrir framan nefið á okkur. Nýjar miðaldir eru brostnar á. Hvað segið þið Makka-menn; eigum við ekki að stofna flokk og fullnægja framtíðinni?

# Brasilíumenn ekki bara flinkir í fótbolta

**Mikill eftirvænting ríkir hérlendis vegna árlegrar Listahátíðar í Reykjavík sem nú verður haldin í tuttugasta skiptið. Þórunn Sigurðardóttir hefur starfað sem listrænn stjórnandi hennar frá árslokum 2000.**



LECUONA, VERK EFTIR GRUPO CORPO. HLUTI AF BRASILÍSKA DANSHÓPNUM Í TRYLLTUM DANSI.

Þórunn segir að nýbreytni móti hátíðina að þessu sinni. „Dagskráin er óvenju fjölbreytileg en alls munu um 600 listamenn taka þátt, þar af nálægt 400 Íslendingar. Erlendu listamennirnir koma hvaðanæva að en stærstu hóparnir eru þó frá Brasilíu, Búlgaríu og Suður-Afríku.“

Tónlist skipar sérstakan sess á hátíðinni í ár en alls verða frumfluttar þrjár óperur þar á meðal hundrað ára gamalt verk, „Le Pays“ eftir franska tónskáldið Joseph-Guy Ropartz. Þetta er eina ópera heimsbókmenntanna sem gerist á Íslandi sem samin er af erlendu tónskáldi, en verkið var upphaflega frumsýnt í París.

En er Listahátíðin í Reykjavík fyrir alla og ef svo í hvaða skilningi? „Listahátíðin er fyrst og síðast hugsuð fyrir hinn almenna borgara en jafnframt er henni ætlað að veita bæði þeim listamönnum sem í henni taka þátt og öðrum listamönnum innblástur í frekari sköpun og lærdóm, segir Þórunn. „Auðvitað höfðar efni á hátíðinni til eins hóps fremur en annars en við leggjum upp með að eitthvað höfði til sem flestra. Ég verð að fylgjast með því að ekki sé slakað á kröfunum. Þannig tek ég auðvitað oft mjög mikla áhættu þegar ég vel verkefni fyrir hátíðina. Listahátíð sem enga áhættu tekur verður bragðdauf og óspennandi.“

Listahátíð sem þessi hlýtur að kosta skildinginn en hvernig skyldu verkefnin vera fjármögnuð? „Hinar ýmsu stofnanir koma að fjármögnun verkefnanna með okkur en eins og gefur að skilja eru verkefnin ólík að stærð og sniði og kosta því mismikið. Erlendu listamennirnir sem hingað koma hljóta stundum styrki til vinnu sinnar frá heimalandinu, hvort sem það eru ríkisstyrkir eða frá fyrirtækjum. „Auðvitað greiðum við síðan erlendu listamönnunum eðlilega greiðslu fyrir sína vinnu. Við þurfum að standast alþjóðlegan samanburð og samkeppni í þessum efnum. Við getum ekki alltaf skýlt okkur á bak við það að vera smáþjóð sem allir vilja engu að síður heimsækja sökum fegurðar landsins og reiða þar með fram þjónustu sína endurgjaldslaust. Þetta væri eins og að kaupa sér BMW erlendis frá og biðja um afslátt á þeim forsendum að við ætluðum að keyra hann um hið ægifagra land elds og ísa.“

Þórunn segir þær ekki margar listahátíðirnar í heiminum sem eru í eigu bæði ríkis og borgar eins og gildir um hátíðina hér. „Slíkt fyrirkomulag hefur þau áhrif að hátíðin er hafin yfir klafa stjórnmálanna. Þetta hefur alla tíð verið einkenni Listahátíðar.“

Þegar Þórunn er að lokum spurð að því hverju hún myndi alls ekki vilja missa af á Listahátíðainni stendur ekki á svari.

„Þetta eru allt ferlega skemmtilegir viðburðir, en brasilíski danshópurinn er satt að segja alveg truflaður, ég á ekki annað orð.

Þeir sem halda að menn séu bara flinkir í fótunum í fótboltanum í Brasilíu ættu að sjá taktana hjá þessum dönsurum.“

Listahátíðin verður sett þann 12. maí næstkomandi og fer ekki aðeins fram á höfuðborgarsvæðinu heldur verður einnig mjög spennandi dagskrá í Hafnarfirði, Borgarnesi og á Eskifirði (www.listahatid.is) ■



BÚLGARSKI KÓRINN Á LISTAHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR.

**Aðeins tvær sýningar eftir.**
**22. apríl og 6. maí, fá borð laus**

# Söngkabarettinn Nína og Geiri

***25.000 gestir hafa séð þessa frábæru sýningu með Björgvini Halldórssyni,*** Steini Ármanni, Regínu Ósk, Friðriki Ómari, Heiðu, Bryndísi, Soffíu og hópi dansara.
Hljómsveitina skipa fremstu tónlistamenn landsins: Þórir Baldursson, Þórir Úlfarsson, Vilhjálmur Guðjónsson, Matthías Stefánsson, Róbert Þórhallsson og Benedikt Brynleifsson.



## Le' Sing

**Ein vinsælasti kabarett seinni ára, þau eru hreint ótrúleg. Alltaf jafn fersk, alltaf jafn skemmtileg. 29. apríl uppselt, 13. maí, 20 maí og 27. maí**

Le' Sing hópurinn eru þau Bjarni „töframaður" Baldvinsson, Sigurjón Brink, Brynja Valdís Gísladóttir, Soffía Karlsdóttir, Þórunn Clausen og Pálmi Sigurhjartarson. Leikstjóri er Ingrid Jónsdóttir



## Ungfrú Ísland

**24. maí verður ungfrú Íslands valin á Broadway. Stúlkur frá öllum fjórðungum landsins keppa um titilinn.**

Glæsilegt kvöld og matseðill frá einu fremsta veisluleldhúsi landsins.

Einnig í beinni útsendingu á Skjá einum.



Nánari upplýsingar í síma 533-1100 og á www.broadway.is
Miðasala opin alla virka daga til kl. 18.00 og á netinu: midasala@broadway.is

BROADWAY







ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

10. sýn. í kvöld lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4 nokkur sæti laus, fim. 27/4, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4 örfá sæti laus, fim. 4/5 nokkur sæti laus, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4 örfá sæti laus, fös. 28/4 nokkur sæti laus, lau. 29/4. **Aðeins þessar 5 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**, fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**.
**Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU
Í dag kl. 14 SÍÐASTA SÝNING UPPSELT.

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500 kr.
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Su 30/4 kl. 14 Su 7/5 KL. 14
Su 14/5 kl. 14 MIÐAVERÐ 1.900 kr.

TYPPATAL
Su 30/4 kl. 20 Fö 5/5 KL. 20
MIÐAVERÐ 2.500 Kr

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 Su 21/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR
Í kvöld kl. 20 Su 23/4 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR

DANSleikhúsið
Su 23/4 KL. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

HLÁTURHÁTIÐ
Opnunarhátíð fö 28/4 kl. 16-18
Grín til góðs! Til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna. Miðaverð 1.000 kr

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


**ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR** Frá nýlegri sýningu í Nýlistasafni Íslands. Nú leitar listakonan út fyrir landsteinana. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Malí með myndlistaraugum

Ásta Ólafsdóttir myndlistarmaður dvaldist um hríð í Afríkuríkinu Malí og um þessar mundir sýnir hún verk í Listasafni ASÍ sem sprottin eru af þeirri dvöl. Sýningin ber heitið „Túbab, túbab“ sem þýðir „hvítur maður“ en svo kalla börnin í Malí á eftir hvítum ferðamönnum. Á morgun verður listamannaspjall í safninu þar sem Ásta og starfssystir hennar, Anna Jóelsdóttir sem á heiðurinn af sýninunni „heima?/home?“, munu taka á móti gestum og ræða við þá um sýningarnar tvær.

Verk Ástu hverfast um upplifanir hennar á daglegu lífi í landinu, bæði um kunnugleikann og framandleikann. „Ég er með innsetningu í gryfjunni í Listasafni ASÍ en myndir og vídeó í arinstofunni þar sem ferðasagan er rakin.“ Ásta segir að innsetningin sé blanda af kunnulegum og ókunnugum hlutum sem mynda heim sem gestirnir geta gengið inn í, ásamt því að upplifa ferðasöguna.

Ásta hefur mikinn áhuga á menningu og trúarbrögðum annarra þjóða og hefur ferðast töluvert. Ferðin til Malí var að hennar sögn sprottin af almennri ferðalöngun en þetta var fyrsta heimsókn hennar til Afríku. „Mig langaði að sjá samfélag með eigin augum sem fólk hefur litlar upplýsingar um nema það sem er í fréttum.“

Hún kveðst upplifa nýtt umhverfi út frá myndlistinni og nálgast það með aðferðafræði hennar. „Þegar ég ferðast sé ég hlutina eins og myndlistarmaður, en ekki með augum hjálparstofnunar, mannfræðings eða trúboða. Ég sé hluti myndrænt, hvort sem ég skil þá eða ekki. Í listum hefur maður ekki beinlínis áhyggjur af því sem maður skilur ekki heldur reynir að vera opinn fyrir því. Þó maður skilji ekki þarf maður ekki endilega að rannsaka það, maður getur bara sett það fram.“ Ásta áréttar mikilvægi þess að sækja efnivið út fyrir okkar eigin hefðir og nefnir að myndlistin geti á margan hátt fært okkur nær því sem er að gerast annars staðar í veröldinni.

Hún vonast til þess að ferðast víðar í framtíðinni. „Mér finnst nauðsynlegt að vera meðal fólks sem hefur aðra menningu og trú, það er þroskandi og sérstaklega ánægjulegt að hitta allt þetta góða fólk í veröldinni.“

Listamannaspjallið hefst kl. 15 en safnið er opið til 17. -khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

19 20 21 **22** 23 24 25

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 15.00 **Matthías Hemstock** og **Pétur Grétarsson** leika á **Jazzhátíð í Garðabæ**. Tónleikarnir verða haldnir í sal **Tónlistarskóla Garðabæjar í Kirkjulundi 11.**

☐ 16.00 **Karlakórinn Þrestir** heldur tónleika í **Víðistaðakirkju** í **Hafnarfirði**. Söngskráin er fjölbreytt, verk úr ýmsum áttum sem fyrst og fremst eru ljúflingslög úr íslenskri náttúru. Einsöngvar er **Óskar Pétursson.**

☐ 16.15 **Óskar** og **Ómar Guðjónssynir** leika á **Jazzhátíð í Garðabæ**. Tónleikarnir verða haldnir í sal **Tónlistarskóla Garðabæjar í Kirkjulundi 11**.

☐ 20.00 **Sóley Þrastardóttir** flautuleikari heldur útskriftartónleika í **Salnum í Kópavogi**.

☐ 23.00 **Techno.is** heldur raftónleika á **Grand Rokki**. Fram koma **Worm is Green, Tonik, Ruxpin** og **Kaido Kirikmäe**. Aðgangseyrir 500 kr.

☐ **Jet Black Joe** heldur tónleika í **Sjallanum á Akureyri.**

☐ Hljómsveitin **Bermuda** leikur á **Gauki á Stöng**.

### OPNANIR

☐ 15.00 Sölusýning á vatnslitamyndum **Louisu Matthíasdóttur** opnar í **Galleri KSK, Skólavörðustíg 22**. Sýningin stendur til 8. maí og er opin alla daga nema sunnudaga frá kl. 11-18.

☐ 16.00 Minningarsýning um **Snorra Hjartarson** skáld opnar í **Þjóðmenningarhúsinu** í tilefni af aldarafmæli hans. **Rithöfundasamband Íslands** sér um dagskrá þar sem **Hjörtur Pálsson** mun flytja erindi um skáldið, **Þorleifur Hauksson** og **Ragnheiður Steindórsdóttir** lesa kvæði eftir Snorra og **Gunnar Guðbjörnsson** og **Jónas Ingimundarson** flytja sönglög við kvæði hans.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Upplyfting** skemmtir í **Vélsmiðjunni** á **Akureyri**.

☐ **Lúdó** og **Stefán** spila á **Kringlukránni**.

☐ **Hammond-hátíð** á **Djúpavogi**, gospel-, blús- og rokktónlist.

### UPPÁKOMUR

☐ 13.00 **Herkveðjuhátíð** á veitingahúsinu **Ránni** í **Keflavík**. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna en aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

Edward Bond Leiksmiðja

Breska leikskáldið Edward Bond stýrir leiksmiðju og flytur fyrirlestur í Hafnarfjarðarleikhúsinu laugardaginn 28. apríl frá kl. 10 - 17.

*Áhugasamir velkomnir*

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ



ÓSKAR GUÐJÓNSSON, SAXÓFÓNLEIKARI Rekur endahnútinn á Jazzhátíð Garðabæjar
FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

# Djass að lokum

Í dag verður lokahnykkurinn á Jazzhátíð Garðabæjar en boðið verður upp á óvenjulega blöndu í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Um er að ræða tvenna tónleika úr ólíkum áttum, á þeim fyrri munu slagverksmennirnir og raftónlistargrúskararnir Pétur Grétarsson og Matthías Hemstock blanda saman tónsmíðum og spuna á ófyrirsjáanlegan hátt. Á seinni tónleikunum munu bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir flytja þjóðlega og lagræna tónlist sína og leikhústónlist úr sýningu Borgarleikhússins á Sölku Völku.

Tónleikarnir fara fram í Kirkjulundi 11. ■

# Óperuveisla Elínar

Í kvöld verður framhaldandi óperuveisla hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem söngdívan Elín Ósk Óskarsdóttir mun flytja margar af sínum uppáhaldsaríum á tónleikum undir stjórn Petris Sakari. Elín Ósk fagnar 20 ára söngafmæli sínu um þessar mundir en hún söng sitt fyrsta óperuhlutverk í Toscu eftir Puccini árið 1986. Hljómsveitin mun spila forleiki úr ýmsum óperum en Elín syngur sex stórar aríur úr ýmsum áttum. Tónleikarnir hefjast kl. 19.30.

-khh



ELIN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR Uppáhaldsaríur með Sinfóníunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - Nokkur sæti laus
Sun. 14. maí kl. 19 - Lau. 20. maí kl. 19
Lau. 27. maí kl. 19 - Lau. 3. júní kl. 19
Lau.10. júní kl. 19 - AÐEINS SÝND Í MAÍ OG JÚNÍ
TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK - MÆRÞÖLL
Lau. 22. apríl kl. 20 - Sun. 23. apríl kl. 20
Miðaverð kr. 1.000 - Aðeins tvær sýningar
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN





Le'Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100


Fallinn engill
&
I´m FINE
DANSleikhúsið frumsýnir á Nýja sviði Borgarleikhússins
9., 11., 19. og 23. apríl
Miðasala er í Borgarleikhúsinu,
sími 568 8000
og á vefnum
www.borgarleikhus.is
DANSleikhúsið
The DANCEtheater

GERÐUBERG



Steinunn Sigurðardóttir
sýnir fatahönnun
www.siminn.is/steinunn



Valur Sveinbjörnsson
naívisti sýnir málverk í Boganum
Sýningunum lýkur 30. apríl
Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.
www.gerduberg.is Síminn

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

LESTUR ER LÍKAMSRÆKT HUGANS
GLITNIR
VIKA BÓKARINNAR



Notaðu þína ávísun!
Notaðu þessa ÞjóðarGjöf til bókakaupa 1.000,–
Notaðu þína ávísun til bókakaupa,
því lestur er líkamsrækt hugans!

Hvaða bók langar þig í?

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

Þjóðargjöfin er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. Í Viku bókarinnar fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur, þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. Ávísunin gildir dagana 19. apríl – 3. maí 2006.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA



> Fáðu þér

*...fallega skó fyrir sumarið. Það er einstaklega hressandi!*

**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN HAFRÚN ALDA KARLSDÓTTIR, VERSLUNARSTJÓRI SPÚÚTNIK

# „Crazy, sexy, cool“

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já ætli það ekki.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** „Crazy, sexy, cool.“

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég er hálfgert kamelljón í skoðunum á hönnuðum en mér finnst Chanel alltaf flott!

**Flottustu litirnir?** Svartur.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Kjólum og pelsum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Hvítar spandex-leggings og ferskjulitaðan hippakjól í Spúútnik Kringlunni.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Hnésokkar, smekkbuxur og ökklastígvél.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Fallegan gamlan sundbol og Jesúsandala.

**Uppáhaldsverslun?** Pottþétt Spúútnik og svo Rokk & rósir.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Mjög misjafnt.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Í augnablikinu er það „leopard“ jakkinn og svört ökklastígvél sem ég er alltaf í.

**Uppáhaldsflík?** Jiii, það eru mjög margar!! Kannski Levi´s gallavestið mitt, ég fæ ekki nóg af því!

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** New York, London og Amsterdam eru æði.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Hrikalega ljótar fjólubláar buxur sem ég fékk fyrir tískusýningu í París sem áttu að vera eitthvað svaka „design“ stykki.





## MÓÐUR VIKUNNAR

### > BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR

# Ennþá með trefilinn



Þessi tími sem nú er að ganga í garð er mér alltaf frekar erfiður. Það er þessi vor/vetur tími þar sem veðrið er ekki beinlínis mjög kalt en alls ekki hlýtt heldur. Veðurguðirnir alltaf að djóka eitthvað. Oooog það er komið sumar!.....Neeeeii, það er ennþá vetur. Algjört veðurflipp í gangi. Þetta er tíminn sem ég er ennþá í vetrarfötunum en allir hinir eru sprangandi um í léttum jökkum og lágum skóm og mér líður alltaf frekar asnalega þó svo að mér detti ekki í hug að losa mig við trefilinn. Málið er að ég er svo skrambi mikil kuldaskræfa að ég bókstaflega þori ekki að skipta yfir í sumarfötin. Hvað ef það kemur rigning eða vindur? Þá verður mér kalt og mér finnst fátt verra en að vera kalt. Ég er því ennþá í ullarkápunni, með ullartrefilinn, leðurhanskana og jafnvel með húfu í töskunni til vara og fólk sem stendur með mér í strætóskýlinu gefur mér undarlegt auga.

Það kemur fyrir að ég bölva sjálfri mér fyrir að búa mig svona vel, það er þá helst ef sólin gægist út eða einhver strætóbílstjórinn hefur ákveðið að kynda jafn vel í bílnum eins og á versta vetrardegi. Oftast er mér þó ekkert heitt þó svo að ég sé svona vel klædd því það er ekkert við veðrið sem minnir á sumarið. Það er jú ennþá íslenskur vor/vetur þar sem einkennisklæðnaður minn samanstendur ennþá af gammósíum undir buxunum, langermabolum og hlýjum peysum.

Ég get þó ekki annað en viðurkennt að ég hlakka óheyrilega til þess dags þegar ég get hætt mér út án gammósíanna. Þá er sko komið sumar! Vó! Þá jafnvel er ég í stuttermabol undir jakkanum og í léttum strigaskóm, með sólgleraugu en þó skil ég ekki trefilinn við mig, gott er að lauma einum í töskuna. Maður getur alltaf lent í því hér á landi að sólin fari á bak við ský og þá verður mér kalt undir eins. Aumingjalegt en satt.






**FRED PERRY** Peysa og bolur úr Kronkron. Það getur enginn kallað sig töffaralegan nörd án þess að eiga að minnsta kosti eitt stykki flík frá Fred Perry.



**PRJÓNAVESTI** Og flott köflótt skyrta úr Jack & Jones/Selected.



**JARVIS COCKER** Hann er einna þekktastur fyrir nördalegan og afar breskan stíl en þykir þó einstaklega svalur og meðvitaður um tískubylgjur.



**ADAM BRODY** Leikur svalan nörd í The O.C. og notar nördastílinn líka mjög mikið í sínu hversdagslega lífi.



**RÖNDÓTT** Flott bindi úr Jack & Jones/Selected. Nördarnir hata ekki röndóttar flíkur.



**JAKKAFATAVESTI** Flott við gallabuxur sem jakkafötin. Nauðsynleg flík fyrir snyrtilega nördann. Úr Sautján.



**PEYSA** Allir nördar verða að eiga flotta v-hálsmáls prjónapeysu. Þessi er úr Sautján.

# Nördarnir eru líka svalir

Nördatískan eða „geek chic“ er eitt af þeim fyrirbærum sem á orðið heima í alfræðiorðabók tískunnar. Stíllinn gengur aðallega út á það að vera snyrtilegur til fara og klæðast einhverri af einkennisflíkum nördanna. Það eru hlutir eins og prjónavesti, axlabönd, spangagleraugu, köflóttur trefill, röndótt skyrta, pólóbolur, jakkafatavesti og slaufa. Hönnuðir sem nördarnir fíla í botn eru til dæmis Fred Perry, Paul Smith og Perry Ellis.

Meðal þeirra sem þekktir eru fyrir að notfæra sér nördastílinn eru til dæmis Graham Coxon, Rivers Cuomo og Jarvis Cocker. Allt eru þetta rokkarar sem bera aðalsmerki nördans, þykk nördagleraugu. Þeir ganga þó ekki alla leið með nördastílinn heldur blanda honum við örlítið rokkaralegra lúkk enda er ekki hægt að segja að Jarvis Cocker leggi mikla áherslu á snyrtimennsku heldur frekar örlítið lufsulegt útlit.

Annar maður sem á það til að klæða sig upp á þennan hátt er André Benjamin úr Outkast. Hann gengur þá alla leið og er úr hófi snyrtilegur eins og hann er reyndar alltaf þó svo að stíll hans sé afar breytilegur. Adam Brody, leikarinn krúttlegi úr The O.C. fellur líka ágætlega inn í nördastílinn enda er karakter hans úr þáttunum með afar nördaleg áhugamál en þykir samt óskaplega svalur á skrítinn hátt.

hilda@frettabladid.is



**GRAHAM COXON** Veit upp á hár hvernig á að rokka upp nördastílinn enda ótrúlega svalur gaur hér á ferð.



**ANDRÉ BENJAMIN** Stíllinn hans virðist breytast með hverjum deginum sem líður en hann er samt algjör-



**BUXUR MEÐ BROTI** Nauðsynlegar í fataskáp nördans. Úr Elvis.



**PÓLÓBOLUR** Flottur bolur úr Sautján.



**SKÓR** Örlítið nördalegir en dásamlega svalir skór úr Kron.



**JAKKAPEYSA** Enn ein nauðsynlega flíkin í fataskáp töffaralega nördans. Úr Jack & Jones/Selected.

!

# menning

menning@frettabladid.is

# Alvöru töffari

Jefferson Hack stofnaði og ritstýrir enn tískuritinu Dazed and Confused auk þess sem hann ritstýrir blöðunum Another Magazine og Another Man. Hann er sennilega þekktastur fyrir að vera fyrrverandi kærasti og barnsfaðir ofurfyrirsætunnar Kate Moss en saman eiga þau dótturina Lilu Grace. Jefferson er ekki lítill töffari og hefur verið orðaður við rokkaragelluna Alison Mosshart í The Kills auk þess sem hann hefur verið í sambandi með fyrirsætunni Anouck Lepere.

Hack er þekktur fyrir töffaralegan og rokkaðan stíl sinn en hann lifir og hrærist í tískuheiminum. Stíllinn hans einkennist af þröngum buxum og jökkum, rokkaralegri klippingu, töffaraklútum, támjóum skóm og flottum klæðskerasniðnum síðum ullarfrökkum en hann virðist eiga einn slíkan fyrir hvern vikudag. Hann er vinur alls áhrifamesta fólksins í tískuheiminum og situr í fremstu röð á öllum flottustu tískusýningunum.



**TÖFF** Aviator gleraugu, mjótt bindi og rifnar gallabuxur. Jefferson í allri sinni dýrð.



**STRIGASKÓR** Hann er óhræddur við að nota strigaskó við fínan klæðnað og er hér í hvítu Converse skónum.



**JEFFERSON** Hér er hann í flottum hvítum jakka á sýningu hjá Vivienne Westwood.



**FLAUELSJAKKI** Jefferson er einn best klæddi maður Bretlands að margra mati.



**AUGNSKUGGABOX** Samanstendur af tveimur ljósum litum, einum dökkum og einum sterkum.

# Sumarlínan frá Guerlain

Sumarlínan frá Guerlain er einstaklega hressandi og áherslan er lögð á fallega og ljúfa pastelliti, glitrandi fallega varaliti, ljóst naglalakk og safaríkt gloss. Nýtt augnskuggabox með fjórum augnskuggum sem eru annað hvort glitrandi eða með litum sem vísa í heim ávaxtanna. Boxið kemur í tveimur mismunandi litasamsetningum en í þeim báðum má finna ljósan lit til að lýsa augnbeinið, dekkri lit til að skyggja og einn sterkan lit til að gefa tóninn.

Í sumarlínunni má einnig finna dásamlegan bleikan kinnalit sem gefur kinnunum náttúrulegan roða af bestu gerð auk þess sem Guerlain býður viðskiptavinum upp á „french manicure“ naglalakk sem er fullkomið fyrir sumarið.



**LAKK** Fallegt naglalakk til að gera „french manicure“ heima í stofu.



**RÓSRAUÐAR KINNAR** Náttúrulegur og fallegur kinnalitur.

DEBENHAMS
vorútsala
í ellefu daga
50% afsláttur
af völdum vörum
Sjóðheit tilboð:
Leðurbakkar Nú: 800 kr. ~~1.990 kr.~~
Barnaleðurjakkar Nú: 4.900 kr. ~~18.900 kr.~~
Baðsalt Nú: 200 kr. ~~699 kr.~~
Casual Club dömubolir Nú: 500 kr. ~~1.590 kr.~~
Maine herrabolir Nú: 600 kr. ~~1.690 kr.~~
Casual Club kvartbuxur Nú: 1.000 kr. ~~3.490 kr.~~
AUK ÞESS AÐEINS FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS:
20% afsláttur af ilmvötnum og baðhandklæðum
DEBENHAMS
SMÁRALIND

allt hús
Alla mánudaga

fjörið ...
# Fólk
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Sienna Miller hefur gefið upp alla von um að hún muni taka aftur saman með Jude Law og hefur fundið sér flotta karlkyns fyrirsætu í hans stað. Nico Malleville og Sienna hafa verið að krunka saman í þrjár vikur og flugu til Mexíkó þar sem þau áttu rómantíska daga saman. „Það sem þau þurftu var að komast í burtu saman og hafa það gott í burtu frá linsum ljósmyndaranna," sagði heimildarmaður.



Poppstjarnan George Michael er reiður slúðurblöðunum fyrir að hafa sagt hann vera háður kannabisefnum og segist Michael aðeins hafa verið uppgefinn af þreytu síðustu daga. Slúðurblöðin höfðu sagt að umboðsmenn Michael hefðu íhugað að senda hann í meðferð þegar hann var í viðtali við breska spjallkónginn Michael Parkinson. George vill hins vegar nota viðtalið sem tæki til að sýna aðdáendum sínum að hann sé hamingjusamur og líði vel. Þegar hann var spurður um orðróminn um meðferðina sagði hann bara: „Já, er það. Þetta er algjör þvæla."



# Svona er sumarið 2006

Sýningin Sumar 2006 var opnuð í Laugardagshöll á föstudag með pompi og prakt en hún stendur alla helgina. Þetta er árlegur viðburður þar sem um 120 sýningaraðilar koma saman og kynna allt sem við kemur sumarhúsinu, heimilinu, heilsu, garðinum, ferðalögum og afþreyingu.

Að sögn sýningarstjórans Páls Péturssonar er búist við 25 þúsund manns á sýninguna í ár en óteljandi uppákomur verða þar á boðstólum og sannkölluð karnivalstemning á svæðinu. Silvía Nótt og Idol-Snorri mæta á svæðið, gestir geta hlýtt á stutta fyrirlestra um áhugaverð efni tengd garðyrkju, virt fyrir sér verk 50 hönnunarnema og börnum verður boðið í leik bæði úti og inni. - snæ



**SUMARGRILLIN** Ryðfrí grill á hjólum með góðu plássi fyrir krydd og annað voru áberandi á sýningunni en hér sýnir Ómar Einarsson frá fyrirtækinu Ecc eitt slíkt en á því er hægt að grilla fimm kjúklinga í heilu lagi í einu.




**SUMARLEGAR** Rósa Viggósdóttir og Elísa Mist Steinsdóttir voru sumarlegar á sýningunni með litríkar svuntur og glaðlega uppþvottabursta. Þær voru að kynna vörur til heimilsins frá YD design. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**HOLLT OG GOTT** Veitingastaðurinn Krua Thai bauð gestum og gangandi upp á ýmsa girnilega rétti sem voru ekki bara bragðgóðir heldur einnig fagrir á að líta. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**STÆRSTA PÚSLUSPIL LANDSINS** 18 ferðaþjónustufyrirtæki á Vesturlandi voru saman með bás á sýningunni en gólfið á básnum er í raun stærsta púsluspil landsins. Hér er það Guðrún Bergmann sem situr fyrir í flottum víkingabúningi.



**VEIÐIGLEÐI** Sólveig Ögmundsdóttir og Stefán Kristjánsson kynntu alíslenskar flugur sem eru sagðar vera afar gjöfular veiðiflugur.



**STUND MILLI STRÍÐA** Guðjón Svansson hjá Útflutningsráði hvíldi lúin bein í glænýjum nuddstól sem verið var að kynna á sýningunni og hentar jafnt í sumarhúsið sem á heimilið.

## HVERNIG VELUR ÞÚ LJÓÐ?

Til að kjósa þitt ljóð sendir þú einfaldlega SMS-skeyti, eitt eða fleiri.

Ef þú kýst ljóð **Atla** sendir þú SMS skeytið **JA L4** í númerið 1900*.

Ef þú kýst ljóð **Unnar** sendir þú SMS skeytið **JA L6** í númerið 1900*.

* Hvert skeyti kostar 99 krónur.



Dregið verður úr innsendum SMS skeytum á hverjum degi. Vinningshafi dagsins fær bókina Kertin brenna niður eftir Sándor Márai.

# Sigurskáld í sjónmáli

Hringurinn um Sigurskáld ljóðakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu þrengist óðum. Nú standa eftir fjögur ungskáld sem þjóðin hefur kosið áfram af þeim átta sem hófu keppni síðastliðinn föstudag.

Atli Bollason hafði betur en Óttar Martin Norðfjörð í undanúrslitum og mætir nú Unni Andreu Einarsdóttur sem lagði Björgvin Gunnarsson í SMS-kosningu fimmtudagsins.

Það er sem fyrr á ykkar valdi lesendur góðir hvort þeirra fer áfram í úrslitakeppnina sem fer fram á mánudag. Sjálft Sigurskáldið verður svo krýnt þriðjudaginn 25. apríl.



**ATLI BOLLASON**
Fæddur 1983.

### [án titils]

í dag
er himinninn vatn
og skýin spegilmyndir snævi þakinna fjalla.

mér sýndist ég sjá
engil á skíðum.

### Álit dómnefndar

**Kristján B. Jónasson:**
Skýr mynd sem lýkur upp þeim dásemdum sem blasa við þegar maður horfir á heiminn og uppgötvar að hann er fyrst og fremst fallegur.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Náttúrufegurð með tilkomumiklum lýsingum í bland við eitthvað yfirnáttúrulegt. Saman myndar þetta eitthvað hreint, mjúkt og umfaðmandi.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Ósköp fallegt en dæmigert ljóð og einhverra hluta vegna skíðaði engillinn fram hjá mér án þess að ég áttaði mig á hvert hann væri að fara.

**UNNUR ANDREA EINARSDÓTTIR**
Fædd 1981.



### Æðar Japans

Meðan þú bróderar dreka í dúnúlpuna þína, plokka ég af mér píkuhár til þess að þú verðir ekki uppiskroppa með tvinna. Þú gerir lítið úr fórn minni og segir frá því hvernig fyrrverandi kærasta þín frá Japan hafi eytt fjórum klukkutímum á dag í að plokka æðarnar úr rækjunum sem hún hafi vandlega valið í rækjusalatið þitt. Ólýsanlegur glæsibragur hafi verið yfir agaðri beitingu hennar á flísatönginni sem hún hafði sjálf steypt úr skartgripum ömmu sinnar.

Þegar þú sefur stelst ég til að strengja tippahárin þín í litla hörpu og spila á þau lag sem ég hef samið um þig. Svo dansa ég í takt við andardrátt þinn. Þú vaknar meðan ég er að slamma við þungarokkshroturnar í þér. Þú hlærð einsog freðinn risarostungur og eftir hálftíma af óbærilega sársaukafullum þrumuhlátri, hjóla ég rakleiðis á barinn og þamba að botninum á viskíflösku.
Þú finnur mig næsta morgun þar sem ég ligg dauð á framrúðunni á bláum Volvo. Þú starir inní blóðhlaupin augu eftir hamfaraflóð af áfengum tárum.

Þú segist vilja slíta sambandinu því þú sért eiginlega meira fyrir japanskar konur.

### Álit dómnefndar

**Kristján B. Jónasson:**
Sambandsslit sett í algerlega nýtt og magnað samhengi. Frumleiki, kraftur og fyndnir taktar.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Eins og súrrealísk bíómynd, eða manneskja á barmi sturlunar. Það tvennt er bæðimjög spennandi og þetta ljóð er það líka. Fær mig til að hugsa um eldrauðan varalit.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Það er eitthvað ómótstæðilegt við skapahár í ljóðum. Erótík og dauði er svo auðvitað sígildur dúett þannig að þetta kveikir vel í manni.


TOYO
Bestu dekkin í USA
8 ár í röð Tire Review Magazine
TOYO TIRES
Hágæða jeppadekk

Fínt eða gróft munstur.
Mikið úrval af stærðum.
Gerið gæða og verðsamanburð
NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000


Stórleikur Pepsi & BT
SKORAÐU
MEÐ PEPSI
BT




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 2, 4, og 6 |
| DATE MOVIE | kl. 2, 4 6, 8, og 10 B.I. 14 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 | kl. 3, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 3, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 3, 5.30, 8 og 10 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.10 |
| ICE AGE 2 | kl. 4, 6 og 8 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 2, 400 KR. 4 og 6 M/ÍSL. TALI |
| DATE MOVIE | kl. 2, 400 KR. |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Charlotte Church hefur svarað leiðindakommentinu sem Pink lét hafa eftir sér um kærasta Charlotte, Gavin Henson. Pink sagði Gavin vera afar hégómagjarnan en þau komu fram saman í spjallþætti. „Hún þráir athygli fyrir nýju plötuna hennar. Ég held hún hafi sagt þetta því Gavin hafnaði boði hennar um að koma fram í næsta myndbandinu hennar,“ sagði Charlotte reið. „Þetta komment kom okkur á óvart því eftir þáttinn pósaði hún með honum á myndum og gaf honum fullt af geisladiskum. Afhverju var hún að því ef henni geðjast ekki að honum?“



Peter Andre segist aldrei hafa lesið ævisögu Jordan vegna þess að hann myndi ekki einu sinni komast í gegnum fyrsta kaflann. „Hún hefur sagst ekki ætla að lesa mína ævisögu þegar hún kemur út í september en það er allt í lagi því ég las hennar heldur aldrei. Þó svo að ég elski hana og hún sé konan mín þá myndi ég ekki komast í gegnum fyrsta kaflann því ég væri of hræddur um að finna eitthvað í bókinni sem mér líkaði ekki við. Henni mun örugglega líða eins með mína bók þegar hún kemur út,“ sagði Andre.



Leikstjórinn Ron Howard var yfir sig hamingjusamur þegar forseti Frakklands leyfði honum að kvikmynda fyrir The Da Vinci Code í Louvre galleríinu. Það var þó erfiðara en Ron hélt að mynda í þessu fræga galleríi. Myndatökumenn og starfsfólk þurfti að fara afar varlega í kringum listmunina og passa að ekkert ljós skini á hina fornu muni sem þarna er að finna. Einnig þurfti að breyta handritinu til þess að fara eftir settum reglum gallerísins. „Það voru fullt af hlutum sem við gátum ekki gert. Til dæmis gátum við ekki sett blóð á gólfið og heldur ekki tekið myndir af veggjunum.“



Nicole Kidman hefur óskað Katie Holmes til hamingju með dótturina Suri en eins og allir vita er Nicole fyrrverandi eiginkona Tom Cruise. Kidman minntist þó ekki á Cruise í yfirlýsinguni. „Ég vona að bæði móður og barni heilsist vel,“ sagði hún meðal annars. Kidman og Cruise giftust árið 1990 en skildu árið 2001 en saman eiga þau tvö ættleidd börn.



# Jóga fyrir frjósemi

Leikkonan Nicollette Sheridan hefur undanfarna daga stundað jóga af fullum mætti í jógastöð leikkonunnar Brendu Strong og vonast til þess að auka þannig frjósemi sína. Strong, sem talar fyrir hina dánu Mary Alice Young, rekur jógastöð í Norður Hollywood og heldur sérstök jóganámskeið sem kallast Yoga 4 Fertility. Sheridan er nú trúlofuð söngvaranum Michael Bolton. „Þegar Nicollette kom út úr tímanum ljómaði hún af ánægju og talaði um það við vinkonu sína að hún vonaði að tímarnir virkuðu,“ sagði vitni. Leikkonan sem er 42 ára er barnlaus en Bolton á þrjár dætur úr fyrra hjónabandi.



**WORM IS GREEN** Rafhljómsveitin frá Akranesi spilar á Grandrokki í kvöld.

# Raftónleikar í kvöld

Raftónleikar verða haldnir á Grandrokki í kvöld á vegum techno.is. Fram koma Worm is Green, Tonik, Ruxpin og Kaido Kirikmäe frá Eistlandi.

Árni Teitur Ásgeirsson, forsprakki Worm is Green, segist spenntur fyrir tónleikunum í kvöld enda mun fjöldi góðra tónlistarmanna troða upp. Worm is Green stefnir á tónleikaferðalag um Bandaríkin seinni partinn í sumar til að fylgja eftir nýrri tvöfaldri útgáfu af síðustu plötu sinni, Push Play. Inniheldur hún endurhljóðblandaðan disk, meðal annars með framlögum frá Hermigervli, Biogen, Frank Murder og Bix.

Tónleikarnir í kvöld byrja stundvíslega klukkan 23.00 og kostar fimm hundruð krónur inn.

# Urrandi blúshundur

**TÓNLIST**

**[ UMFJÖLLUN ]**

Þessi plata er alveg mögnuð. Hún byrjar á hóstakasti frá blúshetjunni okkar sem kallar sig Son of Dave. Því næst telur hann í, stappar með öðrum fætinum taktinn og byrjar að spila á munnhörpuna sína. Svo byrjar hann að syngja í gegnum munnhörpuna sem hljómar nokkuð ótrúlega. Ekki nóg með það, því kappinn reynir svo að bítboxa takt og bassalínur með. Allt í einu. Hreint ótrúlegt.

Þessi plata er samsafn af upptökum sem Son of Dave hefur safnað saman í gegnum árin. Sumar eru merkilega hráar. Bara settir upp örfáir hljóðnemar og stillt á upptöku. Allt röflið í honum á milli laga fær að fljóta með. Eitt lagið endar til dæmis á því að gemsinn hans hringir og hann blótar hástöfum. Hann hefur greinilega ekki verið í stuði fyrir aðra töku, og endirinn bara látinn standa.

Aðrar upptökur eru öllu þróaðri. Þar hleður hann þeim hljóðum sem hann framkvæmir ofan á hvert annað, í stað þess að reyna að framkvæma þau öll á sama tíma. Ég held að ég kunni betur við upptökurnar þar sem hann er bara að flytja lögin eins og á tónleikum. Þær hafa einhvern veginn skítugri sjarma sem minnir meira á gamlar blúshetjur á við Howlin Wolf, Robert Johnson eða Muddy Waters. Son of Dave er greinilega undir áhrifum frá þeim síðastnefnda því lokalag plötunnar er útgáfa af hinu klassíska blúslagi Mannish Boy. Nokkuð mögnuð útgáfa þar sem Son of Dave sýnir hvað í honum býr. Hann syngur orðin „I´m a Man!“ í falsettu og hljómar þannig eins og smákrakki í blúsleik.

Það fer ekki á milli mála að það er eitthvað afar sérstakt við Son of Dave og þessi plata virkar meira eins og söguleg skrásetning en tilraun til að gera metsöluplötu. Sönnun þess að þessi maður hafi verið til og að hann sé engum líkur. Maður úr öðrum tíma, sem reynir hvað hann getur til þess að berjast á móti þeirri tæknibyltingu sem hefur átt sér stað í tónlist síðustu fimmtán ár eða svo.

Þetta er ekta skítugur blúshundur sem flakkar á milli staða, drekkur og blæðir sálu sinni í gegnum lögin. **Birgir Örn Steinarsson**




**SON OF DAVE**

02

**Niðurstaða:** Son of Dave er gamall blúshundur sem syngur, stappar með fótunum, spilar á munnhörpuna sína og bítboxar... allt á sama tíma. Stórskemmtileg og nýstárleg blúsplata sem er trú hefðinni.

# Stærsta hlutverkið

Leikkonan Eva Longoria sem fer með eitt að aðalhlutverkanna í sjónvarpsþættinum vinsæla Desperate Housewives, sem hefur verið sýndur í Ríkissjónvarpinu, hefur tjáð sig um sitt fyrsta stóra kvikmyndahlutverk.

Hlutverkið er í spennumyndinni The Sentinel. Á móti henni leika Michael Douglas og Kiefer Sutherland. Hún segir að hlutverkið í myndinni hafi verið allt öðruvísi en hlutverk sitt í Desperate Housewives.

„Ég fer frá tökustað þar sem allt er stútfullt af kvenhormónum og hlutirnir eru rólegir og þægilegir yfir á stað þar sem karlhormónin eru í meirihluta og flestir strákarnir vilja bara segja brandara,“ sagði Longoria. „Þetta var bara allt annar heimur.“



**EVA LONGORIA** Leikkonan kynþokkafulla leikur í kvikmyndinni The Sentinel.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES






**HÖGNI LISBERG** Hann er einn af þeim sem koma fram á Nasa í kvöld.

# Færeyingar á Nasa

Færeyskir tónleikar verða haldnir á Nasa í kvöld en þar munu koma fram sjö listamenn og hljómsveitir og er dagskráin svohljóðandi:

**21:20 Dikta**
**22:00 Lena**
**22:40 Marius**
**23:20 Deja Vu**
**00.00 Högni Lisberg**
**00:40 Gestir**
**01:20 Makrel**

Högni og Gestir hafa verið hér á landi í æfingabúðum síðan á miðvikudag og Deja Vu hafa ferðast um landið frá þriðjudegi. Aðrir tónlistarmenn lentu hér á landi í gær. Húsið opnar klukkan hálfníu.





MARKAÐURINN
**Mest lesna viðskiptablaðið**
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000






## Rúrik í hópi Charlton

Rúrik Gíslason er í 18 manna hópi Charlton sem mætir Bolton í dag. Hvort Rúrik komist á varamannabekkinn kemur ekki í ljós fyrr en rétt fyrir leikinn en þetta er mikill heiður fyrir hinn átján ára gamla Rúrik sem hefur staðið sig frábærlega með varaliði Charlton.

**sport**

sport@frettabladid.is

STANGARSTÖKKVARINN ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR: ÖLL AÐ KOMA TIL EFTIR AÐGERÐ Á ÖXL

# *Með fráhvarfseinkenni á háu stigi*



Það er nóg að gera hjá Þórey Eddu Elísdóttur stangarstökkvara þessa dagana. Hún fór í aðgerð á öxl í Mílanó fyrir þremur vikum og er í mikilli próftörn en hún er að læra verkfræði. Fréttablaðið truflaði hana við lærdóminn í gær en Þórey lædd-ist út af bókasafninu og kvaðst öll vera að koma til í öxlinni. „Þetta gengur nokkuð vel. Ég hef verið í fatla í þrjár vikur en er farin að komast í gegnum daginn án þess að vera í honum. Ég reyni að koma mér í lærdómsgírinn en það er ekkert auðvelt með hægri hendina í fatla. Öxlin gengur þó fyrir en ég reyni að láta skólann ekki sitja á hakanum,“ sagði Þórey sem var einmitt með æfingadótið með sér í fyrsta skipti frá því fyrir aðgerðina. „Ég má ekki skokka fyrr en eftir þrjár vikur en ég ætla að reyna að hjóla aðeins. Ég hef alltaf æft mikið og það má segja að ég sé komin með fráhvarfseinkenni á háu stigi. Ég býst við því að einn og hálfur mánuður sé í það að ég geti farið að æfa meira, hlaupa almennilega og slíkt. Líklega get ég ekki byrjað að stökkva aftur fyrr en eftir fimm til sex mánuði,“ sagði Þórey.

Þórey skellti sér til Svalbarða, af öllum stöðum, þar sem hún var í heimsókn hjá kunningjum sínum en þótti miður að ná ekki að dvelja lengur í Norður-Atlantshafinu.

„Svalbarði er hráslagalegur staður, mikið um steina, snjó og rok. Það er þó örugg-lega æðislegt að dvelja þarna ef maður hefur tíma til þess, það hafði ég ekki og ég dvaldi bara í einum bæ þarna þar sem meðal annars er háskóli. Það væri eflaust gaman að vera þarna í eitt ár en það er nú ekki á dagskránni hjá mér en hver veit nema ég kíki þangað aftur í frí,“ sagði Þórey Edda Elísdóttir og sneri sér aftur að lærdómnum.

## > Sigurður áfram

Sigurður Ingimundarson hefur skrifað undir nýjan samning við körfuknattleiks-deild Keflavíkur og stýrir því liðinu áfram á næstu leiktíð en fastlega var búist við því að Sigurður yrði áfram með liðið. Á heimasíðu Keflavíkur kemur fram að félagið stefni hærra á næstu leiktíð en leiktíðin í ár var nokkur vonbrigði enda landaði félagið hvorki Íslands- né bikarmeist-aratitli eftir að hafa orðið Íslandsmeist-ari þrjú ár þar á undan.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

19 20 21 **22** 23 24 25

**Laugardagur**

**LEIKIR**

- 16.15 **HK** og **Fram** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.15 **Haukar** og **Afturelding** mætast í DHL-deild karla í hand-bolta.
- 16.15 **ÍR** og **Fylkir** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.15 **Selfoss** og **ÍBV** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.15 **Þór** og **Valur** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.15 **Víkingur/Fjölnir** og **FH** mæt-ast í DHL-deild karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 11.30 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Tottenham.**
- 11.50 **Formúla-1** á Rúv. Bein útsending frá tímatökunni á Imola.
- 12.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **Lazio.**
- 13.45 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Bolton** og **Charlton.** *Everton-Birmingham, Newcastle-WBA og Portsmouth-Sunderland sýndir á hliðarrásum.*
- 15.50 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Chelsea** og **Liverpool.**
- 15.55 **Meistaradeildin í hand-bolta** á Sýn Extra. Bein útsending frá leik **Portland** og **Ciudad Real** í úrslitum keppninnar.
- 16.05 **Handbolti** á Rúv. Bein útsending frá leik **HK** og **Fram.**
- 20.00 **Box** á Sýn. Bein útsending frá Íslandsmótinu í boxi 2006.

# Er tími Dzomba kominn?

**Króatíski hornamaðurinn Mirza Dzomba er kominn í úrslit meistaradeildar-innar í sjötta skipti. Hann hefur alltaf tapað í úrslitum en er bjartsýnni nú en áður. Ólafur Stefánsson getur orðið Evrópumeistari í annað sinn.**

**HANDBOLTI** Spænsku stórliðin Ciudad Real, sem Ólafur Stefáns-son leikur með, og Portland San Antonio mætast í Pamplona í dag í fyrri úrslitaviðureign liðanna í meistaradeildinni. Seinni leikur-inn fer síðan fram í Ciudad að viku liðinni. Ólafur Stefánsson á mögu-leika á að verða Evrópumeistari öðru sinni en hann vann þessa keppni með Magdeburg árið 2002 þegar Alfreð Gíslason þjálfaði þýska liðið.

Sá leikmaður sem eflaust vill vinna keppnina mest allra er mað-urinn sem spilar í horninu við hlið-ina á Ólafi, Mirza Dzomba. Þessi magnaði króatíski hornamaður hefur komist í úrslit keppninnar oftar en flestir aðrir, eða fimm sinnum, en hann hefur alltaf tapað í úrslitunum. Fyrstu þrjú töpin komu þegar hann lék með Zagreb leiktíðirnar 96/97, 97/98, 98/99 en í öll skiptin tapaði liðið fyrir Barcel-ona. Dzomba var síðan í liði Fotex Veszprem sem tapaði fyrir Ólafi og félögum í Magdeburg árið 2002 og að lokum var hann í liði Ciudad sem varð að lúta í lægra haldi gegn Barcelona í fyrra.

„Ég vona að þetta gangi upp í ár en mig er búið að dreyma um það lengi að sigra í þessari keppni. Þetta hlýtur að koma hjá mér í sjöttu tilraun. Ég get hreinlega ekki tapað öðrum úrslitaleik,“ sagði Dzomba sem hefur margoft lýst því yfir að Ólafur sé besti leikmaður sem hann hefur spilað með og þarf það ekki að koma á óvart þar sem Ólafur hefur ósjald-an opnað fyrir hann hornið.



**ÞAÐ VAR LAGIÐ** Serbneski markvörðurinn Arpad Sterbik fagnar hér einum af mörgum sigrum Ciudad í vetur með Mirza Dzomba og félögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dzomba er mjög farsæll leik-maður og hefur unnið HM og ólympíuleikana með króatíska landsliðinu og nú vill hann fá stór-an titil með Ciudad.

„Af öllum þessum ósigrum var tapið gegn Barcelona í fyrra sárast. Við vorum betra liðið en það var margt á móti okkur í þeim leikjum og þar á meðal dómararn-ir. Nú er ég samt viss um að okkar tími sé kominn og ég er verulega jákvæður fyrir leikinn,“ sagði Dzomba.

Leikurinn verður sýndur beint á Sýn Extra. henry@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Verður líklega rúmliggjandi á meðan bikarleikurinn fer fram í dag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Eiður Smári Guðjohnsen:

# Veikur og spilar ekki í dag

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki með Chelsea í bikarleiknum gegn Liverpool í dag vegna veik-inda. Að því er enskir fjölmiðlar greina frá glímir Eiður Smári við óþekktan sjúkdóm sem hefur verið að plaga hann í nokkurn tíma. Ekki var greint nánar frá eðli veikindanna en þó er ekki búist við því að þau séu alvarleg.

Að öðru leyti getur Jose Mour-inho úr fullum leikmannahópi að velja og hefur tékkneski mark-vörðurinn Petr Cech lýst því yfir að hann sé klár í slaginn þrátt fyrir að hafa þurft að fá 10 spor í hnéð eftir að hafa lent í samstuði við William Gallas um síðustu helgi.

Steven Gerrard snýr aftur í lið Liverpool í leiknum en hann var hvíldur í leiknum gegn Blackburn um síðustu helgi vegna smávægi-legra meiðsla í nára. - vig



# Sigur gegn HK fer langt með að tryggja Fram Íslandsmeistaratitilinn

Framarar munu standa með pálmann í höndunum í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta ef þeir sigra HK í Digranesinu í dag. Þá fer fram næst síðasta umferðin í DHL-deildinni en HK þarf á sigri að halda til að tryggja sæti í efstu deild á næstu leiktíð. Haukar vona að Framarar misstígi sig.

**HANDBOLTI** Mikil spenna ríkir fyrir næstsíðustu umferðina í DHL-deild karla sem fram fer í dag með sex leikjum sem allir hefjast á sama tíma, eða kl. 16.15. Fram og Haukar bítast um sjálfan Íslandsmeistaratitilinn og eiga bæði lið erfiða leiki fyrir höndum í dag, gegn HK og Aftureldingu - tveimur af þeim fimm liðum sem eiga ennþá möguleika á að tryggja sér sæti í úrvalsdeild á næsta ári.

HK stendur best að vígi af þeim liðum, er með 24 stig í 6. sæti, en það lið sem er í sýnu verstu stöðunni er Afturelding með 20 stig í 10. sæti. HK á einnig mjög erfiðan leik í síðustu umferðinni gegn Fylki en fari svo að liðið tapi báðum leikjunum þarf það að treysta á að FH, KA eða ÍR misstígi sig í síðustu umferðunum. Afturelding gæti náð úrvalsdeildarsæti en þarf til þess að vinna báða sína leiki og treysta á að öll hin fjögur liðin tapi stigum í síðustu umferðunum. Ljóst er þó að það mun ekki ráðast fyrr en í síðustu umferðinni hvaða þrjú lið af þessum fimm munu verða í úrvalsdeildinni á næstu leiktíð og hvaða tvö lið þurfa að sætta sig við að falla.

HK verður líklega án tveggja lykilmanna gegn Fram, en sá leikur mun ráða miklu um úrslit deildarinnar. Fari svo að Fram vinni leikinn má segja að Safamýrarpiltar séu komnir með níu fingur á titilinn, en Fram mætir Víkingi/Fjölni í síðustu umferðinni og ef marka má spilamennsku liðana í vetur verður að teljast harla ólíklegt að það nái að stela stigum af toppliði Fram.



**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON** Það voru ekki margir sem bjuggust við því að landsliðsþjálfarinn fyrrverandi næði að búa meistaraefni úr þeim hópi sem til staðar var í Safamýrinni en nú eru Framarar með örlögin í eigin höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Skyttan öfluga Remigijus Cepulis er frá vegna meiðsla og Romualdas Gecas er í banni. Þá á hinn öflugi Valdimar Þórsson ennþá við meiðsli að stríða í olnboga og verður líklega ekki með, en hann átti stórleik í viðureign liðanna í desember og skoraði þá 12 mörk í naumum 28-27 sigri Fram. „Maður þekkir þá nokkra þarna og leiðina fram hjá þeim," sagði Valdimar við Fréttablaðið í gær og glotti en hann lék einmitt með Fram áður en hann hélt í herbúðir HK. „Það er leiðinlegt að geta væntanlega ekki spilað með en ég hef fulla trú á því að við getum velgt Fram undir uggum. Við verðum helst að vinna því við getum ekki treyst á að ÍR tapi tveimur leikjum," segir Valdimar og bætti við: „Ég hef fulla trú á að við verðum í efstu deild á næstu leiktíð."

Andri Stefan, leikmaður Hauka, segir að þar á bæ séu menn staðráðnir í að vinna þá tvo leiki sem eftir eru, gegn Aftureldingu í dag og síðan gegn erkifjendunum í FH um næstu helgi. „Við erum í þeirri stöðu að þurfa að treysta á aðra sem er náttúrulega aldrei nein draumastaða. Það eina sem við getum gert er að vinna okkar leiki og vona að Framarar misstígi sig," sagði hann.

Andri vill ekki meina að úrslitin verði ráðin þó að Fram vinni HK á morgun. „Við rétt mörðum Víking/Fjölni í fyrri leiknum okkar í vetur. Svo bætist pressan ofan á það þannig að það má alls ekki afskrifa Víking/Fjölni. Það getur allt gerst ennþá."

vignir@frettabladid.is

**LEIKIRNIR SEM EFTIR ERU:**

*Laugardagur 22. apríl*

| | |
|---|---|
| ÍR-Fylkir | Austurberg |
| Stjarnan-FH | Ásgarður |
| HK-Fram | Digranes |
| Haukar-Afturelding | Ásvellir |
| Þór Ak.-Valur | Höllin, Akureyri |
| Vík/Fjö-FH | Víkin |

*Laugardagur 29. apríl*

| | |
|---|---|
| Fram-Vík/Fjö | Safamýri |
| Fylkir-HK | Fylkishöllin |
| Valur-ÍR | Laugardalshöll |
| FH-Haukar | Kaplakriki |
| KA-Selfoss | KA-heimilið |
| Afturelding-Selfoss | Varmá |
| ÍBV-Þór Ak. | Vestmannaeyjar |

**STAÐAN Í DHL-DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FRAM | 24 | 18 | 3 | 3 | 715-629 | 39 |
| **2. HAUKAR** | **24** | **19** | **1** | **4** | **737-652** | **39** |
| 3. VALUR | 24 | 16 | 2 | 6 | 718-657 | 34 |
| **4. FYLKIR** | **24** | **15** | **2** | **7** | **676-599** | **32** |
| 5. STJARNAN | 24 | 13 | 4 | 7 | 695-665 | 30 |
| **6. HK** | **24** | **11** | **2** | **11** | **689-674** | **24** |
| 7. FH | 24 | 10 | 3 | 11 | 666-670 | 23 |
| **8. KA** | **24** | **10** | **3** | **11** | **668-675** | **23** |
| 9. ÍR | 24 | 9 | 4 | 11 | 750-750 | 22 |
| **10. AFTURELD.** | **24** | **8** | **4** | **12** | **615-633** | **20** |
| 11. ÍBV | 24 | 8 | 2 | 14 | 685-739 | 18 |
| **12. ÞÓR AK.** | **24** | **4** | **5** | **15** | **669-736** | **13** |
| 13. VÍK/FJÖ | 24 | 5 | 1 | 18 | 648-738 | 11 |
| **14. SELFOSS** | **24** | **3** | **2** | **19** | **639-753** | **8** |



**STEVEN GERRARD** Er orðinn þreyttur á sögusögnum um að hann sé að fara frá Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Steven Gerrard:

## Vil alls ekki fara héðan

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, hefur engan áhuga á því að fara til Real Madrid, né nokkurs annars félags. Benito Floro, yfirmaður knattspyrnumála hjá Real, lýsti því yfir í vikunni að félagið hefði áhuga á því að klófesta miðjumanninn magnaða.

„Ég er mjög sáttur og líður vel hjá Liverpool. Ég ætla að vera hérna áfram, alveg þangað til einhver hjá klúbbnum segi mér að þeir vilji mig ekki lengur. Ég ætla ekki að fara í gegnum allt þetta rugl aftur, ég vil ekki eyða þessu sumri eins og síðustu tveimur," sagði Gerrard sem hefur í tvígang verið nálægt því að fara til Chelsea.

Rafael Benítez hafði áður þvertekið fyrir að Gerrard færi frá Evrópumeisturunum. „Staðan er mjög skýr. Steven Gerrard er ekki til sölu," sagði Benítez og var ekkert að flækja hlutina. - hþh

Danny Severino:

## Semur við Keflvíkinga

**FÓTBOLTI** Keflavíkingar hafa gert tveggja ára samning við ástralska sóknarmanninn Danny Severino. Hann er til reynslu hjá liðinu fyrir tilstilli vinar síns Buddy Farah sem einnig hefur skrifað undir hjá Keflavík. Severino lék í Ástralíu áður en hann fór til Keflvíkinga en hann lék áður meðal annars með Millwall og Piacenza.

Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði við Fréttablaðið í gær að þar með væri sumarinnkaupum Keflvíkinga lokið en þeir hafa fengið til sín menn á borð við Geoff Miles, Stefán Örn Arnarson, Þórarinn Brynjar Kristjánsson og Magnús Sverri Þorsteinsson auk Farah og Severino. - hþh

Hörður Sveinsson búinn að semja við Silkeborg til ársins 2009:

## Hlýt að bæta minn leik á næstu árum

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson hefur gengið frá samningi við danska úrvalsdeildarfélagið Silkeborg til ársins 2009. Þrátt fyrir það er ekki búið að ganga frá kaupum á Herði en hann er í láni hjá félaginu frá Keflavík. Silkeborg hefur aftur á móti forkaupsrétt á honum og var búið að ákveða kaupverð um leið og hann fór utan. Keflavík hefur því ekki getað hækkað verðmiðann þó Herði hafi gengið vel.

„Við erum samt sáttir við það sem við fáum þó við viljum ekki gefa upp hvað það er mikið," sagði Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, en hann hefur ekkert heyrt frá forráðamönnum Silkeborg. Þar sem þeir hafa samið við Hörð á hann ekki von á öðru en að það verði skylduverk að klára söluna.

„Ég er nokkuð sáttur við minn samning en ég er ekki að verða ríkur maður," sagði Hörður kátur með niðurstöðu mála í gær en hann fær örlitla kauphækkun ef að líkum lætur. „Það er gott að vera búinn að tryggja fótboltaframtíðina og þetta er flottur klúbbur, liðið ungt og ég hlýt að bæta minn leik hér á næstu árum. Það hefur verið svolítið erfitt að fylgja eftir flugstartinu sem ég fékk í fyrstu leikjum mínum með liðinu en þrátt fyrir markaleysi upp á síðkastið er ég að spila ágætlega og það er ekki bara ég sem er ekki að skora heldur allt liðið," sagði Hörður. - hbg



**ÁFRAM Í DANMÖRKU** Hörður Sveinsson búinn að semja fram á sumar 2009.





HVER VILL FARA Í DAUTT PARTÍ?

UMFERÐARSTOFA




John Terry var látinn stjórna æfingu hjá Chelsea í stað stjórans Jose Mourinho:

# Vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið

**FÓTBOLTI** John Terry varð gríðarlega hissa þegar Jose Mourinho bað hann um að stjórna æfingu hjá Englandsmeisturunum nýverið. Mourinho var alls ekki sáttur með gengi liðsins en Chelsea hafði gert tvö jafntefli í vikunni, það var portúgalinn ekki sáttur með, og greip til þess ráðs að láta Terry stýra einni æfingu.

„Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið þegar hann bað mig um að taka við æfingunni daginn eftir. Ég var virkilega stressaður og eyddi öllu kvöldinu í að undirbúa mig fyrir þetta. Ég var á nálum yfir því að strákunum líkaði ekki það sem ég bauð uppá og ég ráðfæði mig meira að segja við nokkra stráka í liðinu. Ég setti bara upp nokkrar stöðvar áður en við spiluðum mót þar sem sjö voru í liði, ég dró í liðin,“ sagði Terry sem leysti verkefnið síðan af með sóma.



**Á ÆFINGU** John Terry hefur fengið smjörþefinn af því hvernig er að vera þjálfari. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Ég hef ekki hugmynd um af hverju hann bað mig um að gera þetta. Við höfðum gert tvö jafntefli og við reyndum að gera hvað við gátum til að efla liðsandann. Þessi æfing var hluti af því og hún hjálpaði virkilega til. Að bera svona mikla ábyrgð á herðum sér tók virkilega á taugarnar en ég lærði mjög mikið,“ sagði fyrirliðinn. **- hþh**

# Ætlum að vera við toppinn

**Bárður Eyþórsson var í gær ráðinn þjálfari ÍR í körfubolta og skrifaði hann undir fjögurra ára samning. Bárður kveður Stykkishólminn með söknuði en telur þetta vera réttan tímapunkt til að söðla um.**

**KÖRFUBOLTI** Bárður Eyþórsson, sem þjálfað hefur lið Snæfells með mjög góðum árangri síðustu fimm ár, hefur samið við ÍR um að taka að sér þjálfun liðsins. Bárður skrifaði formlega undir fjögurra ára samning í gær en eins og Fréttablaðið greindi frá í upphafi vikunnar hefur hann átt í viðræðum við félagið í nokkurn tíma.

Jón Örn Guðmundsson, varaformaður körfuknattleiksdeildar ÍR, sagði við undirskriftina í gær að ÍR-ingar væntu mikils af Bárði og að hans hlutverk væri að færa liðið í „áður óþekktar hæðir.“

Bárður sagði við Fréttablaðið í gær að honum litist mjög vel á leikmannahópinn sem er til staðar hjá ÍR, en allir leikmenn liðsins hafa lýst því yfir að þeir verði áfram í herbúðum liðsins á næstu leiktíð. „Þetta eru mjög góðir einstaklingar en það hefur kannski vantað svolítið upp á stöðugleikann. Vonandi get ég fært þeim hann,“ sagði Bárður og bætti því við að markmiðið væri að koma ÍR í hóp bestu liða landsins.

„Ég geri mér grein fyrir því að þetta er langur samningur en ég tel að þetta sé sá tími sem þarf til að byggja upp gott lið. Langtímamarkmiðið er að koma ÍR í toppbaráttuna en það gerist ekki á einu ári. Takmarkið á næsta ári verður að bæta árangurinn frá því á þessu tímabili en auðvitað ætlum við að verða við toppinn þegar fram í sækir. Þar viljum við vera eins og allir aðrir.“

Aðspurður sagði Bárður enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort sóttur verði frekari liðsstyrkur fyrir næstu leiktíð. Ingvaldur Magni Hafsteinsson, fyrrum lærisveinn Bárðar hjá Snæfelli, er sem kunnugt er að skoða sín mál og þá er ljóst að landsliðsmaðurinn Sigurður Þorvaldsson er á heimleið eftir árs langa dvöl sem atvinnumaður í Hollandi. „Það er ekkert farið að skoða þessi mál. Þetta eru vissulega tveir mjög góðir leikmenn en ég hef ekkert rætt við þá. Þetta verður bara að fá að koma í ljós.“



**NÝJIR TÍMAR** Bárður Eyþórsson fær það hlutverk hjá ÍR að gera liðið að samkeppnishæfu toppliði. Bárður skrifaði undir fjögurra ára samning við ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bárður segir að það séu blendnar tilfinningar sem fylgi því að yfirgefa Stykkishólminn en þar er hann fæddur og uppalinn ásamt því að hann hefur þjálfað lið Snæfells síðustu fimm ár. „Þetta var mjög skemmtilegur tími. Ég tók við Snæfelli þegar liðið var í 1. deild og tel að ég skili því ágætlega frá mér. En það var komin tími til að breyta til.“ **vignir@frettabladid.is**

Barcelona getur tryggt sér spænska titilinn annað árið í röð um helgina:

# Viljum verða meistarar sem fyrst

**FÓTBOLTI** Með sigri gegn Sevilla á sunnudagskvöldið, og ef Valencia ná ekki að leggja Athletic Bilbao að velli fyrr um daginn, tryggja Katalónarnir í Barcelona sér La Liga meistaratitilinn. Þar sem stórleikur er framundan gegn AC Milan á miðvikudagskvöldið er líklegt að Frank Rijkaard ákveði að hvíla lykilleikmenn sína fyrir átökin í Meistaradeildinni. Barcelona er ellefu stigum á undan Valencia þegar fimm umferðir eru eftir.

„Við viljum tryggja okkur meistaratitilinn sem fyrst. Þar sem við fáum tækifæri til þess núna um helgina, af hverju ættum við ekki að nýta okkur það? Hvað varðar að vera hvíldur, þá verð ég bara enn þreyttari fyrir vikið. Mér líður bara ekki rétt ef ég er ekki að spila þegar ég get það,“ sagði kamerúninn Samuel Eto´o. Hann er lang markahæsti leikmaður deildarinnar með 24 mörk en næstur honum er David Villa hjá Valencia með 19.



**SAMUEL ETO´O** Vonast til þess að Barcelona nái að tryggja sér titilinn á Spáni sem fyrst. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Barcelona hefur ellefu stiga forystu á Valencia þegar aðeins fimm umferðir eru eftir að deildarkeppninni. Það ætti því aðeins að vera formsatriði fyrir Börsunga að klára titilinn en spilamennska þeirra hefur verið með besta móti á tímabilinu. **- hþh**



**KVEÐJAN FRÆGA** Líklegt er að Shearer hafi fagnað í síðasta sinn sem leikmaður.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Goðsögnin Alan Shearer:

# Ferilinn á enda

**FÓTBOLTI** Hinn 35 ára gamli Alan Shearer tilkynnti það fyrr á tímabilinu að þetta yrði hans síðasta sem leikmaður. Þessi knattspyrnugoðsögn á Englandi hefur skorað 206 mörk í 404 leikjum fyrir Newscastle síðan hann gekk til liðs við félagið frá Blackburn fyrir fimmtán milljónir punda árið 1996. Alls hefur hann skorað 379 mörk í 733 leikjum á glæstum ferli fyrir Southampton, Blackburn og Newcastle. Auk þess skoraði hann 30 mörk í 63 landsleikjum fyrir Englands hönd.

Shearer meiddist í 4-1 sigurleiknum gegn Sunderland og sýndu upphaflegar rannsóknir að meiðslin væri nokkuð alvarleg, sem gætu haldið honum frá keppni í átta til tólf vikur.

„Það er ekkert að því að vera jákvæður. Ég get ekkert gert sjálfur vegna meiðslanna en að vera jákvæður hjálpar mér bara í því að ná mér. Það er kannski ekki sannað læknisfræðilega, en að vera jákvæður og bjartsýnn gerir mikið fyrir andlega ástandið,“ sagði Shearer. - hþh

NBA úrslitakeppnin:

# Veisla í sjónvarpinu

**KÖRFUBOLTI** NBA-úrslitakeppnin hefst annað kvöld og er óhætt að segja að NBA-þyrstir Íslendingar muni fá eitthvað fyrir sinn snúð í sjónvarpinu.

Sjónvarpsstöðin NBA TV, sem er á Digital Ísland, mun gera úrslitakeppninni einstaklega góð skil og verður sýndur leikur nánast á hverju kvöldi allt fram að sjálfum úrslitunum.

Sýn mun einnig sýna fleiri leiki en áður og úrslitin sjálf verða síðan eingöngu á Sýn. Það er því sannkölluð NBA-veisla fram undan í sjónvarpinu sem enginn körfuknattleiksunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.







## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„People are frightened by what they don't understand."**

**Svar:** John Merrick úr The Elephant Man frá 1980.

# dagskrá

## Í TÆKINU RALPH FIENNES LEIKUR Í THE END OF THE AFFAIR Í SJÓNVARPINU KL. 22.55

# Eini Hamlet-inn sem hefur fengið Tony-verðlaun

Ralph Nathaniel Fiennes fæddist í Suffolk í Englandi árið 1962. Gaman er að geta þess að nafn hans er borið fram „Reif" en ekki „Ralf". Ralph er elstur sex systkina en foreldrar þeirra voru Mark Fiennes, ljósmyndari, og Jennifer Lash, rithöfundur. Þekktast hinna systkinanna er án efa Joseph Fiennes sem líkt og Ralph hefur getið sér gott orð á hvíta tjaldinu, í myndum á borð við Shakespeare in Love og Enemy at the Gates. Systir þeirra, Martha, hefur einnig unnið í kvikmyndabransanum, en hún hefur leikstýrt nokkrum myndum og þar á meðal myndinni Onegin sem Ralph lék aðalhlutverkið í.

Fjölskyldan bjó mestan hluta æsku systkinanna á Írlandi en seinna fluttist Ralph til Englands þar sem hann lauk námi. Ralph var fljótur að feta sig inn á leiklistarbrautina og árið 1988 gekk hann til liðs við hið konunglega Shakespeare-leikhús. Er Ralph meðal annars eini leikarinn í sögunni sem hlotið hefur Tony-verðlaunin fyrir túlkun sína á Hamlet.



Hans fyrsta hltuverk í kvikmynd fékk Ralph árið 1993 og það sama ár náði leikferill hans nýjum hæðum þegar hann lék eina illkvittnustu persónu kvikmyndasögunnar í mynd Stevens Spielberg, Schindler's List. Fyrir leik sinn í þeirri mynd hlaut Ralph tilnefningu til óskarsverðlaunanna en hlaut þau hins vegar ekki. Sömu sögu var að segja árið 1997 þegar hann var aftur tilnefndur fyrir leik sinn í myndinni The English Patient. Upp frá því hefur vegur Ralphs vaxið, en nýlega fékk Ralph mikið lof fyrir leik sinn í myndinni The Constant Gardener.

Þrjár bestu myndir Ralph Fiennes: Schindler's List - 1993, Quiz Show (1994), The English Patient (1996).



▶ 22.55 *Drama*

THE END OF THE AFFAIR



▶ 21.30 *Rómantík*

BRIDE & PREJUDICE



▶ 19.00 *Gaman*

FRIENDS



▶ 20.25 *Drama*

FAMILY AFFAIR



▶ 15.50 *Enski Bikarinn*

CHELSEA-LIVERPOOL

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (51:52) **8.08** Bú! (11:26) **8.19** Lubbi læknir (8:52) **8.32** Arthúr (106:115) **8.59** Sigga ligga lá (8:52) **9.13** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar (33:40) **9.35** Gló magnaða (47:52) **10.15** Stundin okkar **10.50** Matarveislan mikla 2006 **11.50** Formúla 1

**13.00** Kastljós **13.25** Hundakúnstir **14.55** Eiginkona Einsteins **15.50** Íþróttakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (48:51) **18.25** Kokkar á ferð og flugi (1:8)

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (1:4)** Norræn þáttaröð þar sem kynnt eru lögin sem keppa í Aþenu 18. og 20. maí.
**20.45 Spaugstofan**
**21.10 Allt að verða vitlaust** (Bringing Down The House)
▶ **22.55 Leiðarlok** (The End of the Affair) Bresk bíómynd frá 1999 byggð á sögu eftir Graham Greene. Rithöfundur hittir á götu í London mann kærustu sinnar fyrrverandi sem sagði honum upp tveimur árum áður. Meðal leikenda eru Ralph Fiennes, Stephen Rhea og Julianne Moore. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.35** Allt eða ekkert **2.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Engie Benjy, Kærleiksbirnirnir, William's Wish Wellingtons, Myrkfælnu draugarnir, Tiny Toons, Animaniacs, Barney, Með afa, Leðurblökumaðurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar) **10.35** Hildegarde

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.25** Life Begins (1:8) **14.15** Nálægð við náttúruna **15.10** Kidnapped (3:3) **16.05** Meistarinn (17:21) (e) **17.05** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 George Lopez (16:24)**
**19.35 Oliver Beene (1:14) (e)** Bernskubrek Olivers Beene koma öllum í gott skap.
**20.00 Bestu Strákarnir**
**20.25 Það var lagið**
▶ **21.30 Bride & Prejudice** (Brúður og hleypidómar) Bollywood-útgáfa af hinni sígildu ástarsögu eftir Jane Austen, gerð af Gurinder Chadha, hinni sömu og gerði Bend it Like Beckham. Litrík og skemmtileg mynd, uppfull af söngvum og dönsum í hinum eina sanna Bollywood-stíl. Aðalhlutverk: Martin Henderson, Aishwarya Rai, Nadira Babbar. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.20** D.C. Sniper: 23 Days of Fear (Str. b. börnum) **0.45** The Martins **2.10** Dead Simple (Str. b. börnum) **3.45** Killing Me Softly (Str. b. börnum) **5.20** George Lopez (16:24) **5.45** Fréttir Stöðvar 2 **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**18.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **19.00 Friends (11:24) (e)**
**19.30 Friends (12:24) (e)**
**20.00 „Bak við böndin"** Tónlistarþátturinn „Bak við böndin" mun taka púlsinn á því besta sem er að gerast í íslenskri jaðartónlist.
**20.30 Sirkus RVK (e)**
**20.55 Þrándur bloggar**
**21.00 American Idol (28:41) (e)**
**21.50 American Idol (29:41) (e)**
**22.20 Supernatural (10:22) (e)** (Asylum) Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður sínum að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Bönnuð börnum.

**23.05** Extra Time – Footballers' Wive **23.30** Bikinimódel Íslands 2006 **0.00** Þrándur bloggar **0.05** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **16.00** Dr. 90210 (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

**18.35 Sigtið (e)**
**19.00 Family Guy (e)**
**19.30 The Office (e)**
**20.00 All of Us** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
▶ **20.25 Family Affair – lokaþáttur**
**20.50 The Drew Carey Show**
**21.10 Dr. 90210**
**21.45 The Dead Zone** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið.
**22.30 Rockface** Frábærir breskir þættir sem segja frá hugrökku fólki sem hættir lífi sínu til að bjarga mannslífum í fjöllunum.

**23.30** Stargate SG-1 (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.05** Boston Legal (e) **1.55** Ripley's Believe it or not! (e) **2.40** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.40** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.10** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

**10.25** Súpersport 2006 **10.30** Ítölsku mörkin **11.00** Ensku mörkin **11.30** Spænsku mörkin

**12.00** Sænsku nördarnir **12.50** Ítalski boltinn (Juventus – Lazio) Bein útsending. **14.50** Gillette HM 2006 **15.20** Bikarupphitun ▶**15.50** Enska bikarkeppnin (Chelsea – Liverpool) Bein útsending. **18.15** Spænski boltinn (Real Madrid – Barcelona) Frá leik í nóvember.

**20.00 Íslandsmótið í hnefaleikum 2006**
**22.00 NBA deildin** (NBA Playoffs)(Úrslitakeppnin í NBA)Útsending frá NBA deildinni.

**0.00** Enska bikarkeppnin (Chelsea – Liverpool) Útsending frá fyrr í dag.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** My Boss's Daughter **10.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **12.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **14.00** My Boss's Daughter **16.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **18.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **20.00 American Wedding** (Bandarískt brúðkaup) Bönnuð börnum. **22.00 The Fan** (Aðdáandinn) Bönnuð börnum. **0.00** Mystic River (Stranglega bönnuð börnum) **2.15** Without Warning: Diagnosis Murder (Bönnuð börnum) **4.00** The Fan (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Most Starlicious Makeovers **13.00** 10 Ways **13.30** Gastineau Girls **14.00** Uncut **15.00** Beyonce Revealed **17.00** 10 Ways **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News Weekend **19.00** THS Investigates **21.00** Dr. 90210 **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** Dr. 90210 **2.00** Wild On Tara **2.30** Wild On Tara **3.00** Guilty **4.00** Guilty **5.00** 101 Most Starlicious Makeovers **6.00** Fashion Police

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**11.10** Upphitun (e) **11.40** Arsenal – Tottenham (b) **13.45** Á vellinum með Snorra Má **14.00** Blackburn – Chelsea (b) **16.00** Á vellinum með Snorra **16.15** Bolton – Charlton

**18.30 Everton – Birmingham** Leikur sem fram fór í dag.
**20.30 Newcastle – WBA** Leikur sem fram fór í dag.
**22.30 Portsmouth – Sunderland** Leikur sem fór fram í dag.
**0.30** Dagskrárlok



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Eurovision 2006** — **Sjónvarpið** Kl. 19.40

### *Sérfræðingar gefa sitt álit*



Hinn árlegi þáttur norrænu sjónvarpsstöðvanna þar sem fjallað er um komandi Eurovision-keppni hefur nú þegar skapað sér stóran sess meðal Eurovision áhugamanna. Hvert og eitt lag sem flutt er keppninni er tekið fyrir og gefa álistgjafar Norðurlandanna hverju lagi einkunn. Spáð er í spilin á fjörugan og skemmtilegan hátt og er þetta því góð upphitun fyrir alla Eurovision-sjúklinga. Eins og síðustu ár er álistgjafi Íslendinga enginn annar en rokkhundurinn Eiríkur Hauksson. Þetta er fyrsti þátturinn af fjórum og svo er bara að sjá hvort Silvía Nótt falli jafn vel í kramið á hinum Norðurlöndunum og hér heima.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 3 | | 2 | | 9 |
| | 9 | | | | 1 | 6 | 4 | |
| 5 | | | | | | | | |
| | | 1 | 3 | | | 4 | | |
| | | | 8 | | 7 | | | |
| | | 6 | | | 4 | 5 | | |
| | | | | | | | | 1 |
| | 1 | 5 | 7 | | | | 8 | |
| 7 | | 9 | | 6 | | 3 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 7 | 4 | 3 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 8 | 9 |
| 3 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 3 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 |



▶ 12.25 *Umræða*

SKAFTAHLÍÐIN

### NFS

**10.00** Fréttir **10.05** Helgin – með Eiríki Jónssyni **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða

▶ **12.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir **14.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** Panorama 2006 **17.05** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **17.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **18.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

**19.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.

**19.45** **Helgin – með Eiríki Jónssyni**

**20.35** **Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss**

**21.25** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.

**22.00** **Veðurfréttir og íþróttir**

**22.30** **Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin **9.10** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Perlur Tékklands **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Lagt upp í ferð **15.00** Til í allt **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Kringum kvöldið **19.30** Stefnumót **20.15** Huldumaður á Vestfjörðum **22.15** Flakk **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*... fær Matthías Matthíasson sem æfir box af miklu kappi 81 árs að aldri.*

## NÚNA

Grill eru ómissandi núna þegar tekið er að vora. Pússið vetrarryðið af því gamla, það er bara rugl að kaupa nýtt.



Færeyjar eru flott land. Skellið ykkur þangað í sumarfríinu og hitið upp fyrir ferðalagið á færeysku tónlistarhátíðinni á Nasa í kvöld.



Fjölskyldusamkomur eru þó nokkrar í kringum páskana. Fyrst menn eru komnir í gírinn þá er um að gera að halda áfram að hafa samband við stórfjölskylduna og bjóða liðinu í kaffi, án þess að að nokkur sé að fermast.



## BÚIÐ



Skíðin mega fara í geymsluna. Þó að einhver skíðasvæði séu enn opin þá er hugurinn löngu kominn úr skíðagallanum.




Rauður Ópal er ekki lengur málið á barnum. Prófið frekar bláan Ópal eða íslenska eplasnafsinn, Eden.



SMS-skeyti eru óþolandi. Þau gera ekkert nema valda misskilningi manna á milli. Í guðs bænum talið saman.



**LÁRÉTT** **2** jarðvegsójafna **6** samtök **8** efni **9** þakbrún **11** tveir eins **12** rými **14** svalla **16** borðaði **17** kopar **18** smátt lausagrjót **20** grískur bókstafur **21** tigna.

**LÓÐRÉTT** **1** viðskipti **3** utan **4** flutningaskip **5** drulla **7** orkuver **10** horfðu á **13** gerast **15** einsöngur í óperu **16** tunna **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** þúfa, **6** aa, **8** tau, **9** ufs, **11** rr, **12** pláss, **14** sukka, **16** át, **17** eir, **18** möl, **20** pí, **21** aðla.
**LÓÐRÉTT:** **1** kaup, **3** út, **4** farskip, **5** aur, **7** aflstöð, **10** sáu, **13** ske, **15** aría, **16** áma, **19** ll.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8

1. Árið 873.
2. Ásgeir Hannes Eiríksson.
3. Teitur Þórðarson.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

INDRIÐI LOKAR Í REYKJAVÍK OG FLYTUR TIL KÖBEN

# Boðar persónulega þjónustu fyrir danska karla

„Þetta verður verslunarmiðstöð með tveimur akkerisverslunum,“ segir Indriði brosandi þegar hann sýnir blaðamanni Fréttablaðsins húsakynni tilvonandi verslunar sinnar í miðbæ Kaupmannahafnar, en eins og hefur komið fram í blaðinu mun hann opna verslun við Fiolstræde 7 í næsta mánuði í samkrulli við hljómplötuverslunina 12 Tóna.

Indriði segir búðina vera skref í þá átt að koma vörum sínum á framfæri á Skandinavíu. „Það er auðveldara að vera með búð hér og heildverslun en það er heima enda líklegra að kaupmenn komi hingað til að skoða vörurnar en til Reykjavíkur.“ Hann segir fyrsta skrefið að koma vörunum að í fleiri verslunum í Kaupmannahöfn og svo til annarra borga í Skandinavíu, en nú þegar eru föt Indriða fáanleg í stórverslun Normann Copenhagen í borginni.

Indriði hefur kynnt sér danska markaðinn og segist eiga fullt erindi inn á hann. Hér séu menn sem langar í fullorðinslegar og vel hannaðar flíkur en tími ekki eða þori ekki inn í Armani-verslun. „Eins eru allir komnir með upp í kok af þessari McDonaldsvæðingu í einu og öllu. Tími litlu verslananna sem veita persónulega þjónustu er kominn,“ bætir hann við kokhraustur.

„Mig hefur langað til að stækka við mig og hef litið á Norðurlönd sem minn heimamarkað og þar sem ég hef verið að vinna með fólki hér í Danmörku er opnun verslunarinnar rökrétt framhald.“ Hann segir hins vegar mikilvægt að menn sanni sig á Íslandi áður en þeir halda út, því ef enginn vilji kaupa vöruna heima þá sé lítill séns í útlöndum.




**SKRADDARI Í MÁLNINGARGALLANUM** Indriði gerir greinilega kröfur um snyrtilegan klæðnað við öll tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

Daglegt líf Indriða mun taka stakkaskiptum við opnun nýju verslunarinnar enda hyggst hann loka verslun sinni í Reykjavík og einbeita sér að framleiðslunni og sölu til annara verslana. Hann mun því ekki sjálfur standa við búðarborðið í nýju búðinni eins og hann hefur gert síðustu ár. Leit stendur því yfir um þessar mundir að dönskum afgreiðslumanni til að standa vaktina. Indriði segir að sá megi samt ekki líkjast sér á neinn hátt, enda myndi enginn ráða mann eins og hann til að selja föt. „Alla vega myndi ég ekki gera það,“ segir hann brosandi.

Það er engin ástæða fyrir íslenska viðskiptavini Indriða að örvænta þó verslunin á Skólavörðustíg loki því hér eftir verða fötin fáanleg í verslun GK við Laugaveginn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Dagur B. Eggertsson**, læknir og borgarstjóraefni Samfylkingarinnar, brá skjótt við þegar maður féll í yfirlið í messu í Háteigskirkju að morgni sumardagsins fyrsta. Dagur er vitaskuld með Hippókratesareiðinn á hreinu og rauk til og hlúði að manninum. Þetta er í annað sinn sem Dagur hleypur til þegar maður fellur í ómegin á almannafæri en hann var einnig réttur maður á réttum stað þegar skáti leið út af í steikjandi hita á Austurvelli á 17. júní. Það vill svo einkennilega til að skátarnir eru aldrei langt undan þegar Dagur fær tækifæri til þess að láta læknisljós sitt skína þar sem um skátamessu var að ræða í Háteigskirkju á fimmtudaginn. Sú hugmynd hefur því komið upp í kjölfarið að markaðssetja Dag sem „manninn sem bjargar skátunum“ enda vart hægt að hugsa sér göfugri merkimiða fyrir utan það að það má vera nokkuð ljóst að Dagur er eins og skátarnir, ávallt viðbúinn.



Mörður Árnason, alþingismaður, laut í lægra haldi á fimmtudaginn fyrir Erlingi Sigurðssyni, safnstjóra og fyrrverandi menntaskólakennara, í spurningaþættinum Meistarinn sem Logi Bergmann Eiðsson stjórnar á Stöð 2. Mörður gerir tapið upp á heimasíðu sinni og er nokkuð sáttur við málalok þar sem við ofurefli var að etja. „Hér var ekki við mann að eiga, sagði Helgi Ólafsson eftir að hafa teflt við Kasparov í fyrsta sinn, og tapað. Svipað hugsaði ég eftir viðureignina í Meistaranum við Erling Sigurðsson frá Grænavatni,“ segir Mörður og viðurkennir að Erlingur hafi reynst sér fremri á „flestum sviðum þessarar íþróttagreinar“. Mörður gengur þó sáttur frá borði. „Þetta var gaman samt, þessa tvo þætti, og mér finnst Meistarinn hafa tekist vel til hjá Loga og félögum,“ skrifar hann og bætir við að Erlingur hafi átt þetta skilið „en ég var ekki sérlega ánægður um kvöldið, hvorki með sjálfan mig né gang spurninganna“. - þþ



Dælulykill
Ekkert PIN • Meiri hraði
www.atlantsolia.is
☎ 591 3100




Lægra verð
AO ATLANTSOLÍA
hausverk / SÍA / 6290

# Kaffihús opnar í Eymundsson

Í sumar verður opnað kaffihús í bókaversluninni Eymundsson við Austurstræti. Hugmyndir hafa lengi verið uppi um slíkt en nú eru framkvæmdir loks hafnar. „Það hefur tekið sinn tíma að fá tilskilin leyfi en við áætlum að opna kaffihúsið í júní,“ segir Ingþór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs. Að hans sögn verður kaffihúsið á hæðinni þar sem íslenska bókadeildin er nú. Ein hæð verður byggð ofan á erlendu deildina með borðum og stólum og þannig getur fólk valið hvort það sest þar niður með kaffibollann og njóti útsýnisins frá Laugavegi og niður á Ingólfstorg eða tylli sér niður í þeim hluta hússins sem snýr út í bakgarðinn. Fleiri borð verða einnig á víð og dreif um verslunina þannig að sætin ætti ekki að skorta.

„Glerskáli verður byggður við bakhliðina og á góðviðrisdögum geta gestir einnig gengið út á þak þar sem boðið verður upp á sæti undir berum himni,“ segir Ingþór. Kaffihúsið verður að öðru leyti í anda erlendra bókakaffihúsa, aðaláherslan verður lögð á gott kaffi, létta rétti og einnig verður boðið upp á nettengingu. - snæ



**BLÖÐ, BÆKUR OG KAFFI** Eymundsson mun taka miklum breytingum á næstunni en þar verður opnað kaffihús með aðgengi út á útipall í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FAXE Á FERÐ OG FLUGI

Kipptu með þér FAXE ROYAL
í handhægri ferðatösku
í ferðalagið eða sumarbústaðinn




EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI FERÐAFÉLAGINN

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# *Íran*

Nú berast þær fregnir nánast á hverjum degi að Bandaríkjamenn séu farnir að íhuga möguleika á því að gera smá sprengjuárásir á Íran. Það er kannski eðlilegt að þeir séu farnir að spá í það, því ekki geta þeir endalaust sprengt bara í Írak í glötuðu stríði sem fáir nenna að hugsa um og allir eru komnir með leið á. Það þarf auðvitað að hleypa lífi í þessi stríðsmál. Fátt myndi selja betur vopn og auka þar með hagvöxt á Vesturlöndum en smá heimsstyrjöld, svo ekki sé talað um trúarbragðastyrjöld. Þær vara yfirleitt í talsvert lengri tíma auk þess sem ein slík hefur ekki verið háð af neinni alvöru um nokkurt skeið.

**MENN** bera það reyndar til baka að þeir ætli að nota kjarnorkusprengjur til þessa verkefnis, en með semingi þó. Auðvitað vita allir í þessum bransa að það er löngu kominn tími á eina stóra núna þegar meira en 60 ár eru liðin frá því einni slíkri var beitt. Núna fara sjálfsagt einhverjir almannatengslafulltrúar af stað og reyna að selja heimsbyggðinni betur þá pælingu að sprengja skuli með kjarnorku að þessu sinni. Eru ekki kjarnorkusprengjurnar orðnar svo ansi nettar nú til dags?

**SÉRFRÆÐINGAR** hafa verið kallaðir í viðtöl til þess að róa almenning. Fólk hefur einhverjar áhyggjur af svona styrjaldarbrölti, líklega vegna þess að það er búið að segja því að fuglaflensa kunni að brjótast út á sama tíma sem er vont mál. En sérfræðingarnir eru komnir með línuna: Þetta verða svokallaðar sértækar, afmarkaðar árásir. Ekkert til að hafa áhyggjur af. Þetta verður sem sagt ekki alhliða árás þar sem allir verða drepnir. Bara sumir. Hjúkk.

**ÞAÐ** er ágætt að vita að nú sé hægt að leysa svona alþjóðleg ágreiningsmál bara með því að sprengja samningsaðilann með sértækri, afmarkaðri kjarnorkusprengju. Önnur leið hefði verið sú að þróa búnað þar sem viðkomandi aðila er skotið upp í loftið þar sem hann situr við samningaborðið. Bara einn takki undir borðinu og sætið skýst upp í himingeiminn. Ég er skotnari í þeirri hugmynd.

**SJÁLFSAGT** fáum við að fylgjast með þessum aðgerðum í beinni og líklegt er að sjálfsmorðsárásirnar á Vesturlöndum sem fylgja munu í kjölfarið verði líka meira eða minna í beinni, eða jafnvel bara beint fyrir framan augun á manni sem yrði auðvitað alveg ný hugsun í raunveruleikasjónvarpi. Þessi tæknilegu atriði eiga sjálfsagt öll eftir að koma í ljós. Það sem veldur mér áhyggjum er hins vegar þetta: Í ljósi þess að stjórnarherrarnir hér á landi ákváðu það meira og minna einir að styðja heilshugar ákvörðun Bandaríkjamanna um að fara í síðasta stríð – sem var, tja, umdeild ákvörðun skulum við segja – munu þeir þá ekki alveg örugglega taka ákvörðun um það einir og sér að styðja þetta stríð líka? Ekki er það mögulega pælingin að við verðum spurð í þetta skiptið?

